

# ÁRSSKÝRSLA 2012

---



## ÁRSSKÝRSLA 2012

---

# EFNISYFIRLIT

06 LYKILTÖLUR

08 ÁVARP STJÓRNARFORMANNS

12 ÁVARP BANKASTJÓRA

18 HELSTU ATBURÐIR ÁRSINS

23 EFNAHAGSUMHVERFIÐ

34 STJÓRN OG STJÓRNARHÆTTIR

44 YFIRSTJÓRN

52 MANNAUÐUR

56 STEFNA OG FRAMTÍÐARSÝN

59 SAMFÉLAGSLEG ÁBYRGÐ


---

64	EIGNASTÝRINGARSVIÐ	78	DÓTTURFÉLÖG	96	FJÁRHAGSNIÐURSTÖÐUR
67	FJÁRFESTINGARBANKASVIÐ	84	EIGNAUMSÝSLUFÉLÖG	103	ÁRSREIKNINGUR
70	FYRIRTÆKJASVIÐ				
73	VIÐSKIPTABANKASVIÐ	88	ÁHÆTTUSTÝRING		
		92	FJÁRMÖGNUN OG LAUSAFJÁRSTAÐA		

# LYKILTÖLUR


## Rekstrartekjur

Milljarðar króna




## Hagnaður

Milljarðar króna




## Arðsemi eigin fjár




## Heildareignir

Milljarðar króna




## Eigið fé

Milljarðar króna



## Eiginfjárlutfall



# ÁVARP STJÓRNARFORMANNS

Bankar skipta máli. Þeir skipta ekki bara máli fyrir viðskiptavini, þá sem hjá þeim starfa og eigendur þeirra heldur skipta þeir samfélögin sem þeir starfa í og efnahagskerfi þeirra máli. Þeir eru ein af grunnstoðum samfélaga og forsenda hagvaxtar. Þeir skipta þjóðir máli og sjálfstæð bankakerfi eru hluti af sjálfstæði þjóða. Það er því ekki að ástæðulausu að mikil vinna hefur verið sett í það hér á landi að tryggja að hér starfi áfram öflugt bankakerfi. Sú vinna hefur skilað mikilvægum árangri. Á Íslandi starfa nú öflug fjármálafyrirtæki sem eru vel í stakk búin til að þjónusta viðskiptavini sína og taka þeim áskorunum sem fram undan eru.

Með því að vera milliliðir á markaði eru fjármálafyrirtæki mikilvæg forsenda fjárfestingar og uppbyggingar þeirra hagkerfa sem þeir eru hluti af. Bankar þjóða sparifjáreigendum og fjárfestum leiðir til að ávaxta sitt fé. Þeir leggja heimilum, fyrirtækjum, athafnafólki og opinberum aðilum til fjármagn í formi lánsfjár til að ráðast í fjárfestingar, stórar og smáar. Slíkar fjárfestingar eru forsenda hagvaxtar og uppbyggingar og því leyfi ég mér að segja að fjármálastofnanir séu meðal grunnstoða samfélaga. Það skiptir því miklu að á Íslandi hafi á undanförunum árum tekist vel til við uppbyggingu bankakerfisins, eins og Arion banki er gott dæmi um.

## HELSTU ÁSKORANIR

Mikið hefur áunnist en mikið verk er enn eftir, skiljanlega. Fyrir Arion banka og aðra íslenska banka er helsta áskorunin fólgin í gæðum eignasafna þeirra, og þá fyrst og fremst í gæðum lánasafnanna. Þegar verst lét á árunum 2009 og 2010, námu svokölluð vandræðalán, lán í vanskilum og niðurfærð lán, yfir 50% af lánasafni Arion banka. Mikið verk hefur verið unnið og nú nema þessi lán aðeins um 12,5% af lánasafni bankans, þar af eru lán í vanskilum 6%. Að baki er þrotlaus vinna starfsfólks bankans og viðskiptavina við að ná tökum á vandunum. Sé hins vegar miðað við það sem almennt gerist í nágrannalöndum, er algengt að þetta hlutfall sé í kringum 1-2%. Því má ljóst vera að við eigum enn dálítið í land en markmið okkar á árinu 2013 er að ná þessu hlutfalli nær 5%.

Hið jákvæða í þessu er, og þar liggur einnig munurinn á íslenskum bönkum og erlendum, að á Íslandi fer þetta hlutfall lækkandi en víðast annars staðar í heiminum fer það hækkandi og er í raun vaxandi vandamál víða um heim. En þessari miklu vinnu undanfarin ár við að fara í gegnum lánasófn bankanna fylgir einnig að nú er til staðar yfirgripsmikil þekking á raunverulegum gæðum lánasafnanna. Í dag ætti fátt að koma stjórnendum íslensku bankanna á óvart hvað það varðar. Mig grunar að sömu sögu sé ekki hægt að segja um fjölmarga erlenda banka þar sem vanskil eru vaxandi vandamál.



Monica Caneman,  
stjórnarformaður Arion banka



## ▶ ÁVARP STJÓRNARFORMANNS

En þessi staðreynd þýðir þó ekki að óvissu hafi verið eytt um lánasöfn bankanna. Enn ríkir óvissa vegna gengistryggðra lána. Sú staða sem kom upp í kjölfar dóma Hæstaréttar á síðasta ári varðandi ólögmati endurreiknings gengistryggðra lána sem framkvæmdur hafði verið í samræmi við ný lög frá Alþingi, var afar dheppileg. Verulega hefur dregið úr óvissunni en ekki eru öll kurl komin til grafar í þessum efnum og eiga dómstólar á Íslandi eftir að fella fleiri dóma í málum sem snerta lögmati gengistryggðra lána og hvernig skuli meðhöndla ólögmat lán. Því fyrir sem þessum kafla lýkur, þeim mun betra fyrir alla, bankana sjálfa og viðskiptavini sem eins og gefur að skilja vilja fá vissu í sín skuldamál.

### FJÁRHAGSLEGUR STYRKUR

Sterkt eiginfjárlutfall bankans hefur gert okkur kleift að takast á við óvænt áföll eins og fyrrnefnda dóma Hæstaréttar. Eiginfjárlutfall Arion banka í lok árs 2012 nam 24,3%. Í ljósi áframhaldandi óvissu teljum við rétt að bankinn haldi þessum fjárhagslega styrk sínum. En háar kröfur Fjármálaeftirlitsins (FME) um eiginfjárlutfall og lausafé og enn hærrí kröfur stjórnar og stjórnenda bankans hvað þessar kennitölur varðar, hafa reynst nauðsynlegar í uppbyggingu bankakerfisins hér á landi. Arion banki uppfyllir vel hertar kröfur FME um eiginfjárlutfall bankans. Svo lengi sem óvissuþættir eru til staðar í íslenska hagkerfinu er nauðsynlegt fyrir Arion banka að viðhalda þetta sterku eiginfjárlutfalli og það munum við gera.

### AÐ BYGGJA UPP EFTIRSÓKNARVERÐAN BANKA

Eignarhald Íslenskra banka hefur verið nokkuð í umræðunni hér á landi undanfarin misseri. Sú umræða er að mörgu leyti skiljanleg, þó hún hafi á köflum verið á villigötum. Núverandi eignarhald Arion banka er ekki endilega til lengri tíma. Íslenska ríkið sem á um 13% í Arion banka hefur lýst því yfir að það hyggist selja sinn hlut, enda eðlilegt að ríkið takmarki sín afskipti af fjármálaþjónustu, en umsvif þess í dag eru veruleg. Svo á þrotabú Kaupþings ehf., í gegnum dótturfélag sitt Kaupskil ehf., eftirstandandi 87%. Þar fer slitastjórn með stjórnartaumana fyrir hönd kröfuhafa í búið. Kaupskil ehf. skipar fimm af sex stjórnarmönnum Arion banka. Flestir þeirra eru óháðir, þ.e.a.s hafa engin tengsl við slitastjórnina eða kröfuhafa önnur en þau að hafa tekið að sér stjórnarsetu í bankanum sem fagaðilar. Kröfuhafar hafa þannig ekkert með daglegan rekstur Arion banka að gera.

Þó að þetta eignarhald sé ekki það ákjósanlegasta, er rétt að hafa í huga að það felur í sér að hag allra er best borgið með því að reka Arion banka með þeim hætti að hann verði eftirsóknarverður fyrir viðskiptavini, starfsfólk og framtíðareigendur. Það er einfaldlega verkefni okkar sem stýrum bankanum og störfum hjá honum. Það gerum við með ábyrgum og skilvirkum rekstri og með því að leggja grunn að ánægju viðskiptavina og starfsfólks. Þannig eru verðmæti sköpuð fyrir alla hlutaðeigandi.

## ▶ ÁVARP STJÓRNARFORMANNS

### EFNAHAGSLÍF Á BATAVEGI

Árangur undanfarinna ára hér á landi hvað varðar uppbyggingu efnahagslífs er um margt góður. En hjá því verður ekki litið að verkefni eru enn fjölmörg og skiptir miklu að vel takist til á komandi misserum. Reyndar var það svo í Svíþjóð að mörgum árum eftir efnahagskreppuna, sem skall á landinu á fyrstu árum tíunda áratugar síðustu aldar, voru enn úrlausnarverkefni henni tengd sem takast þurfti á við. Þetta tekur allt tíma. Helsta áskorunin nú í íslensku efnahagslífi eru gjaldeyrishöftin. Greiningardeild Arion banka kallaði þau á sínum tíma nauðsynlegt böf, og er margt til í því. Þau hafa vissulega gegnt mikilvægu hlutverki en því fyrr sem hægt verður að aflétta þeim, þeim mun betra fyrir þróun íslensks efnahagslífs. En það er ljóst að þetta er flókið og erfitt verk sem mun taka tíma.

Nýlega náðist hins vegar mikilvægur áfangi þegar Arion banki lauk við sitt fyrsta erlenda skuldabréfaútböð. Þrátt fyrir að útgáfan hafi ekki verið stór í sniðum var hún mikilvægur liður í að opna erlenda lánsfjármarkaði fyrir íslenskum bönkum og fjármálafyrirtækjum. Slíkur aðgangur er forsenda þess að hægt sé að afnema gjaldeyrishöftin.

Annað afar brýnt og nátengt úrlausnarefni er aukning fjárfestingar á Íslandi. Hvað varðar erlenda fjárfesta þá setja margir þeirra gjaldeyrishöftin, og þá pólitísku áhættu sem þeim fylgja, fyrir sig þegar horft er til Íslands sem fjárfestingarkosts. Hér á landi hefur einnig ríkt of mikil óvissa undanfarin ár á of mörgum sviðum. Sú ríkisstjórn sem setið hefur yfirstandandi kjörtímabil hefur náð góðum árangri á ýmsum sviðum og þá ekki síst hvað varðar fjárlagahallann. En hún hefur ekki staðið sig jafn vel við að skapa hér umhverfi sem fjárfestar hafa trú á. Óvissa hefur ríkt um framtíðarskipan lykilatvinnugreina og skattaumhverfið hefur tekið stöðugum breytingum. Þannig hefur vantað nauðsynlega festu og fyrirsjáanleika fyrir fjárfesta. Í slíku umhverfi vantroysta fjárfestar efnahagskerfinu og halda að sér höndum, jafnt innlendir sem erlendir. Þegar fjárfestingar eru í sögulegu lágmarki, þarf aukin tiltrú fjárfesta á efnahagslífið að vera forgangsverkefni íslenskra stjórnvalda.

Afleiðing þeirra aðstæðna í íslenska hagkerfinu sem lýst er hér að framan er ekki síst sú að umtalsverð hætta er á bóllumyndun í ákveðnum hlutum hagkerfisins á meðan skortur á fjárfestingu gerir vart við sig á öðrum sviðum. Gjald-eyrishöft og takmörkuð fjárfestingartækifæri leiða til þess að fjármagn flæðir í skráð verðbréf og fasteignir með þeim afleiðingum að bóllumyndun getur hæglega átt sér stað á þeim mörkuðum. Á sama tíma draga óvissa og vantroust úr nýfjárfestingum fyrirtækja og fæla frá erlenda fjárfesta. Að þessu er nauðsynlegt að huga. Mikilvægt er að eyða óvissuþáttum eins og frekast er unnt, skapa trúverðugleika á efnahagslífinu og fjölga fjárfestingartækifærum, meðal annars með því að fjölga fyrirtækjum skráðum á NASDAQ OMX Íslandi.

---

Nýlega náðist hins vegar mikilvægur áfangi þegar Arion banki lauk við sitt fyrsta erlenda skuldabréfaútböð. Þrátt fyrir að útgáfan hafi ekki verið stór í sniðum þá var hún mikilvægur liður í að opna erlenda lánsfjármarkaði fyrir íslenskum bönkum og fjármálafyrirtækjum.

## ▶ ÁVARP STJÓRNARFORMANNS

### ENGAR SÉRÍSLENSKAR TÖFRALOUSNIR

Ísland er hluti af Evrópska efnahagssvæðinu. Arion banki og aðrir íslenskir bankar eru í samkeppni við erlenda banka um viðskipti stórra íslenskra fyrirtækja. Þeir standa höllum fæti gagnvart erlendum fjármálastofnunum, m.a. vegna takmarkaðs aðgangs að gjaldeyri og erlendri fjármögnun. Þó við sjáum að markaðir séu að opnast og að skuldabréfaútgáfa Arion banka í Noregi hafi brotið ísinn, er enn nokkuð í land. Stór íslensk fyrirtæki þurfa að geta leitað til innlendra banka, traustra alhliða fjármálastofnana, varðandi sín mál, t.d. varðandi fjármögnun þeirra. Það er allra hagur að búa svo um að aðstöðumunur gagnvart erlendum bönkum sé sem minnstur. Í þessu sambandi er rétt að nefna að allar hugmyndir um séríslenskt regluverk varðandi fjármálastofnanir, t.d. varðandi aðskilnað fjárfestingar- og viðskiptabanka, eru varhugaverðar. Helstu rök þeirra sem vilja sjá aðskilnað hér á landi eru aukið öryggi fyrir innstæðueigendur. Mikið starf er unnið víða um heim varðandi stöðugleika fjármálakerfa og hvernig tryggja má að rekstur þeirra, eða rof þar á, falli ekki á innstæðueigendur og skattgreiðendur. Ísland er þar enginn eftirbátur. Meðal annars má nefna Basel III en þar er á ferðinni umfangsmikið alþjóðlegt regluverk sem hefur það markmið að auka stöðugleika í rekstri fjármálastofnana. Gerðar eru auknar kröfur, m.a. varðandi eiginfjárlutfall og nýjar kröfur um laust fé. Þetta regluverk verður innleitt á næstu árum. Fjármálastofnanir um allan heim vinna nú að því að laga starfsemi sína að þeim kröfum sem felast í Basel III. Mun nærtækara er að standa vel að innleiðingu reglna eins og Basel III en að grípa til séríslenskra reglna.

Í þessu sambandi má ég til með að benda á að þó reglur eins og þær sem felast í Basel III séu afar mikilvægar þá þarf að gæta hófs í umfangi þeirra. Vinnan fyrir bankana – og eftirlitsaðila þeirra einnig – við að fylgja regluverkinu eftir er gríðarlega flókin og umfangsmikil. Sem dæmi má nefna að á undan Basel III komu Basel I og Basel II. Basel I var aðeins um 30 blaðsíður að lengd en löggjöf sem byggir á Basel III og evrópskt regluverk í kjölfar fjármálakreppunnar mun hins vegar fela í sér tugi þúsunda blaðsíðna. Það gefur því augaleið að það er ekki lítil áskorun fyrir fjármálafyrirtæki og eftirlitsaðila þeirra að þekkja þetta nýja regluverk og laga sig að því. Mikilvægt er að vel takist til af allra hálfu.

### LANGTÍMAVERKEFNI

Árið 2012 var gott ár. Mikilverðasti árangurinn felst í raun í áframhaldandi stöðugleika í rekstri bankans. Mikil þekking er nú fyrir hendi á eignum bankans, einkum lánasafninu. Það skiptir miklu fyrir framhaldið. Einnig hefur verið unnið að aukinni fjölbreyttni í fjármögnun bankans á árinu með útgáfu skuldabréfa bæði hér á landi og erlendis og hefur sú vinna haldið áfram á árinu 2013. Þar eru tekin smá en mikilvæg skref. Innan bankans er unnið markvisst starf við að byggja upp og styrkja sambandið við viðskiptavinum bankans. Það er langtíma verkefni sem verður áfram í forgrunni alls sem við gerum.

# ÁVARP BANKASTJÓRA

Afkoma Arion banka á árinu 2012 var jákvæð um 17,1 milljarð króna eftir skatta. Rekstrartekjur námu alls 44,8 milljörðum króna, arðsemi eigin fjár var 13,8% á árinu og arðsemi af kjarnastarfsemi var 10,6%. Eiginfjárhlutfall bankans í árslok var 24,3%.

Afkoma Arion banka á árinu 2012 var vel viðunandi og í samræmi við áætlanir okkar. Stöðugleiki einkenndi rekstur ársins. Minna var um afgerandi óvæntar upþakomur í ytra umhverfi sem hafa verið einkennandi fyrir liðin ár. Þau verk efni sem við unnum að á árinu gengu í öllum aðalatriðum samkvæmt áætlun. Okkur hefur miðað vel.

Á árinu sameinaðist Arion banki Sparisjóði Ólafsfjarðar og bættist þar við nýtt útibú í útibúanet bankans. Arion banki starfrækir nú 25 útibú og afgreiðslur víða um land. Arion banki sameinaði einnig starfsemi Verdis við starfsemi bankans. Verdis var dótturfélag Arion banka og sinnti umsýslu verðbréfa og sjóða. Nú veitum við þessa þjónustu undir merkjum Arion banka og er sameiningin liður í þeirri stefnu bankans að vera alhliða fjármálafyrirtæki sem býður viðskiptavinum sínum, fyrirtækjum og einstaklingum, víðtæka fjármálaþjónustu.

## UPPSKERA VINNU UN DANFARINNA ÁRA

Viðfangsefni okkar undanfarin ár, eða allt fá stofnun bankans, hafa verið fjölbreytt og aðkallandi. Með samhentu átaki hefur góður árangur náðst á fjölmörgum sviðum. Mikil áhersla hefur verið á að auka skilvirkni í rekstri. Við fækkuðum fólki um tæplega hundrað á undanförunum árum en í tengslum við aukin umsvif og yfirtöku Verdis og Sparisjóðs Ólafsfjarðar gekk sú fækkun að hluta til baka. Einnig höfum við lokað um einum þriðja af útibúum bankans með það að markmiði að búa til öflugri kjarnaútibú sem eru betur í stakk búin til að þjónusta sitt nánasta umhverfi. Rekstur bankans er skilvirkur þó að enn séu umtalsverð tækifæri til að gera betur. Kostnaðarhlutfall bankans á árinu 2012 var 49,8% sem telst gott í alþjóðlegum samanburði en kostnaður sem hlutfall af eignum nam 2,8%.

Þegar horft er til samkeppnishæfni íslensks bankakerfis er ljóst að við stöndum frammi fyrir talsverðum áskorunum. Markaðurinn er lítill og lokaður, bankarnir eru litlar einingar samanborið við erlenda keppinauta, fjármögnun bankakerfisins er einsleit, verðbréfamarkaður er óburðugur, lagaleg og réttarfarsleg óvissa ríkir auk þess sem gæði hluta útlána eru enn háð nokkurri óvissu. Hins vegar ber að horfa til þess að landið er að rísa og fyrirtæki og einstaklingar standa traustari fótum, eftir miklar hremmingar undanfarinna ára. Fyrir okkur er umhverfið áfram krefjandi en í því felast tækifæri.

Samhliða kostnaðaraðhaldi höfum við einnig horft til tekna bankans og samsetningar þeirra. Eitt af verkefnum okkar í dag er að breyta þeirri samsetningu. Okkar markmið er að auka þóknunatekjur, m.a. vegna þess að það er fyrir séð að tekjur vegna vaxtamunar muni dragast saman á næstu misserum. Vaxtamunur þarf að lækka og gjaldtakan þarf að taka meira mið af þeim kostnaði sem til fellur þegar þjónustan er veitt. Það er sanngirnismál að inn-



Höskuldur H. Ólafsson,  
bankastjóri Arion banka

## ► ÁVARP BANKASTJÓRA

heimta hóflega þóknun fyrir veitta þjónustu, enda er hún valkvæð og felur í sér kostnað fyrir bankann sem eðlilegt er að sé borinn af þeim sem til hans stofnar. Þarna mun ákveðin leiðrétting þurfa að eiga sér stað.

Það er ekki bara í rekstri bankans sem við höfum á undanförnum árum séð miklar framfarir. Efnahagur bankans, sem við stofnun Arion banka var að miklu leyti óþekkt stærð, er nú ekki bara vel þekktur heldur traustur. Við úrlausnarvinnu undanfarinna ára hefur skapað dýrmæt þekking á útlánasafni bankans og góð víska um virði þess. Sú þekking skiptir ekki litlu máli fyrir áframhaldandi uppbyggingu bankans. Á sama tíma hefur bankinn byggt upp sterka eiginfjárstöðu og fjárhagslegan styrk.

Þrátt fyrir að Arion banki sé vel fjármagnaður og hafi ekki ríka endurfjármögnunarpörf næstu árin þá höfum við engu að síður unnið að því að auka fjölbreytni í fjármögnun hans. Á árinu 2012 gáfum við út sértryggt skuldabréf, bæði verðtryggt og óverðtryggt. Snemma á árinu 2013 gaf Arion banki út óveðtryggt skuldabréf í erlendri mynt, fyrstur íslenskra fjármálafyrirtækja síðan 2007. Þar var stigið mikilvægt skref, ekki einungis fyrir bankann, heldur einnig fyrir íslenskt atvinnulíf og hagkerfi.

Stefna Arion banka, sem við settum okkur haustið 2010, er skýr og, það sem er ekki síður mikilvægt, starfsfólki bankans vel kunn. Kjarninn í stefnunni er að veita viðskiptavinum okkar alhliða fjármálaþjónustu. Mikilvægur þáttur stefnunnar er virk vörupróun til að mæta breytilegum þörfum viðskiptavina. Því höfum við á undanförnum árum leitast við að koma fram með nýjungar á markaðinn, og eins að þróa og aðlaga það vöru- og þjónustuframboð sem þegar er til staðar.

Arion banki umbylti húsnæðismarkaðnum, en bankinn var á sínum tíma fyrstur til að bjóða óverðtryggt íbúðalán með fasta vexti til fimm ára. Einnig bjóðum við blönduð íbúðalán, sem að hluta eru verðtryggt og að hluta óverðtryggt. Þannig geta viðskiptavinir okkar stillt af bæði áhættu og greiðslubyrði og fundið þá lausn sem hentar þeim best. Nú síðast komum við fram með þá nýjung að lækka greiðslubyrði meðan á töku fæðingarorlofs stendur. Þar komum við til móts við viðskiptavinir okkar á mikilvægum tíma í lífi þeirra. Arion banki ætlar sér að vera áfram í forystu í þróun á íbúðalánamarkaði. Við bættum einnig við á árinu bílalánun en bankinn hafði fram að því ekki boðið viðskiptavinum sínum valkost í þeim efnum. Það skiptir máli fyrir viðskiptavinir okkar að vöru- og þjónustuframboð bankans sé fjölbreytt og því munum við halda áfram á þessari braut nýjunga og vörupróunar.

Á sama tíma og við höfum tekist á við áskoranir, höfum við horft til þess að skapa góðan vinnustað og góða líðsheild. Við höfum lagt metnað okkar í að gera vel hvað þetta varðar. Reglulega framkvæmdar vinnustaðagreiningar hafa sýnt góðan árangur á þessu sviði og við teljum að ánægja og metnaður starfsfólks sé ein helsta forsenda þess árangurs sem við höfum náð á undanförunum árum. Við viljum skapa umhverfi þar sem allir leggjast á eitt við að ná okkar sameiginlegu markmiðum um að veita viðskiptavinum okkar góða þjónustu, byggja upp góðan banka og gera gagn. Við vitum í dag hvar við stöndum og hverjar helstu áskoranir okkar eru. Við erum því vel búin undir að takast á við þau verkefni sem fram undan eru og getum jafnframt verið nokkuð stolt af því hvernig tekist hefur til á undanförunum árum. Við höfum látið verkin tala.

## ▶ ÁVARP BANKASTJÓRA

### ÁHERSLA Á VIÐSKIPTASAMBANDIÐ

Við öll okkar störf höfum við eftirfarandi að leiðarljósi. Hlutverk okkar er að gera gagn, við komum hreint fram og við leggjum áherslu á að láta verkin tala. Í þessu samhengi tölum við um hornsteinana okkar þrjá: Gerum gagn. Komum hreint fram. Látum verkin tala. Hornsteinarnir eru leiðbeinandi í öllu sem við gerum og segjum. Við horfum á hornsteinana út frá snertiflötum bankans við helstu hagsmunaaðila hans, þ.e. viðskiptavini, starfsfólk, samfélagið og hluthafa.

Viðskiptavinir okkar eru í forgrunni í öllum okkar störfum. Við leggjum sérstaka áherslu á þá viðskiptavini okkar, einstaklinga og fyrirtæki, sem þurfa fjölbreytta fjármálaþjónustu. Við viljum þekkja viðskiptavini okkar vel og höfum þá trú að persónuleg samskipti séu mikilvæg og verðmæt. Við munum því halda áfram að leggja okkur fram um að styrkja samband okkar við viðskiptavini með það fyrir augum að þekkja betur aðstæður og markmið þeirra.

Við njótum þess að í okkar röðum er fólk sem leggur metnað sinn í að sinna störfum sínum af alúð og fagmennsku. Fólk með fjölbreytta reynslu og menntun. Við erum stöðugt að reyna að bæta okkur og fjölmörg verkefni eru í gangi innan bankans sem miða að því að bæta verklag og þjónustu. Hornsteinarnir eru eitt þessara verkefna. Þeir hjálpa okkur að skerpa þennan ásetning okkar. Einnig stendur yfir innleiðing á því sem við höfum kosið að kalla A plús. Þar erum við að innleiða nýtt verklag í anda straumínustjórnunar á öllum sviðum og starfsstöðvum bankans. Markmið verkefnisins er skýrt: að gera okkur betur kleift að verja tíma okkar í þau verkefni sem skipta viðskiptavini okkar mestu, verkefni sem skila þeim verðmætum. Liður í þessu er aukin fræðsla starfsfólks. Hópur starfsfólks í útibúum bankans hefur sótt yfirgrípsmikil námskeið sem unnin hafa verið í samstarfi við Háskólann á Bifröst. Einnig hafa starfsmenn sótt nám í fjármálaráðgjöf í Háskólanum í Reykjavík og fengið vottun sem fjármálaráðgjafar. Markmiðið er betri ráðgjöf til viðskiptavina okkar, betri þjónusta.

### FORTÍÐARMÁL

Þrátt fyrir að vinnu við úrlausnarmál hafi miðað vel á undanförunum árum og þeirri vinnu ljúki brátt eru enn verkefni á því sviði. Enn eru til staðar heimili og fyrirtæki sem þurfa á aðstoð að halda. Þannig verður það eitthvað áfram. Vinnan nú er vissulega mun fyrirferðarminni innan bankans en áður en nauðsynlegt er að þessum verkefnum sé vel sinnt.

Sölu yfirtekinna fyrirtækja hefur miðað vel á árinu. Arion banki hefur selt nánast öll þau fyrirtæki sem hann hefur þurft að taka yfir á undanförunum árum vegna fjárhagslegrar endurskipulagningar. Þetta er mikilvægt fyrir okkur því það er ekki stefna okkar að standa í óskyldum rekstri og mikill tími hefur á undanförunum árum farið í vinnu vegna þessara verkefna. Vonir mínar standa til þess að á árinu 2013 verði þau félög sem enn eru í eigu bankans seld og að þar með ljúki þessum kafla í sögu bankans.

---

Hlutverk okkar er að gera gagn, við komum hreint fram og við leggjum áherslu á að láta verkin tala.

## ▶ ÁVARP BANKASTJÓRA

### UMHVERFI BANKANS

Það þarf ekki að fjölyrða um það að margt hefur verið vel gert í uppbyggingu íslenska hagkerfisins á undanförunum árum. Engu að síður er að mínu mati ástæða til að hafa áhyggjur af þróun mála. Stjórnvöldum hefur farnast illa að leysa úr hinum ýmsu ágreiningsmálum sem uppi hafa verið. Þetta hefur dregið dilk á eftir sér og haft áhrif á það hvernig okkur hefur tekist að vinna úr hinum ýmsu málum. Óvissa ríkir enn á of mörgum sviðum atvinnulífsins. Ég vænti þess að eftir kosningar verði það forgangsverkefni nýrrar ríkisstjórnar að draga úr óvissu sem hefur tengst lagalegu umhverfi atvinnuvega okkar og byggja upp trú og traust fjárfesta, innlendra sem og erlendra, á íslenskt atvinnu- og efnahagslíf. Það skiptir okkur öll miklu máli að fjárfesting hér á landi aukist, hún er enn í sögulegu lágmarki. Árangur ársins 2012 hvað þetta varðar er einfaldlega allt of líttill. Með auknum stöðugleika og fyrirsjáanleika í hagkerfinu eykst fjárfesting og þar með uppbygging íslensks hagkerfis. Þannig verða til störf, þannig eykst eftirspurn og velta í hagkerfinu, öllum til hagsbóta.

### SAMFÉLAGSLEG ÁBYRGÐ FJÁRMÁLAFYRIRTÆKIS

Okkar skylda gagnvart samfélaginu, sem við erum hluti af, er fyrst og fremst að vera góður banki, sinna hlutverki okkar af fagmennsku og ábyrgð og greiða til þess það sem okkur ber. Einnig að miðla sérþekkingu okkar til viðskiptavina og samfélagsins alls. Þannig gerum við mest gagn.

Gott dæmi um þetta er það frumkvæði sem við höfum tekið í nýsköpunarmálum. Við stóðum að frumkvöðlaverkefninu Startup Reykjavík ásamt Klaki og Innovit. Við teljum afar mikilvægt að sinna verðmæta- og fyrirtækjasköpun og styðja við hana með beinum hætti. Við kusum því að nálgast verkefnið á viðskiptalegum forsendum. Þannig lögðum við þeim 10 félögum sem tóku þátt í Startup Reykjavík til tvær milljónir króna hverju um sig í hlutafé gegn 6% eignarhlut. Við fjárfestum þannig í nýsköpun. Starfsfólk bankans miðlaði sinni þekkingu og reynslu til þeirra sem þátt tóku í verkefninu og fjöldi annarra sérfræðinga víða að gerði slíkt hið sama. Þannig tókum við þátt í því að skila raunverulegum verðmætum til þessara ungu félaga sem öll tóku miklum framförum á þeim 10 vikum sem Startup Reykjavík stóð yfir.

Á árinu lögðum við einnig áherslu á fjármálafræðslu, en okkar markmið er að stuðla að bættu fjármálalæsi í þjóðfélaginu – ekki síst meðal ungs fólks. Fjármálalæsi miðar að því að fólk nái betri tókum á eigin fjármálum. Við viljum efla viðskiptavini okkar í þessum efnunum, ekki hvað síst viðskiptavini framtíðarinnar.

### AÐ LOKUM

Okkar verkefni er að byggja upp góðan banka. Þetta er vegferðin sem við erum á. Segja má að hún hafi hafist með markvissum hætti þegar við settum okkur stefnu undir árslok 2010. Nýjasta varðan á þeirri vegferð eru þau gildi sem við störfum eftir og eiga að einkenna okkar störf. Verkefni hafa verið fjölmörg og áskoranirnar margar. Við erum sannfærð um að við erum á réttri leið og höldum ótrauð áfram í samræmi við okkar stefnu.

**32%**  
VELTUAUKNING  
VEIÐIHORNID VERSLUN







## JÁKVÆÐ MERKI ÚR ATVINNULÍFINU

---

Arion banki lagði áherslu á það á árinu að draga fram það sem vel hefur verið gert í íslensku atvinnulífi. Hlutverk okkar er að styðja við viðskiptavini okkar í þeim verkefnum sem þeir taka sér fyrir hendur og við allar aðstæður sem upp geta komið. Það er okkar að stuðla að árangri viðskiptavina.

# HELSTU ATBURÐIR ÁRSINS

---

## FYRSTI ÁRSFJÓRÐUNGUR

### JANÚAR

- ◆ Eftirlaunasjóður FÍA fól eignastýringarsviði Arion banka rekstur sjóðsins.
- ◆ Penninn á Íslandi ehf. settur í söluferli.
- ◆ JP Morgan verðlaunaði viðskiptaumsjón Arion banka fyrir framúrskarandi frágang á SWIFT skeytum.
- ◆ Skilvísir einstaklingar í viðskiptum við Arion banka fengu greiddan út þakklætisvott frá bankanum. Alls var um að ræða 33 þúsund viðskiptavinum sem fengu sérstakan afslátt af greiðslum síðasta árs vegna lána þeirra hjá bankanum.

### FEBRÚAR

- ◆ Bankinn opnaði netbankann fyrir farsíma á slóðinni m.arion.is.
- ◆ Fyrsta útboði bankans á sértryggðum skuldabréfum, sem voru verðtryggð, lokið. Þau voru tekin til viðskipta á NASDAQ OMX Íslandi í kjölfarið.
- ◆ Fyrirlestur Guðna Tómassonar listheimspekings um umbrot í þjóðlífi og myndlist um miðja 20. öld. Jafnframt var opnuð sýning á verkum úr safneign Arion banka.

### MARS

- ◆ Arion banki var aðalstyrktaraðili Mottumars, átaksins Karlmann og krabbamein, sem Krabbameinsfélag Íslands stóð fyrir. Starfsmenn bankans unnu liðakeppnina þriðja árið í röð.
- ◆ Eignabjarg ehf., dótturfélag Arion banka, seldi 13,3% hlut í Högum hf. fyrir 2,8 ma.kr.
- ◆ Samstarf við Hringtorg, nýtt viðburða- og fríðindakerfi, undirritað.
- ◆ Stefnir hf., dótturfélag Arion banka, hlaut þá viðurkenningu fyrst íslenskra fyrirtækja að vera „Fyrirmyndarfyrirtæki í góðum stjórnarháttum“. Viðurkenningin var veitt af Rannsóknarmiðstöð um stjórnarhætti við Háskóla Íslands og byggðist á úttekt endurskoðunarfyrirtækisins KPMG ehf.
- ◆ Aðalfundur Arion banka haldinn og ný stjórn kjörin.
- ◆ Samið við MP banka hf. um viðskiptavakt með sértryggð skuldabréf útgefin af Arion banka.
- ◆ Bankinn hlaut heiðursviðurkenningu Stúdentaráðs HÍ fyrir að hafa ráðið til sín flesta stúdenta yfir árið 2011.
- ◆ Umhverfisátaki ýtt úr vör innan bankans. Flokkun á sorpi hófst, í takt við umhverfisstefnu bankans.

## ▶ HELSTU ATBURÐIR ÁRSINS

### ANNAR ÁRSFJÓRÐUNGUR

#### APRÍL

- ◆ Jón Jónsson kom fram fyrir hönd bankans og fræddi fermingarbörn og önnur ungmenni um fjármál.
- ◆ Samþykki fékkst frá Samkeppniseftirlitinu fyrir sölunni á B.M. Vallá ehf.
- ◆ Sprotaping Íslands haldið í höfuðstöðvum bankans.
- ◆ Bankinn kynnti Startup Reykjavík, nýtt frumkvöðlasetur í samstarfi við Innovit og Klak. Mikill áhugi á verkefninu. 179 umsóknir bárust, með yfir 400 manns á bak við sig.
- ◆ Starfsfólk bankans stóð fyrir fatasöfnun til styrktar Rauða krossi Íslands – ríflega hálf tónn safnaðist af fötum.
- ◆ Sérstakri ráðgjafastofu, sem hafði það hlutverk að aðstoða viðskiptavinum viðskiptabankasviðs í greiðsluvanda, lokað í sinni upprunalegu mynd.
- ◆ Bankinn studdi við bakið á Félagi íslenskra bókaútgefenda (FÍBÚT) í landsátakinu „Ávísun á lestur“ en verkefninu var ætlað að vekja athygli á gildi lestrarkunnáttu og lesskilnings.
- ◆ Skrifað undir samstarfssamning við Valitor um innleiðingu á nýrri snjallkortatækni sem felur í sér að hægt verður að greiða kreditgreiðslur með snjallsíma án posabún-aðar.
- ◆ Greiningardeild bankans stóð fyrir morgunfundi um skýrslu sína varðandi hugmyndir um aðskilnað viðskipta- og fjárfestingarbankastarfsemi.
- ◆ Höskuldur H. Ólafsson bankastjóri Arion banka kosinn formaður stjórnar Samtaka fjármálafyrirtækja (SFF).

#### MAÍ

- ◆ Listafyrirlestur um Hrein Friðfinnsson og jafnframt sýning á verkum Hreins úr einkasafni í höfuðstöðvum bankans.
- ◆ Morgunfundur á vegum greiningardeildar um efnahagshorfur, hagnöxt í skjóli hafta og krónuna.
- ◆ Teymin tíu sem valin voru til að taka þátt í Startup Reykjavík kynnt.
- ◆ Bankinn styrkti Skólasafnasjóð um eina milljón króna.
- ◆ Arion banki og Einkalúbburinn buðu vildarviðskiptavinum bankans og Einkalúbbsfélögum á tónleika með Agli Ólafssyni og Diddú sem haldnir voru víða um land.

## ▶ HELSTU ATBURÐIR ÁRSINS

### ANNAR ÁRSFJÓRÐUNGUR – FRAMHALD

#### MAÍ

- ◆ Ný tegund sparnaðar kynnt til leiks – íbúðarsparnaður.
- ◆ Viðskiptavinum bankans buðust verðtryggð, óverðtryggð og blönduð íbúðalán. Einnig frekara val um lengd lánstíma auk þess sem hægt var að velja um fasta og breytilega vexti.
- ◆ Bankinn lækkaði vexti á verðtryggðum íbúðalánum sínum.
- ◆ Bankinn lýkur fyrsta skuldabréfaútboði sínu á sértryggðum skuldabréfum sem eru óverðtryggð.
- ◆ Ráðstefna um orkumál í Evrópu haldin í Arion banka.
- ◆ Bankinn gerði samstarfssamning við Knattspyrnudeild Hvatar og gerðist aðalstyrktaraðili Smábæjarleikanna á Blönduósi.
- ◆ Sértryggð og óverðtryggð skuldabréf Arion banka tekin til viðskipta á NASDAQ OMX Íslandi.
- ◆ Lestrarvika Arion banka og Disney fór fram.
- ◆ Afkoma Arion banka á fyrsta ársfjórðungi birt 23. maí. Hagnaður upp á 4,5 ma.kr. eftir skatta.
- ◆ Vista sameinaðist séreignarsjóðnum Lífeyrisauka.

#### JÚNÍ

- ◆ Frumkvöðlasetrinu Startup Reykjavík hleypt af stokkunum.
- ◆ Samþykki fékkst frá Samkeppniseftirlitinu fyrir sameiningu Arion banka og Verdis hf.
- ◆ Öðru útboði bankans á sértryggðum skuldabréfum sem eru óverðtryggð lauk.
- ◆ Bankinn seldi Pennann á Íslandi ehf.
- ◆ Tíu starfsmenn bankans útskrifuðust sem vottaðir fjármálaráðgjafar.
- ◆ Mikka maraþonið fór fram en Arion banki var aðalbachjarl hlaupsins.
- ◆ Vel sótt ráðstefna um olú á Drekasvæðinu haldin í Arion banka.
- ◆ Orkuveitan samdi við Arion banka um áhættuvarnir.
- ◆ Bankinn endurnýjaði samning við Jón Jónsson, hagfræðing og tónlistarmann, um fjármálafræðslu fyrir ungt fólk.

## ▶ HELSTU ATBURÐIR ÁRSINS

### ÞRIÐJI ÁRSFJÓRÐUNGUR

#### JÚLÍ

- ◆ Eignabjarg ehf. seldi Boyfood Oy dótturfélag Fram Foods ehf. í Finnlandi.
- ◆ Einkalúbbskortið sent til allra í vildarþjónustu Arion banka.
- ◆ Eftirlitsstofnun EFTA, ESA, komst að þeirri niðurstöðu að ráðstafanir sem gripið var til við stofnun Arion banka haustið 2008 hafi verið í samræmi við reglur EES.

#### ÁGÚST

- ◆ Laugalandsskógur á Þelamörk í Hörgárdal formlega vígður sem „Opinn skógur“. Nú eru slík svæði orðin þrettán talsins og er Arion banki einn af bakhjörllum þessa verkefnis skógræktarféлага á Íslandi.
- ◆ Nýtt snjallsímaforrit, Arion banka appið, fór í loftið.
- ◆ Arion banka mótið í fótbolta haldið í Víkinni. Alls tóku 1200 börn, í 7. og 8. flokki í knattspyrnu, þátt í mótinu.
- ◆ Bankinn styrkti atvinnulífssýninguna Okkar samfélag sem haldin var á Egilsstöðum.
- ◆ Nýir eigendur tóku við rekstri Pennans á Íslandi ehf., þar sem samþykki Samkeppnis- eftirlitsins fyrir sölunni lá fyrir.
- ◆ Útibú bankans í Hveragerði fagnaði 45 ára afmæli.
- ◆ Bankinn bauð í samstarfi við Valitor hf. til morgunfundar þar sem kynnt var það nýjasta í greiðslumiðlun, greiðslur með snjallsíma.
- ◆ Afkoma Arion banka á fyrri helmingi ársins birt 31. ágúst. Hagnaður upp á 11,2 ma.kr. eftir skatta.

#### SEPTEMBER

- ◆ Í tilefni af 150 ára afmæli Akureyrarbæjar gaf Arion banki fæðinga- og barnadeild Sjúkrahúsins á Akureyri öndunarvél fyrir nýbura.
- ◆ Arion banki veitti 50 námsmönnum bókastyrk að verðmæti 30.000 kr.
- ◆ Arion banki bauð í fyrsta skipti bílafjármögnun og árs aðild að FÍB.
- ◆ Sparisjóður Ólafsfjarðar sameinaðist Arion banka.
- ◆ Jón Jónsson var með fræðslufundi fyrir ungt fólk í höfuðstöðvum bankans í Borgartúni, í Borgarnesi, á Akureyri, Egilsstöðum og á Selfossi.
- ◆ Smáraútibú styrkti Kalak – vínafélag Íslands og Grænlands.

## ▶ HELSTU ATBURÐIR ÁRSINS

### FJÓRÐI ÁRSFJÓRÐUNGUR

#### OKTÓBER

- ◆ Starfsfólk Arion banka tók þátt í landssöfnuninni Göngum til góðs sem Rauði krossinn á Íslandi stóð fyrir til styrktar börnum í neyð víða um heim.
- ◆ Sprotapíng Íslands fór fram í Arion banka.
- ◆ Arion banki á meðal stofnaðila að klasasamstarfi íslensku ferðapjónustunnar.
- ◆ Nýr og endurbættur vefur Arion banka settur í loftið.
- ◆ Bankinn stóð fyrir dreifingu á endurskinsmerkjum og sendi meðal annars endurskinsmerki til allra sex ára barna á landinu.
- ◆ Bankinn styrkti söfnunar- og árveknisátakið Bleiku slaufuna sem Krabbameinsfélagið stóð fyrir.
- ◆ Landslið Íslands í hópfimleikum heiðruð með móttöku í Arion banka í tilefni af Evrópumeistaratitli þeirra, en Arion banki er aðalstyrktaraðili FSÍ.

#### NÓVEMBER

- ◆ Fram Foods ehf. seldi sænskt dótturfélag sitt Fram Foods AB.
- ◆ Endurútreikningur ólögðra erlendra lána hófst á ný í kjölfar dóma Hæstaréttar fyrr á árinu.
- ◆ Bankinn býður fyrstur íslenskra banka lægri afborganir íbúðalána við töku fæðingarorlofs.
- ◆ Bankinn hélt ráðstefnu um möguleika Íslands í gjaldmiðilsmálum undir heitinu „Mælieining, varðveisla og miðlun – er önnur mynt raunverulegur kostur?“
- ◆ Arion banki var einn af aðalstyrktaraðilum sjávarútvegsráðstefnunnar sem fram fór undir heitinu „Horft til framtíðar“.
- ◆ Bankinn hélt fræðslufund um útgreiðslur lífeyrissparnaðar.
- ◆ Bankinn stóð fyrir ráðstefnu um varnir gegn peningaþvætti ásamt SFF.
- ◆ Fyrirlestur Markúsar Þórs Andrússonar sýningarstjóra um myndlistarmanninn Helga Þórsson. Jafnframt var opnuð sýning í höfuðstöðvum Arion banka á verkum Helga.
- ◆ Afkoma Arion banka á þriðja ársfjórðungi birt 28. nóvember. Hagnaður upp á 14,5 ma.kr. eftir skatta.

#### DESEMBER

- ◆ Frjálsi lífeyrissjóðurinn í öðru sæti á lista yfir bestu lífeyrissjóði smáþjóða.
- ◆ Handhafar e-korta fengu sína árlegu endurgreiðslu.
- ◆ Starfsfólk bankans aðstoðaði Mæðrastyrksnefnd við úthlutun sína.
- ◆ Starfsfólk bankans tók þátt í jólagakeppninni Geðveik jól til styrktar Geðhjálp og bankinn styrkti málstaðinn sömuleiðis.

# EFNAHAGS- UMHVERFIÐ


Efnahagsbatinn hélt áfram á árinu 2012. Hagvöxtur mældist samhliða því sem verðbólga og atvinnuleysi fóru lækkandi og rauntekjur landsmanna jukust. Fjárhagsleg skilyrði heimila og fyrirtækja böttnuðu því á árinu. Þá hafa lágir innlendir raunvextir, hækkun eignaverðs og lækkun skulda bætt stöðu einkageirans. Hallarekstur ríkissjóðs hélt áfram að minnka og ef áætlun stjórnvalda gengur eftir verður ríkissjóður rekinn með afgangi á árinu 2014. Ýmis batamerki er að finna á fasteignamarkaði og þá virðist sem markaður með hlutabréf og skuldabréf fyrirtækja sé að taka við sér á nýjan leik. Heilt yfir lítur Ísland ágætlega út í alþjóðlegum samanburði en hins vegar ríkir óvissa um styrk efnahagsbatans, það er að hægja verulega á efnahagsbatanum og hann á sér stað í skjóli fjármagnshafta sem hafa áhrif á alla verðmyndun í hagkerfinu. Helstu áhættuþættir, sem eru til staðar, snúa einkum að losun fjármagnshafta, endurfjármögnun erlendra skulda fyrirtækja og opinberra aðila, uppgjörum föllnu bankanna og hagvaxtarhorfum úti í heimi.

## HÆGUR BATI Í SKJÓLI FJÁRMAGNSHAFTA


Íslenska hagkerfið hélt áfram að vaxa á árinu 2012. Einkaneysla er drifkraftur hagvaxtar en framlag utanríkisviðskipta til hagvaxtar er áfram neikvætt. Frá því að landsframleiðsla var í lágmarki á fyrri helmingi ársins 2010 hefur hún vaxið að raunvirði um ríflega 5%. Þrátt fyrir nánast samfelldan hagvöxt frá árslokum 2010 er framleiðslustigið í dag enn ríflega 6% undir því sem það var þegar fjármálakreppan skall á í árslok 2008.

Þrátt fyrir að hagkerfið sé að vaxa á ný er batinn enn afar brothættur og á sér stað í skjóli hafta. Hagvöxtur er enn undir langtímameðaltali og atvinnuleysi er enn hátt í sögulegu samhengi. Endurreisn íslenska hagkerfisins er ekki lokið og við eigum enn nokkuð í land með að ná fyrri framleiðslugetu. Þá var samdrátturinn hér á landi í kjölfar fjármálakreppunnar almennt meiri en meðal annarra þróaðra ríkja og batinn í kjölfarið hefur verið hægari en vonir stóðu til. Hins vegar eru hagvaxtarhorfur hér á landi til næstu ára einna skástar meðal ríkja í OECD. Þannig gerir Alþjóðagjaldeyrissjóðurinn (AGS) ráð fyrir að íslenska hagkerfið muni vaxa um 2–3% á næstu árum en á sama tíma eru horfurnar á evrusvæðinu, sem er eitt mikilvægasta útflutningssvæði Íslandinga, mun dekkri. Það skapar óvissu um hvort hagvöxtur hér á landi verði nægilega útflutningsdrifinn, sem væri æskilegt í ljósi erlendra skuldastöðu þjóðarþúsins.

Hagvöxtur  
(%) raunbreyting á VLF




Landsframleiðsla á föstu verðlagi  
vísitala=100% árið 2008



## ► EFNAHAGSUMHVERFIÐ

### Hagvaxtarhorfur á árunum 2012-2013 raunbreyting á VLF milli ára, spá AGS




Heimild: Alþjóðagjaldeyrissjóðurinn

Atvinnuleysi hefur gengið hratt niður að undanfögnu. Í upphafi ársins 2012 stóð atvinnuleysi í 6,7% en mældist í lok árs ríflega 4%. Horfur á vinnumarkaði hafa farið batnandi og er gert ráð fyrir áframhaldandi fjölgun starfa samhliða frekari vexti í hagkerfinu. Enn eru þó ríflega þrettán þúsund færri starfandi í dag en þegar mest var fyrir hrún.


Þetta skýrist að hluta til af því að dregið hefur úr vinnuframboði. Íslendingar hafa í kjölfarið flust til annarra landa eða farið í nám auk þess sem erlent vinnuafli hefur flust af landi brott. Eins og sést á neðangreindri mynd, er atvinnuleysi hérlandis ekki mikið í alþjóðlegum samanburði, enda hefur atvinnuleysi í mörgum evruríkjum farið hækkandi í kjölfar krísunnar þar ytra.

### Atvinnuleysi árið 2012 miðað við ársmeðaltal




Heimild: Alþjóðagjaldeyrissjóðurinn

### Atvinnuleysi



Heimild: Hagstofa Íslands

### Fjölgun/fækkun starfa breyting frá fyrra ári



Heimild: Hagstofa Íslands

## FJÁRFESTINGARSTIGIÐ ENN LÁGT


Fjárfestingarstig hefur haldist í sögulegu lágmarki síðustu fjögur ár og hægt hefur gengið að koma fjárfestingu í gang. Óvissa blasir við úr ýmsum áttum í hagkerfinu, svo sem í tengslum við lögmæti gengistryggðra lánasamninga, sem skapar ekki aðeins óvissu um raunverulega skuldsetningu fyrirtækja og heimila í landinu, heldur raskar einnig ákvarðanatöku fyrirtækja um fjár-



## ► EFNAHAGSUMHVERFIÐ

festingar. Þá ríkir enn óvissa í tengslum við fyrirhugaðar breytingar á lögum um stjórn fiskveiða sem hefur svipuð áhrif á fjárfestingu í sjávarútvegi. Þessu til viðbótar eru efnahagshorfur enn dökkar hjá okkar helstu viðskiptalöndum. Skert aðgengi að erlendu lánsfé í kjölfar hinnar alþjóðlegu efnahagskreppu ásamt þeirri óvissu sem ríkir um fjármagnshöftin hefur einnig sett efnahagsbatanum, þar með fjárfestingum í landinu, þröngar skorður. Mikilvægt er að fjárfesting nái sér á strik til að styrkja hagvöxt á næstu árum. Þá er ekki síður mikilvægt að gjaldeyrisskapandi fjárfesting taki við sér til að unnt sé að taka fleiri skref við losun fjármagnshafta.


Fjárfestingarstigið á Íslandi frá árinu 1970  
fjárfesting sem hlutfall af landsframleiðslu



## AFGANGUR Á VIÐSKIPTUM VIÐ ÚTLÖND

Greiðslujöfnuður við útlönd, án áhrifa innlánastofnana í slitameðferð, hefur batnað verulega frá hruni og hefur á síðustu árum sveiflast í kringum núllið. Á árinu 2012 mældist afgangur af viðskiptum við útlönd um sem nemur 0,8% af landsframleiðslu. Frá árinu 2009 hefur afgangur á vöru- og þjónustujöfnuði legið á bilinu 7-10% af landsframleiðslu hvers árs.

Greiðslujöfnuður við útlönd  
sem hlutfall af VLF




## ► EFNAHAGSUMHVERFIÐ

Lágt raungengi hefur stutt við útflutningsgreinar á undanförunum árum en raungengi í dag er um 15% lægra en meðalraungengi síðustu áratuga. Ál- og sjávarafurðir veða ríflega helming af heildarútflutningi landsins og hefur verið sjávarafurða hækkad jafnt og þétt síðustu ár. Efnahagsástand á markaðssvæðum lítar afurðaverð. Erfiðleikar eins og í Suður-Evrópu geta því valdið verðlækkun og birgðasöfnun á mikilvægum mörkuðum. Á sama tíma er framboð bolfisks frá nágrennalöndum að aukast. Álverð hefur lækkað nokkuð skarpt á síðustu tveimur árum, en hins vegar gera spár markaðsaðila ráð fyrir hækkandi álverði á næstu misserum. Þjónustuútflutningur hefur breyst verulega á síðustu árum og vaxið jafnt og þétt samhliða fjölgun ferðamanna til landsins en frá árinu 2000 hefur fjöldi þeirra tvöfaldast. Í dag vegur útflutningur þjónustu um 40% af heildarútflutningi Íslendinga.


### ÞUNGUR ENDURGREIÐSLUFERILL Í ERLENDUM GJALDEYRI

Fram undan er þungur endurgreiðsluferill fyrirtækja og opinberra aðila í erlendum gjaldeyri. Frá falli bankakerfisins hefur aðgengi innlendra aðila annarra en ríkissjóðs að erlendum lánsfjármörkuðum verið afar takmarkað. Ólíklegt er að afgangur á viðskiptum við útlönd dugi til að mæta afborgunum næstu ára. Ef aðgengi innlendra aðila að erlendum lánsfjármörkuðum skánar ekki er ljóst að semja verður um endurfjármögnun skulda. Að öðrum kosti verður verulegur þrýstingur á gengi krónunnar á komandi árum til að mæta væntum útgreiðslum.

### Áætlaðar afborganir annarra aðila en ríkissjóðs í milljörðum króna og sem hlutfall af viðskiptajöfnuði ársins 2012



### Raungengi miðað við verðlag



### Verð á sjávarafurðum og áli verðvísitala sjávarafurða = 100 sept. 00



## ► EFNAHAGSUMHVERFIÐ

### VERÐBÓLGUMARKMIÐ EKKI Í AUGSÝN


Ársverðbólgan hefur mælst yfir verðbólgu markmiði Seðlabanka Íslands (SÍ) (2,5%) frá því í mars 2011. Til að slá á miklar verðbólguvæntingar og mikla verðbólgu hóf SÍ að hækka stýrivexti í ágúst 2011 og hafa vextir bankans hækkað samtals um 175 punkta síðan. Verðbólguhorfur skánuðu verulega á seinni hluta síðasta árs og mældist tólf mánaða verðbólga í árslok ríflega 4%. Hins vegar eru blikur á lofti, óvissa ríkir um kjarasamninga og SÍ hefur hóttað frekari vaxtahækkunum ef endurskoðun samninga samrýmist ekki hjöðnun verðbólgunnar í átt að markmiðum bankans. Ekki er talið líklegt að verðbólgu markmið sé í auglýsni á árinu, ekki síst þar sem þrýstingur er til lækkunar á gengi krónunnar, m.a. vegna væntanlegs útstreymis í tengslum við endurgreiðslu erlendra lána. Þá hefur fasteignamarkaðurinn verið að taka við sér og er líklegur til að leika stærra hlutverk í verðbólgu mælingum á komandi misserum.

### HALLAREKSTUR RÍKISSJÓÐS MINNKAR EN ÓVISSA TIL STAÐAR


Matsfyrirtækið Fitch hækkaði lánsþæfiseinkunn Íslands fyrir langtímaskuldbindingar í erlendri mynt úr BBB- í BBB í febrúar 2013. Moody's breytti lánsþæfiseinkunn Íslands úr neikvæðri í stöðuga í febrúar 2013. Lánsþæfi Íslands er metið Baa3 á langtímaskuldbindingum í erlendri mynt hjá Moody's og hjá S&P BBB- og stöðugar horfur. Íslenska ríkið gaf út skuldabréf til 10 ára að fjárhæð 1 ma. USD um mitt árið 2012 og var það önnur útgáfa ríkisins á erlendum mörkuðum frá því að kreppan skall á en útgáfurnar eru mikilvægt skref í áætlun ríkisins um að tryggja aðgengi Íslands að erlendum mörkuðum til lengri tíma. Þá hefur skuldtryggingarálag ríkissjóðs farið lækkandi á síðustu misserum.

Hallarekstur ríkissjóðs hefur minnkað ár frá ári og ef áætlun stjórnvalda gengur eftir, næst afgangur af frumjöfnuði á þessu ári en gert er ráð fyrir að afgangur náist á heildarjöfnuði á árinu 2014.


### Heildarjöfnuður ríkissjóðs sem hlutfall af VLF



### Íslenska krónan (GVT)



### Ársverðbólga breyting á VNV frá fyrra ári




## ► EFNAHAGSUMHVERFIÐ

Í skjóli fjármagnshafta hefur ríkissjóður fjármagnað hallarekstur sinn á hagstæðum kjörum innanlands. Ætla má að við losun gjaldeyrishafta muni vaxtakostnaður ríkis og fyrirtækja hækka og í ljósi þessa er ekki síður mikilvægt að ríkissjóður skili afgangi á komandi árum og að svigrúm skapist til að greiða niður skuldir til að auðvelda afnám gjaldeyrishafta. Sem dæmi þá greiddi ríkissjóður 81 ma.kr. í fjármagnskostnað á síðasta ári en sú upphæð nemur um 15% af heildartekjum ríkissjóðs.

### Hagvöxtur, skuldastaða ríkissjóðs og vaxtakjör

vaxtakjör miðað við 10 ára nafnvexti ríkisbréfa



Meðalhagvöxtur 2012-2013 (vinstri ás)

Hrein skuld ríkissjóðs sem hlutfall af VLF (hægri ás)

Heimild: Alþjóðagjaldeyrissjóðurinn, Bloomberg og Seðlabanki Íslands

Ýmsir óvissuþættir eru til staðar sem geta haft áhrif á forsendur í áætlunum stjórnvalda og er sú hætta fyrir hendi að hægar muni ganga að ná afgangi á heildarjöfnuði en núverandi áætlanir gera ráð fyrir. Á árinu 2013 verður gengið til þingskosninga og má sjá að í fjárlögum litast rekstur ríkisins af kosningarárinu, m.a. í formi aukins útgjaldaþrýstings. Eiginfjárvandi Íbúðalánasjóðs kom upp á yfirborðið í árslok en vandi sjóðsins er hins vegar enn óleystur og ljóst að fyrr eða síðar þarf að leysa vandann. Talsverð óvissa ríkir um hversu umfangsmikil áhrifin geta orðið á rekstur ríkissjóðs.


Þrátt fyrir að skuldsetning ríkissjóðs hafi aukist í kjölfar kreppunnar, er hrein skuld ríkissjóðs ekki mikil í samanburði við önnur lönd í Evrópu. Mikil skuldsetning er jafnan til þess fallin að draga úr hagvexti, m.a. vegna niðurskurðar ríkisins til að standa straum af þungri greiðslubyrði. Þrátt fyrir að innlend vaxtakjör ríkissjóðs séu almennt há, m.a. vegna mikillar verðbólgu hérlendis í samanburði við önnur lönd í Evrópu, eru hagvaxtarhorfur almennt bjartar. Ljóst er að mörg ríki í Evrópu sem berjast við háa skuldsetningu, fremur lakar hagvaxtarhorfur og há fjármögnunarkjör eru ekki í öfundsverðri stöðu.

## EFNAHAGSUMHVERFIÐ

### ENDURREISN EIGNAMARKAÐA


Markaðir með hlutabréf og skuldabréf fyrirtækja tóku við sér á árinu 2012. Þrjár nýskráningar voru á hlutabréfamarkaði og jókst markaðsvirði skráðra bréfa um u.þ.b. 100 ma.kr. Nemur heildarmarkaðsvirði skráðra félaga á íslenska hlutabréfamarkaðnum rúmlega 20% af landsframleiðslu í dag. Alls hafa því fjórar nýskráningar átt sér stað frá falli fjármálakerfisins haustið 2008. Frekari nýskráningar eru fyrirhugaðar á árinu 2013. Þrátt fyrir að hlutabréfamarkaðurinn sé að vaxa samhliða fjölgun nýskráninga, er stærð hans ekkert í líkingu við það sem var hér á árunum fyrir hrun. Þá er markaðurinn einnig umtalsvert minni í hlutfalli við landsframleiðslu en sambærilegir markaðir erlendis.

Markaðsvirði skráðra hlutabréfa (%) sem hlutfall af VLF




Batamerki sáust áfram á fasteignamarkaði. Aukin umsvif í hagkerfinu, vaxandi kaupmáttur, minnkandi atvinnuleysi, lágir raunvextir og aukin lýðfræðileg eftirspurn eru þættir sem styðja við markaðinn og munu að öllum líkindum gera það áfram á komandi árum. Þá hafa fjárhagsleg skilyrði heimila batnað með lækkandi skuldum og hækkun eigna.

Samspil umsvifa í hagkerfinu og húsnæðisverðs raunbreyting milli ára



Umsvif aukast ár frá ári fjöldi þinglýstra kaupsaminga á höfuðb.v.




## ► EFNAHAGSUMHVERFIÐ

Gjaldeyrishöftin hafa til lengdar neikvæð áhrif á hagvöxt ásamt því sem þau bjaga fjármálamarkaði og eignaverð í landinu. Í kjölfar hrunsins hefur mikið fjármagn verið fast í hagkerfinu en á sama tíma hafa fáir fjárfestingarkostir verið í boði. Fjármagnið hefur fyrst og fremst leitað í ríkistryggðar eignir (innlán og skuldabréf), bæði vegna þess að áhættufælni hefur verið mikil ásamt því sem mun meira framboð hefur verið af áhættuminni eignum en öðrum. Afleiðing þessa eru lágir vextir skuldabréfa í skjóli hafta, en þrátt fyrir að Sí hafi verið í vaxtahækkunargír frá því í ágúst 2011, hefur ávöxtunarkrafa ríkistryggðra skuldabréfa lækkað. Þessi þróun speglar lítið bit peningastefnunnar í haftaumhverfinu.

Þrátt fyrir að áhrifa hafta hafi greinilega gætt á ríkisskuldabréfamarkaði á undanförunum árum, er ekki að sjá að áhrifa þeirra hafi gætt á öðrum eignamörkuðum (hlutabréfa- og fasteignamarkaði). Hækkanir á mörkuðum undanfarin misseri má réttlæta út frá almennum bata í hagkerfinu en hins vegar hafa lægri grunnvextir áhrif á núvirðingu eigna og munu áhrifin því á endanum smitast yfir í aðra eignaflokka. Eftir því sem gjaldeyrishöftin festa sig í sessi, eykst því hætta á að bóllumyndun eigi sér stað á öðrum eignamörkuðum.

### Ávöxtunarkrafa óverðtryggðra bréfa frá 1. október 2008 til loka janúar 2013




## ► EFNAHAGSUMHVERFIÐ

### SAMANTEKT

Efnahagslífið sýndi batamerki á árinu 2012 og ef spár ganga eftir mun batinn halda áfram á komandi árum. Þá hafa fjárhagsleg skilyrði heimila og fyrirtækja batnað. Árangur hefur náðst í ríkisfjármálum og hreinar skuldir ríkissjóðs eru í meðallagi samanborið við önnur sambærileg Evrópuríki. Ísland hefur að geyma verðmætar náttúruauðlindir. Ferðaþjónusta hefur vaxið hratt á síðustu árum og líklegt að hún verði leiðandi í vexti utanríkisviðskipta í framtíðinni. Ýmis vandamál eru þó óleyst en þau helstu snúa að losun fjármagnshafta, þung endurgreiðsluferli annarra aðila en ríkissjóðs á komandi árum og uppgjörum föllnu bankanna.

Ávöxtunarkrafa verðtryggðra bréfa  
frá 1. október 2008 til loka janúar 2013





## MINNI LOFTMÓTSTAÐA

dregur úr eldsneytiskostnaði.  
Skíðabogar, farangursbox og  
skraut auka loftmótstöðuna.







## BÍLAFJÁRMÖGNUN

---

Arion banki hóf á árinu að bjóða bíla- og tækja-fjármögnun. Gagnsemi er okkur ofarlega í huga og í þeim anda lögðum við áherslu á góð kjör fyrir viðskiptavinum okkar og náið samstarf við FÍB sem lántakendur njóta góðs af. Í kynningarefni drógum við fram góð ráð sem bíleigendur geta nýtt sér til að draga úr kostnaði við rekstur bifreiðar.

# STJÓRN OG STJÓRNARHÆTTIR

## STJÓRNARHÁTTAYFIRLÝSING ARION BANKA HF.

Stjórnarháttayfirlýsing þessi er liður í að stuðla að opnum og traustum samskiptum stjórnar, hluthafa, viðskiptavina og annarra hagsmunaaðila, s.s. starfsmanna bankans og almennings. Stjórnarhættir bankans tryggja grunninn að ábyrgri stjórnun og ákvarðanatöku, með það að markmiði að skapa varanleg verðmæti.

## LÖG OG REGLUR

Stjórnarháttayfirlýsing Arion banka hf. (Arion banki eða bankinn) byggist á lögum og reglum og viðurkenndum leiðbeiningum sem í gildi eru á þeim tíma sem ársreikningur bankans er staðfestur af stjórn. Yfirlýsingin er nánar tiltekið gerð í samræmi við 3. mgr. 19. gr. laga nr. 161/2002 um fjármálafyrirtæki og leiðbeiningar um stjórnarhætti fyrirtækja, 4. útgáfu, útgefna af Viðskiptaráði Íslands, NASDAQ OMX Íslandi og Samtökum atvinnulífsins í mars 2012. Bankinn hefur innleitt í starfsemi sína þau ákvæði sem við eiga í leiðbeiningunum. Þess ber þó að geta að stjórn bankans hefur ekki sett á fót sérstaka tilnefningarnefnd í ljósi þess að hluthafar bankans eru aðeins tveir.

Arion banki er fjármálafyrirtæki sem m.a. starfar samkvæmt lögum nr. 161/2002 um fjármálafyrirtæki og lögum nr. 108/2007 um verðbréfavíðskipti. Bankinn hefur starfsleyfi til að starfa sem viðskiptabanki í samræmi við skilgreiningu á viðskiptabönkum í lögum nr. 161/2002 um fjármálafyrirtæki. Bankinn er alhliða banki sem veitir viðskiptavinum sínum þjónustu á sviði sparnaðar, lánveitinga, eignastýringar, fyrirtækjaráðgjafar og markaðsviðskipta. Þá hefur bankinn gefið út fjármálagerninga sem hafa verið teknir til viðskipta á skipulegum verðbréfamarkaði, bæði á Íslandi og í Lúxemborg, og fellur því undir upplýsingaskyldu útgefanda skv. lögum nr. 108/2007 um verðbréfavíðskipti og samkvæmt reglum kauphallanna í Lúxemborg og á Íslandi.

Fjármálaeftirlitið (FME) hefur eftirlit með starfsemi Arion banka. Nánari upplýsingar um FME og yfirlit yfir helstu lög og reglur sem gilda um bankann á hverjum tíma má finna á heimasíðu FME [www.fme.is](http://www.fme.is).

Mikilvægur þáttur í starfsemi allra fjármálafyrirtækja er að taka áhættu að vel yfirveguðu máli og samkvæmt fyrir fram skilgreindri stefnu. Þannig tekur Arion banki áhættu í samræmi við áhættustefnur og ferla bankans sem eru reglulega endurskoðaðir og samþykktir af stjórn. Sú áhættustefna sem stjórnin setur bankanum speglast í útlána- og áhættuheimildum sem áhættustýringarsvið bankans hefur eftirlit með. Áhættustýringarsvið greinir stjórn bankans reglulega frá niðurstöðum athugana sinna. Stjórnin ber ábyrgð á innra matsferli bankans fyrir eiginfjárbörf, en meginmarkmið ferlisins er að tryggja skilning á heildaráhættum bankans og tryggja að til staðar séu viðeigandi kerfi til að greina, mæla og hafa eftirlit með heildaráhættu bankans. Nánari upplýsingar um áhættu- og eiginfjárstýringu er að finna í áhættuskýrslu bankans.

## ▶ STJÓRN OG STJÓRNARHÆTTIR

Fjármálasvið Arion banka sér um gerð reikningsskila og eru þau gerð skv. alþjóðlegum reikningsskilastöðlum, IFRS. Bankinn birtir uppgjör sín almenn- ingi ársfjórðungslega en að jafnaði eru stjórnendauppgjör lögð fyrir stjórn 10 sinnum á ári. Endurskoðunar- og áhættunefnd tekur árs- og árshlutareikninga bankans til skoðunar auk þess sem ytri endurskoðendur kanna og endurskoða reikningsskilin tvisvar á ári. Endurskoðunar- og áhættunefnd gefur álit sitt á reikningsskilunum til stjórnar, sem samþykkir og undirritar birt reikningsskil.

### INNRA EFTIRLIT OG ÁHÆTTUSTÝRING

Umfjöllun um áhættustýringu bankans er að finna á bls. 88 og í fyrrnefndri áhættuskýrslu.

### UMBOÐSMAÐUR VIÐSKIPTAVINA

Umboðsmaður viðskiptavina er skipaður af bankastjóra.

Hlutverk umboðsmannsins er að tryggja sanngirni og hlutlægni í skuldaaðlö- unarmálum, koma í veg fyrir mismunun gagnvart viðskiptavinum og tryggja að ferlið í meðferð mála sé gegnsætt og skriflegt. Í tilviki fyrirtækja skal um- boðsmaður tryggja að samkeppnisaðstæður verði teknar með í reikninginn, að lífvænleg fyrirtæki séu sett í endurskipulagningu og að reglum um fjár- hagslega endurskipulagningu sé fylgt.

Til að ná þessum markmiðum skal umboðsmaður taka þátt í mótun á verklags- reglum og lausnum fyrir viðskiptavinum eftir því sem við á. Til viðbótar skal umboðsmaðurinn fara yfir tiltekin mál að beiðni viðskiptavinar, starfsmanna bankans og að eigin frumkvæði. Slík endurskoðun getur átt sér stað á meðan mál eru í meðhöndlun og eftir að þeim hefur verið lokið. Umboðsmaður hefur aðgang að upplýsingum og gögnum um tiltekin mál. Hann kemur upplýsingum um niðurstöður mála til viðskiptavina, starfsmanna og bankastjóra eftir því sem við á.

Umboðsmaður viðskiptavina tók til skoðunar 268 mál á árinu 2012, samanbor- ið við 345 mál árið 2011.

### INNRI ENDURSKOÐUN

Innri endurskoðandi er skipaður af stjórninni og heyrir beint undir hana. Stjórn- in setur innri endurskoðanda starfsreglur í erindisbréfi sem skilgreinir ábyrgð og umfang í vinnu hans. Hlutverk innri endurskoðunar er að veita óháða og hlutlæga staðfestingu og ráðgjöf sem ætlað er að vera virðisaukandi og bæta rekstur bankans. Endurskoðunin nær yfir bankann sjálfan, dótturfélög hans og lífeyrissjóði í rekstri bankans.

## ► STJÓRN OG STJÓRNARHÆTTIR

Erindisbréf innri endurskoðanda, leiðbeinandi tilmæli nr. 3/2008 frá Fjármálaeftirlitinu um hlutverk innri endurskoðunar í fjármálastofnunum og alþjóðlegir staðlar um innri endurskoðun móta endurskoðunina. Skoðunum innri endurskoðunar lýkur með endurskoðunarskýrslu þar sem fram eru settar athugasemdir með tímasettum kröfum um úrbætur. Innri endurskoðun fylgir úrbótum eftir ársfjórðungslega.

### REGLUVARSLA OG AÐGERÐIR GEGN PENINGAÞVÆTTI OG FJÁRMÖGNUN HRYÐJUVERKA

Arion banki leitast við að greina hvers konar hættu á misbrestum á því að uppfylla skyldur sínar samkvæmt lögum og hefur gripið til viðeigandi ráðstafana til þess að lágmarka slíka hættu.

Innan bankans starfar sjálfstæður regluvörður í samræmi við erindisbréf stjórnar. Regluvörður hefur einkum eftirfarandi hlutverki að gegna:

- ◆ Að fylgjast með og meta reglulega hæfi og skilvirkni ráðstafana og aðgerða sem gripið hefur verið til, til að lágmarka hættu á misbrestum við að uppfylla skyldur bankans samkvæmt lögum um verðbréfavíðskipti og lögum um aðgerðir gegn peningaþvætti og fjármögnun hryðjuverka.
- ◆ Að veita starfsmönnum bankans nauðsynlega fræðslu, ráðgjöf og aðstoð til að þeir geti uppfyllt skyldur bankans samkvæmt lögum um verðbréfavíðskipti, lögum um aðgerðir gegn peningaþvætti og fjármögnun hryðjuverka og samkeppnislögum.
- ◆ Að rannsaka og tilkynna lögreglu um grun um peningaþvætti eða fjármögnun hryðjuverka og tilkynna Fjármálaeftirlitinu um grun um markaðssvik. Regluvarsla framkvæmir einnig sjálfstæðar rannsóknir ef upp kemur grunur um brot gegn samkeppnislögum.

Regluvörður heyrir beint undir bankastjóra og gefur bankastjóra reglulega skýrslu um störf sín. Þá gefur regluvörður stjórn árlega skýrslu, auk þess að gefa endurskoðunar- og áhættunefnd stjórnar skýrslu ársfjórðungslega. Regluvörður hefur heimild til að skjóta málum beint til stjórnar, ef hann telur slíkt nauðsynlegt.

### HORNSTEINAR, SIÐAREGLUR OG SAMFÉLAGSLEG ÁBYRGÐ

Hornsteinar Arion banka eru heiti yfir gildi bankans. Hornsteinarnir eiga að vera leiðbeinandi við ákvarðanatöku og í öllu sem starfsfólk bankans gerir og segir. Þeir koma inn á hlutverk, hugarfar og hegðun. Hornsteinar Arion banka eru: Gerum gagn. Látum verkin tala. Komum hreint fram.

Stjórnendur og starfsfólk Arion banka er meðvitað um þá staðreynd að starfsemi bankans snertir mismunandi hagsmunaaðila og samfélagið í heild. Siðareglur bankans eru hugsaðar sem viðmið fyrir starfsfólk til að stuðla að ábyrgri ákvarðanatöku innan bankans. Siðareglurnar eru settar fram af stjórn, bankastjóra, framkvæmdastjórn og öðru starfsfólki bankans.

## ▶ STJÓRN OG STJÓRNARHÆTTIR

Eitt grundvallarlögmál samfélagslegrar ábyrgðar fyrirtækja er að heildarhagsmunir þeirra og samfélagsins fari saman. Arion banki er ábyrgur þegn í íslensku samfélagi og tekur sem slíkur virkan þátt í uppbyggingu þess og framþróun. Samfélagsleg ábyrgð bankans liggur ekki síst í því að bankinn ræki hlutverk sitt af kostgæfni, tryggi viðskiptavinum sínum öfluga þjónustu og vinni með þeim í þeim verkefnum sem þeir taka sér fyrir hendur. Bankinn styður einnig við vel valin málefni sem bæta mannlíf og efla, og er áhersla lögð á stuðning við eftirfarandi málaflokka: umhverfismál, nýsköpun og rannsóknir, íþróttir og heilbrigðismál, góðgerðarmál og menningu. Mörg þessara verkefna kalla á virkan þátt starfsmanna, en það er lykill að því að árangur náist.

### STJÓRN OG NEFNDIR

Stjórn Arion banka er kjörin á hluthafafundi til eins árs í senn. Á síðasta aðalfundi Arion banka, 22. mars 2012, voru kjörnir sex stjórnarmenn auk jafnmargra varamanna. Stjórnarmenn Arion banka eru með fjölbreyttan bakgrunn og mikil breidd er í hæfni þeirra, reynslu og þekkingu.

Árið 2012 fundaði stjórn Arion banka 14 sinnum. Um forföll var að ræða á tveimur fundum. Í öðru tilfallinu forfallaðist stjórnarmaður með skömmum fyrirvara á aukafund stjórnar en sendi sitt atkvæði fyrir fundinn með tölvupósti og því var ekki þörf á að kalla til varamann. Í hitt skiptið forfallaðist stjórnarmaður með mjög skömmum fyrirvara og ekki var unnt að kalla til varamann í hans stað.

Lánanefnd stjórnar fundaði 20 sinnum. Endurskoðunar- og áhættunefnd stjórnar fundaði 10 sinnum. Starfskjaranefnd stjórnar fundaði sex sinnum. Hér að neðan má sjá yfirlit yfir mætingu einstakra stjórnarmanna.

	Tímabil	Stjórn	Endursk.- og áhættunefnd	Lána- nefnd	Starfskjaranefnd
Monica Caneman	1. jan.-31. des.	14		17	
Guðrún Johnsen	1. jan.-31. des.	13	10		6
Agnar Kofoed-Hansen	1. jan. - 31. des.	14		20	6
Freyr Þórðarson	22. mar.-31. des.	11		13	
Jón G. Briem	1. jan.-31. des.	13	10		6
Máns Höglund	1. jan.-31. des.	14	10	19	
Guðrún Björnsdóttir*	1. jan.-22. mar.	4		4	
Guðjón Gústafsson**	1. jan.-31. des.		7		

\* Varamaður fyrir Theodór S. Sigurbergsson sem lét af stjórnarmennsku 5. september 2011

\*\* Nefndarmaður í endurskoðunar- og áhættunefnd, skipaður af stjórn

Helsta skylda stjórnar Arion banka felst í stjórnun bankans á milli hluthafafunda eins og nánar er skilgreint í lögum, reglum og samþykktum. Stjórn annast þann þátt rekstrar bankans sem ekki telst til daglegs rekstrar, þ.e. tekur ákvarðanir um mál sem eru óvenjuleg eða meiri háttar. Þá er ein af hennar megin skyldum að sinna eftirlitshlutverki með starfsemi bankans. Stjórn hittist að lágmarki tíu sinnum á ári. Starfsreglur stjórnar og undirnefnda hennar

## ► STJÓRN OG STJÓRNARHÆTTIR

taka m.a. mið af áðurnefndum leiðbeiningum um stjórnarhætti fyrirtækja. Starfsreglurnar verður hægt að finna á vefsíðu bankans. Að öðru leyti starfar stjórnin eftir þeim lögum og reglum sem í gildi eru á hverjum tíma og er hlutverk hennar skilgreint ítarlega í starfsreglum stjórnar og samþykktum bankans.

Ein af megin skyldum stjórnar Arion banka er að ráða bankastjóra sem fer með daglegan rekstur í samræmi við þá stefnu sem hún setur. Stjórn bankans og bankastjóri leggja sig fram um að sinna sínum störfum af heilindum og tryggja að bankinn sé rekinn á heilbrigðan og eðlilegan hátt með hagsmuni viðskiptavina, samfélagsins, hluthafa og bankans sjálfs að leiðarljósi, sbr. 1. mgr. 1. gr. laga um fjármálafyrirtæki nr. 161/2002. Þá sér bankastjóri um að útvega stjórn fullnægjandi stuðning til að sinna sínum skyldum.

Á fyrsta skipulagða fundi stjórnar eftir aðalfund skipar hún nefndarmenn í undirnefndir úr sínum röðum ásamt því að meta hvort ráða beri utanaðkomandi nefndarmenn í einstakar undirnefndir með það að markmiði að styrkja starf þeirra með aukinni sérfræðisþekkingu. Einn nefndarmanna endurskoðunar- og áhættunefndar, Guðjón Guðafsson, er ekki stjórnarmaður en hann er óháður bæði bankanum og hluthöfum hans. Í dag eru undirnefndir stjórnar endurskoðunar- og áhættunefnd, starfskjaranefnd og lánanefnd.

Stjórnarformaður er ábyrgur fyrir starfi stjórnarinnar og stýrir því. Stjórnarformaður stýrir fundum stjórnar og sér til þess að nægur tími fari í umræðu mikilvægra mála og að mál sem snúa að stefnumótun séu rædd ítarlega. Stjórnarformanni er ekki heimilt að taka að sér önnur störf fyrir bankann nema þau séu eðlilegur hluti af skyldum stjórnarformanns.




Stjórn Arion banka, frá vinstri: Freyr Þórðarson, Jón G. Briem, Guðrún Johnsen, Agnar Kofoed-Hansen, Monica Caneman og Måns Höglund.

## ► STJÓRN OG STJÓRNARHÆTTIR

Stjórn Arion banka framkvæmir árlega árangursmat þar sem hún metur sína vinnu, nauðsynlegan fjölda stjórnarmanna, samsetningu stjórnarinnar, árangur sem og störf undirnefnda m.t.t. framangreindra þátta. Þetta mat framkvæmdi hún síðast á fundum sínum 4. september og 1. október 2012. Helstu niðurstöður úr matinu voru að stjórnin var sammála um: að hlutverk hennar og undirnefnda hennar væri skýrt skilgreint sem og hlutverk formanns og varaformanns; að upplýsingaflæði stjórnenda til stjórnar væri til fyrirmyndar; og að samskipti við bankastjóra og framkvæmdastjórn væru mjög góð. Stjórnin kom nokkrum ábendingum til bankastjóra um hvað betur mætti fara, bankastjóri bætti úr þeim atriðum tafarlaust.

### STJÓRNSKIPUN ARION BANKA



## ► STJÓRN OG STJÓRNARHÆTTIR

### Í STJÓRN ARION BANKA ERU

#### MONICA CANEMAN, STJÓRNARFORMAÐUR

Monica er fædd árið 1954. Monica er sænsk og er búsett í Svíþjóð. Hún var fyrst kjörin sem stjórnarmaður á hluthafafundi 18. mars 2010. Hún er ekki hluthafi í Arion banka og er óháður stjórnarmaður. Monica er jafnframt formaður lánanefndar stjórnar.

Monica brautskráðist sem hagfræðingur frá Stockholm School of Economics 1976. Hún starfaði hjá Skandinaviska Enskilda Banken (nú SEB) frá 1977 til 2001. Monica gegndi ýmsum störfum innan viðskiptabankahluta bankans. Árið 1995 tók hún sæti í framkvæmdastjórn og varð aðstoðarforstjóri 1997. Samtímis varð hún varamaður í stjórn bankans. Monica lét af störfum í bankanum 2001. Síðan hefur hún einbeitt sér að setu í stjórnnum fyrirtækja.

Um þessar mundir situr Monica í stjórnnum margra fyrirtækja og félagasamtaka og er formaður nokkurra þeirra.



#### GUÐRÚN JOHNSEN, VARAFORMAÐUR

Guðrún er fædd árið 1973. Hún var fyrst kjörin í stjórn Arion banka á hluthafafundi 18. mars 2010. Hún er ekki hluthafi í bankanum og er óháður stjórnarmaður. Guðrún er formaður starfskjaranefndar stjórnar og situr jafnframt í endurskoðunar- og áhættunefnd stjórnar.

Guðrún lauk BA-prófi í hagfræði frá Háskóla Íslands 1999. Árið 2002 lauk hún MA-prófi í hagnýtri hagfræði frá University of Michigan, Ann Arbor í Bandaríkjunum, og ári síðar MA-prófi í tölfræði frá sama háskóla. Guðrún starfaði sem verðbréfamiðlari hjá Fjárfestingarbanka atvinnulífsins (FBA) 1999 til 2001, sem aðstoðarkennari og aðstoðarmaður í rannsóknum hjá University of Michigan, Ann Arbor, 2002 til 2003. Á árunum 2004 til 2006 starfaði hún sem sérfræðingur í fjármálakerfis- og peningamáladeild Alþjóðagjaldeyrissjóðsins.

Guðrún hefur verið lektor við viðskiptadeild Háskólans í Reykjavík frá árinu 2006. Hún hefur setið í stjórn Rekstrarfélags MP Fjárfestingarbanka og er stjórnarformaður ÞOR (Þróunar og rannsókna). Frá 2009 til 2010 starfaði Guðrún sem yfirrannsakandi í rannsóknarnefnd Alþingis þar sem hún leitaði orsaka og atburða sem leiddu til falls íslenska bankakerfisins árið 2008.





## ► STJÓRN OG STJÓRNARHÆTTIR

### AGNAR KOFOED-HANSEN

Agnar er fæddur árið 1956. Agnar var fyrst kjörinn sem varamaður í stjórn Arion banka á hluthafafundi 18. mars 2010. Hann var svo kjörinn sem aðalmaður á aðalfundi bankans 24. mars 2011. Hann er ekki hluthafi í bankanum og er óháður stjórnarmaður. Agnar á sæti í starfskjaranefnd stjórnar og lánanefnd stjórnar.

Agnar lauk prófi í véla- og iðnaðarverkfræði frá Háskóla Íslands árið 1981. Hann lauk meistaraþrófi í rekstrarverkfræði frá Danmarks tekniske Universitet árið 1983. Þá stundaði hann nám á meistarastigi með áherslu á fjármálagreiningu, bókhald og markaðsfræði við viðskiptadeild MIT, Sloan, í Bandaríkjunum. Hann hlaut löggingu sem verðbréfamiðlari árið 1991. Til viðbótar hefur hann lokið fjölda námskeiða á sviði stjórnunar og rekstrar. Frá 1983 til 1987 starfaði Agnar hjá Þróun hf. sem sölu- og markaðsstjóri. Hann starfaði hjá Iðnaðarbanka Íslands hf. sem forstöðumaður lánasviðs frá 1987 til 1989. Á árunum frá 1989 til 2000 var hann m.a. forstöðumaður Verðbréfasviðs Kaupþings hf., framkvæmdastjóri hjá Upplýsingaþjónustunni ehf. og stjórnarmaður og forstöðumaður skýrsludeildar hjá Creditinfo Lánstrausti hf. Agnar starfaði sem framkvæmdastjóri SPRON Factoring hf. frá 2000 til 2007.

Í dag starfar Agnar sem framkvæmdastjóri fjármála hjá HRV ehf.



### FREYR ÞÓRÐARSON

Freyr er fæddur árið 1973. Hann var fyrst kjörinn í stjórn Arion banka á aðalfundi hans 22. mars 2012. Hann er ekki hluthafi í bankanum. Hann er starfsmaður Kaupþings hf. og komi upp hagsmunaaðrekstrar vegna þess tekur hann ekki þátt í umfjöllun viðkomandi máls. Freyr situr í lánanefnd stjórnar.

Freyr lauk BS-prófi í viðskiptafræði við Háskólann í Reykjavík árið 2003 og útskrifaðist með MBA-gráðu frá sama skóla árið 2010. Áður stundaði hann nám við Universität Salzburg í Austurríki og lauk sk. Vordiplom í fjölmiðlafræði árið 1999. Hann hefur starfað í fjármála- og bankageiranum frá árinu 2001, bæði á Íslandi og erlendis, lengst af hjá Straumi Fjárfestingarbanka, en einnig hjá Gnúpi fjárfestingarfélagi og Íslandsbanka/Glitni. Áður starfaði Freyr hjá átöppunarfyrirtækinu IcelandSpring/Þórsbrunnur við verksmiðjuuppbyggingu og stjórnun á árunum 1999 til 2001.

Freyr sinnir nú endurskipulagningar- og endurheimtuverkefnum í skandinavíska eignasafni Kaupþings hf. og hefur gert það frá 2009. Hann situr í stjórn Norvestia Oyj sem er skráð á NASDAQ OMX Helsinki og situr í stjórnnum tveggja óskráðra iðnfyrirtækja í Skandinavíu fyrir hönd Kaupþings hf.



## ▶ STJÓRN OG STJÓRNARHÆTTIR

### JÓN G. BRIEM

Jón er fæddur árið 1948. Hann var fyrst kjörinn sem varamaður í stjórn Arion banka á aðalfundi hans 20. maí 2010. Hann var svo kjörinn sem aðalmaður á aðalfundi bankans 24. mars 2011. Hann er ekki hluthafi í bankanum og er óháður stjórnarmaður. Jón á sæti í endurskoðunar- og áhættunefnd stjórnar og starfskjaranefnd stjórnar.

Jón lauk cand. jur. prófi frá Háskóla Íslands 1974 og prófi í rekstrar- og viðskiptafræðum frá Endurmenntunarskólun HÍ 1999. Hann varð héraðsdómslögmaður 1977 og Hæstaréttarlögmaður 1990. Á árunum 1976 til 1990 rak Jón ásamt öðrum Lögfræðistofu Suðurnesja sf. Frá 1991 til 1999 var hann forstöðumaður lögfræðideildar Íslandsbanka hf. og frá 2000 til 2001 var hann útíbússtjóri hjá sama banka.

Árið 2002 hóf Jón rekstur lögmannsstofu í Reykjavík og rekur hana enn. Jón hefur setið í stjórnnum margra fyrirtækja og félagasamtaka, meðal annars í laganefndum sambands evrópskra viðskiptabanka og sambands norrænu viðskiptabankanna.



### MÅNS HÖGLUND

Måns er fæddur árið 1951. Hann er sænskur og býr í Portúgal. Hann var fyrst kjörinn sem aðalmaður í stjórn Arion banka á aðalfundi hans 24. mars 2011. Hann er ekki hluthafi í bankanum og er óháður stjórnarmaður. Måns er formaður endurskoðunar- og áhættunefndar stjórnar og situr í lánanefnd stjórnar.

Måns útskrifaðist frá Stockholm School of Economics árið 1975 þar sem hann starfaði við kennslu og vann við rannsóknir eftir nám. Måns gegndi ýmsum störfum hjá Hambros Bank í London frá 1977 til 1984, m.a. sem svæðisstjóri fyrir Danmörku og Ísland í tvö ár. Árið 1984 hóf hann störf hjá Götabanken í London en færði sig svo til Stokkhólms innan sama banka árið 1989 þar sem hann starfaði sem forstöðumaður alþjóðafjármálasviðs til 1991. Frá 1991 til 1999 starfaði hann hjá Swedbank, m. a. sem forstöðumaður fyrirtækjasviðs. Á árunum 1999 til 2002 vann hann fyrir bæði Unibank (sem forstöðumaður yfir Svíþjóð) og Nordea (sem forstöðumaður einkabankaþjónustu, Svíþjóð).

Frá 2002 til 2011 starfað Måns hjá Swedish Export Credit Corporation (SEK) sem framkvæmdastjóri fyrirtækjaþjónustu með sæti í framkvæmdastjórn bankans.



### VARAMENN Í STJÓRN ERU

Björg Arnardóttir, Guðjón Ólafur Jónsson (sagði sig úr stjórn í september 2012), Guðrún Björnsdóttir, Hrönn Ingólfssdóttir, Kirstín Þ. Flygenring og Þóra Hallgrímsdóttir.

## ► STJÓRN OG STJÓRNARHÆTTIR

### BANKASTJÓRI

Bankastjóri ber ábyrgð á daglegum rekstri bankans, framkvæmd stefnu stjórnar, samskiptum við aðrar fjármálastofnanir og yfirvöld, starfsmannamálum, markaðsmálum og öllum almennum störfum. Bankastjóri skal reglulega veita stjórn skýrslur um rekstur og fjárhag bankans og öll mikilvæg atriði sem geta haft áhrif á rekstur og efnahag bankans. Um ábyrgð og skyldur bankastjóra er að öðru leyti vísað til VII. kafla laga nr. 161/2002 og IX. kafla laga nr. 2/1995. Starfsskyldur bankastjóra og ábyrgð hans taka mið af því lagaumhverfi sem hann starfar í á hverjum tíma, hérlendis sem erlendis, auk þeirra reglna sem stjórn bankans kann að setja.

Bankastjóri Arion banka er Höskuldur H. Ólafsson. Höskuldur er ekki hluthafi í bankanum og við hann hafa ekki verið gerðir kaupréttarsamningar.

### UPPLÝSINGAR UM BROT Á LÖGUM OG REGLUM

Arion banka hefur ekki verið synjað um skráningu, heimild, aðild eða leyfi til þess að stunda tiltekin viðskipti, starfsemi eða starf. Bankinn hefur ekki sætt afturköllun, ógildingu eða uppsögn skráningar, heimildar, aðildar eða leyfis.

Upplýsingar um önnur mál tengd Arion banka er að finna í skýringum með ársreikningi samstæðu bankans.

### SAMSKIPTI HLUTHAFA OG STJÓRNAR

Stjórnarformaður sér um samskipti fyrir hönd stjórnar og bankans við hluthafa á milli löglega boðaðra hluthafafunda sem eru meginvettvangur upplýsingagjafar til hluthafa. Jafnframt hafa hluthafar, fyrir tilstuðlan stjórnar, komið á kynningarfundum í bankanum með bankastjóra þar sem árshlutauppgjör bankans eru rædd.

Stjórnarháttayfirlýsing þessi var yfirfarin og samþykkt á fundi stjórnar bankans 28. febrúar 2013.

# YFIRSTJÓRN


HÖSKULDUR H. ÓLAFSSON

## Bankastjóri

Höskuldur er fæddur árið 1959. Hann tók við stöðu bankastjóra Arion banka í júní 2010. Höskuldur starfaði áður sem forstjóri Valitor hf.-VISA Ísland frá árinu 2006. Þar áður starfaði hann hjá Eimskipum í 17 ár þar sem hann sinnti margvíslegum stjórnunarstörfum, þar á meðal stöðu aðstoðarforstjóra fyrirtækisins. Höskuldur hefur jafnframt setið í stjórnnum fjölmargra félaga og fyrirtækja hér á landi og erlendis. Hann er formaður stjórnar Samtaka fjármála-fyrirtækja og situr auk þess í stjórn Viðskiptaráðs Íslands. Höskuldur útskrifaðist með cand. oecon. gráðu í viðskiptafræði frá Háskóla Íslands árið 1987.



## SKIPURIT



## ► YFIRSTJÓRN

### VIÐSKIPTAEININGAR

#### BJÖRK ÞÓRARINSDÓTTIR

##### **Framkvæmdastjóri fyrirtækjasviðs**

Björk er fædd árið 1964. Hún hóf störf á fyrirtækjasviði Búnaðarbanka Íslands árið 2001, síðar Kaupþings banka. Árið 2009 varð Björk framkvæmdastjóri fyrirtækjasviðs Arion banka. Björk starfaði áður sem sérfræðingur og síðar fjármálastjóri hjá Baxter International í Bandaríkjunum og Þýskalandi á árunum 1991 til 1996. Á árunum 1997 til 1998 starfaði Björk sem fjármálastjóri símaframleiðandans Philips Consumer Communications í Frakklandi. Hún tók við fjármálastjórnastöðu Silfurtúns á Íslandi og Silverton í Noregi árið 1998 og gegndi þeirri stöðu til ársins 2000. Björk var kosin stjórnarformaður Valitor hf. í janúar 2010. Björk brauðskráðist með cand.oecon. gráðu í viðskiptafræði frá Háskóla Íslands árið 1990.



#### HALLDÓR BJARKAR LÚÐVÍGSSON

##### **Framkvæmdastjóri fjárfestingarbankasviðs**

Halldór er fæddur árið 1967. Hann tók við starfi framkvæmdastjóra fyrirtækjaþjónustu Arion banka í desember 2009. Halldór var skipaður framkvæmdastjóri fjárfestingarbankasviðs í september 2011. Á tímabilinu frá 1992 til 2005 gegndi Halldór ýmsum stjórnunarstöðum, lengst sem forstjóri Maritech A/S, alþjóðlegs fyrirtækis sem selur tæknilausnir til sjávarútvegsfyrirtækja. Árið 2005 hóf Halldór störf á útlánasviði hjá Kaupþingi banka þar sem hann bar ábyrgð á útlánunum á Norðurlöndunum. Árið 2008 vann Halldór fyrir skilanevnd Kaupþings sem framkvæmdastjóri yfir eignasafni bankans á Norðurlöndum. Hann hefur setið í stjórnun ýmissa fyrirtækja. Halldór útskrifaðist sem véla- verkfræðingur frá Háskóla Íslands árið 1991 og með B.S. í tölvunarfræði frá Háskóla Íslands árið 1992.



#### HELGI BJARNASON

##### **Framkvæmdastjóri viðskiptabankasviðs**

Helgi er fæddur árið 1969. Hann var skipaður framkvæmdastjóri rekstrarsviðs Arion banka í október 2010. Helgi tók við starfi framkvæmdastjóra viðskiptabankasviðs í október 2011. Frá árinu 1997 til 2006 starfaði Helgi sem tryggingastærðfræðingur hjá Alþjóða líftryggingarfélaginu sem í dag heitir OKKAR líftryggingar. Árið 2006 hóf Helgi störf hjá Sjóvá Almennum tryggingum en þar gegndi hann stöðu aðstoðarframkvæmdastjóra auk þess að gegna stöðu framkvæmdastjóra Sjóvá Almennra líftrygginga. Helgi hefur setið í ýmsum stjórnun, m.a. í stjórn Félags Íslenskra tryggingastærðfræðinga, Samtaka atvinnulífsins, Samtaka fjármálafyrirtækja og er nú formaður stjórnar OKKAR líftrygginga. Helgi útskrifaðist með B.S. í stærðfræði frá Háskóla Íslands árið 1992 og með cand.act gráðu í tryggingastærðfræði frá Háskólanum í Kaupmannahöfn árið 1997.



## ► YFIRSTJÓRN

### MARGRÉT SVEINSDÓTTIR

#### Framkvæmdastjóri eignastýringarsviðs

Margrét er fædd árið 1960. Hún varð framkvæmdastjóri eignastýringarsviðs Arion banka í febrúar 2009. Margrét hefur yfir 20 ára reynslu í fjármálageiranum sem spannar allt frá greiningu á lánstrausti og fræðslu til viðskiptavina til eignastýringar. Margrét hóf störf í lánadeild lónaðarbanka Íslands árið 1985 þar sem hún var um tíma forstöðumaður. Þaðan fór Margrét til Verðbréfamarkaðar Íslandsbanka, síðar Eignastýringar Glitnis hf., þar sem hún var forstöðumaður Verðbréfavaktar ásamt Eignastýringar einstaklinga. Árið 2007 tók Margrét við starfi forstöðumanns samskipta við erlendar fjármálastofnanir innan fjárstýringar Glitnis hf./Nýja Glitnis. Margrét hefur setið í fjölmörgum stjórnum og má þar nefna: Stjórn Tryggingarsjóðs innstæðueigenda og fjárfesta fyrir hönd SFF, stjórn OKKAR líftrygginga hf. og í stjórn nokkurra sjóðafyrirtækja í Lúxemborg. Margrét útskrifaðist með MBA-gráðu frá Babson College í Massachusetts í Bandaríkjunum árið 1990 og cand. oecon. gráðu í viðskiptafræði frá Háskóla Íslands árið 1986. Hún er einnig með próf í verðbréfavíðskiptum.



### STOÐSVIÐ

### JÓNÍNA S. LÁRUSDÓTTIR

#### Framkvæmdastjóri lögfræðisviðs

Jónína er fædd árið 1970. Hún varð framkvæmdastjóri lögfræðisviðs Arion banka í nóvember 2010. Árið 1996 hóf Jónína störf hjá A&P lögmonnum en færði sig um set árið 2000 til viðskiptaráðuneytisins þar sem hún var deildar-sérfræðingur á skrifstofu fjármagnsmarkaðar. Þá var hún skipuð skrifstofustjóri almennrar skrifstofu í iðnaðar- og viðskiptaráðuneytinu árið 2004. Árið 2007 var hún skipuð ráðuneytisstjóri í viðskiptaráðuneytinu, nú fjármála- og efnahagsráðuneyti. Jónína hefur setið í og stýrt fjölmörgum nefndum, m.a. á vegum forsætisráðuneytisins og starfað sem stundakennari, m.a. við laga-deild Háskóla Íslands. Hún var formaður Tryggingarsjóðs innstæðueigenda og fjárfesta á árunum 2003 og 2004. Jónína brauðskráðist sem lögfræðingur frá Háskóla Íslands árið 1996 og fékk málflutningsréttindi fyrir héraðsdómi ári síðar. Árið 2000 lauk hún meistaraþrófi frá London School of Economics and Political Science.



### RAKEL ÓTTARSDÓTTIR

#### Framkvæmdastjóri þróunar- og markaðssviðs

Rakel er fædd árið 1973. Hún hóf störf á upplýsinga- og tæknisviði Kaupþings banka árið 2005 þar sem hún gegndi starfi viðskiptastjóra. Árið 2010 tók Rakel við starfi forstöðumanns árangurs- og verkefnastjórnunar á þróunar- og markaðssviði Arion banka. Í desember 2011 var Rakel skipuð framkvæmdastjóri þróunar- og markaðssviðs bankans. Hún starfaði áður sem rekstrar- og þróunarstjóri hjá hugbúnaðarfyritækinu TM Software. Rakel útskrifaðist með MBA-gráðu frá Duke University í Norður-Karólínu í Bandaríkjunum árið 2002 og sem tölvunarfræðingur frá Háskóla Íslands árið 1997.



## ► YFIRSTJÓRN

### SIGURJÓN PÁLSSON

#### Framkvæmdastjóri rekstrarsviðs

Sigurjón er fæddur árið 1972. Sigurjón hóf störf hjá fyrirtækjaráðgjöf Kaupþings banka árið 2005. Hann tók við starfi forstöðumanns í fyrirtækjalausnum Arion banka árið 2009. Sigurjón var skipaður framkvæmdastjóri rekstrarsviðs bankans í október 2011. Fram til 2004 gegndi Sigurjón ýmsum stjórnunarstöðum hjá Ístaki hf. Þannig stýrði hann byggingaframkvæmdum og vegafraamkvæmdum samhliða því að vera yfir upplýsingatæknimálum fyrirtækisins. Sigurjón hefur setið í stjórnum fyrirtækja bæði á Íslandi og erlendis. Sigurjón útskrifaðist með meistaraþáttu í stjórnun aðfangakeðjunnar (e. Supply Chain Management) frá MIT árið 2005. Hann lauk meistaraþáttu í stjórnun verklegra framkvæmda (e. Construction Management) frá KTH í Stokkhólmi árið 1998. Sigurjón brautskráðist sem verkfræðingur frá Háskóla Íslands árið 1996. Hann lauk prófi til löggildingar í verðbréfavíðskiptum árið 2007.



### STEFÁN PÉTURSSON

#### Framkvæmdastjóri fjármálasviðs

Stefán er fæddur árið 1963. Hann tók við starfi framkvæmdastjóra fjármálasviðs Arion banka í ágúst 2010. Á árunum 1986 til 1989 starfaði Stefán sem skrifstofustjóri hjá Rannsóknarstofnun fiskiðnaðarins. Að loknu framhaldsnámi í Bandaríkjunum hóf hann störf hjá Landsvirkjun. Þar starfaði hann sem yfirmaður lánamála, tók síðar við fjármáladeild og stýrði fjármálasviði fyrirtækisins frá árinu 2002. Stefán var í leyfi frá Landsvirkjun á árinu 2008 og stýrði á meðan fjárfestingarfélaginu HydroKraft Invest hf. Stefán hefur gegnt fjölda trúnaðar- og stjórnunarstarfa á undanförunum árum. Hann situr nú í stjórn Landfesta hf. og Tryggingarsjóðs innstæðueigenda og fjárfesta fyrir hönd SFF. Stefán útskrifaðist með MBA-gráðu frá Babson College í Massachusetts í Bandaríkjunum árið 1991 og cand. oecon. gráðu í viðskiptafræði frá Háskóla Íslands árið 1986.



## ► YFIRSTJÓRN

### INNRA EFTIRLIT

#### DR. GÍSLI ÓTTARSSON

##### **Framkvæmdastjóri áhættustýringarsviðs**

Gísli er fæddur árið 1963. Hann hóf störf við áhættustýringu Kaupþings banka árið 2006, þar sem hann gegndi stöðu forstöðumanns við rannsóknar- og hönnunardeild. Gísli tók við starfi framkvæmdastjóra áhættustýringarsviðs Arion banka í apríl 2009. Frá 1994 til 2001 stýrði Gísli þróun verkfræðiforritsins ADAMS fyrir Mechanical Dynamics Inc. í Bandaríkjunum. Frá 2001 til 2006 stýrði hann þróun verkfræðihugbúnaðar fyrir MSC.Software í Bandaríkjunum. Gísli hlaut meistaraþráðu í hagnýtri aflfræði frá University of Michigan árið 1989 og doktorsgráðu í vélaverkfræði árið 1994 frá sama skóla. Árið 1986 lauk Gísli prófi í byggingarverkfræði frá Háskóla Íslands.



#### HÁKON MÁR PÉTURSSON

##### **Regluvörður**

Hákon er fæddur árið 1981. Hann hóf störf í regluvörslu Arion banka í apríl 2011 og varð regluvörður bankans í mars 2012. Á árunum 2006 til 2009 starfaði Hákon sem sérfræðingur á verðbréfasviði Fjármálaeftirlitsins (FME). Á þessum tíma var hann m.a. fulltrúi FME í hópi sérfræðinga vegna bæði MiFID og yfirtökutilskipunarinnar, hjá nefnd evrópskra verðbréfaeftirlita (CESR), auk þess að vera gestafyrirlesari hjá bæði Háskóla Íslands og Háskólanum í Reykjavík. Á árunum 2009 til 2011 starfaði Hákon hjá KVASIR Lögmenn í ýmsum málum tengdum bankastarfsemi og fjárhagslegri endurskipulagningu. Hákon útskrifaðist sem lögfræðingur frá lagadeild Háskóla Íslands árið 2007 og er auk þess löggiltur verðbréfamiðlari.



#### LILJA STEINÞÓRSDÓTTIR

##### **Innri endurskoðandi**

Lilja er fædd árið 1949. Hún hóf störf sem innri endurskoðandi hjá Kaupþingi banka árið 2006. Lilja var skipuð innri endurskoðandi Arion banka í október 2008. Áður starfaði Lilja sem innri endurskoðandi hjá Seðlabankanum í átta ár. Árið 1986 stofnaði hún endurskoðunarfyrirtæki á Akureyri sem hún rak í 13 ár. Hún sat í endurskoðunarnefnd Reiknistofu bankanna frá 1998 til 2010, til að byrja með fyrir hönd Seðlabanka Íslands en síðar fyrir hönd Arion banka. Árið 1998 útskrifaðist Lilja með MBA-gráðu frá University of Edinburgh. Hún varð löggiltur endurskoðandi árið 1984 og útskrifaðist með cand. oecon. gráðu í viðskiptafræði frá Háskóla Íslands árið 1980.





## ► YFIRSTJÓRN

### UMBOÐSMAÐUR

HELGI G. BJÖRNSSON

#### **Umboðsmaður viðskiptavina**

Helgi er fæddur árið 1961. Hann hóf störf hjá Búnaðarbanka Íslands árið 1993, síðar Kaupþingi banka, sem aðstoðarútibússtjóri á Akureyri. Árið 1999 tók Helgi við útibússtjórnastöðu í Grafarvogsvéttun og gegndi því starfi fram á vorið 2010 þegar hann hóf störf sem sérfræðingur hjá umboðsmanni viðskiptavina Arion banka. Helgi tók við sem umboðsmaður viðskiptavina Arion banka í apríl 2012. Frá 1989 til 1993 vann Helgi fyrir Skattrannsóknarstjóra, þar sem hann hafði umsjón og eftirlit, ásamt því að veita ráðgjöf, í reikningshaldi fyrirtækja fyrir Norðurland eystra. Frá 1987 til 1989 starfaði Helgi sem kennari við Samvinnuháskólann og Háskólann á Bifröst þar sem hann kenndi m.a. reikningshald og framleiðslu- og starfsmannastjórnun. Helgi útskrifaðist sem iðnrekstrarfræðingur frá Tækniskóla Íslands árið 1987.







## ÞESSI TÍMI ER EINSTAKUR

---

Arion banki hefur verið í forystu um nýjungar á íbúðalánamarkaði. Þannig mætum við óskum viðskiptavina. Á árinu hóf bankinn að bjóða viðskiptavinum sínum lægri greiðslubyrði íbúðalána meðan á töku fæðingarorlofs stendur. Með þessu móti komum við til móts við viðskiptavini okkar á mikilvægum tíma í lífi þeirra – tíma sem er einstakur.

# MANNAUÐUR

Hjá Arion banka er lögð áhersla á að skapa starfsumhverfi sem einkennist af fagmennsku, metnaði, framsækni og góðri samvinnu á milli sviða, starfsstöðva og einstaklinga. Starfsfólkið er hjartað í starfsemi Arion banka og kappkostar bankinn að búa vel að starfsfólki sínu.

## KYNJASKIPTING OG ALDURSDREIFING STARFSMANNA

Í upphafi árs 2012 voru 888 starfsmenn hjá bankanum í 858 stöðugildum. Breytingar urðu á starfsmannahópi Arion banka á árinu við samruna bankans við Verdis og Sparisjóð Ólafsfjarðar en hjá þessum fyrirtækjum störfuðu alls 47 einstaklingar í 42 stöðugildum. Alls voru 977 starfsmenn í 949 stöðugildum í lok árs 2012 hjá bankanum, þar af 67% konur og 33% karlar. Nýráðningar voru 90 á árinu, þar af voru 60% konur og 40% karlar. Starfsmannavelta var 9,63%. Fjölgun stöðugilda á árinu 2012 var 44 til viðbótar við stöðugildi Verdis og Sparisjóðs Ólafsfjarðar.

Kynjaskipting á meðal stjórnenda bankans eru fremur jöfn eins og sést á meðfylgjandi mynd.

Aldursdreifing er annars fremur jöfn. Meðalaldur starfsfólks Arion banka er 42 ár en búast má við að meðalaldur hækki á næstu árum. Starfsmenn hætta við 67 ára aldur hjá bankanum.


Fjölmarginir starfsmenn hafa sýnt bankanum og forverum hans mikla tryggð. Dæmi eru um að starfsmenn séu með meira en 40 ára starfsaldur. Meðalstarfsaldur er níu ár.

## MENNTUN STARFSFÓLKS


Hlutfall starfsmanna með háskólapróf er 59%, 23% eru með stúdentspróf, iðnmenntun eða verslunarskólapróf og 19% eru með grunnskóla- eða gagnfræðapróf. Háskólamenntuðum starfsmönnum hefur fjölgað á undanförunum árum, en nokkrir starfsmenn stunda nám með vinnu.

Meðalkostnaður vegna aðkeyptrar fræðslu, ráðstefna og endurmenntunar starfsmanna var 98 þúsund krónur á starfsmann árið 2012. Fræðslukostnaður jókst þegar leið á árið, meðal annars vegna aukinnar fræðslu í tengslum við straumlínustjórnun (A plús).


Kynjahlutföll



Kynjaskipting stjórnenda



Aldursdreifing starfsmanna



## ► MANNAUÐUR

### STARFSMANNASTEFNA ARION BANKA

Starfsmannastefnan speglast í orðunum „réttur maður á réttum stað“. Með þessum orðum vill bankinn leggja áherslu á vandaðar ráðningar, fræðslu við hæfi og að starfsmenn fái að njóta hæfileika sinna í starfsþróun.

#### Stjórnendur

Við gerum þær kröfur til stjórnenda að þeir séu samstarfsfólki sínu góðar fyrirmyndir, ástundi vönduð vinnubrögð, leggi sig fram um góð samskipti, sýni framúrskarandi hegðun og geri sitt besta til að ná miklum árangri. Stjórnendum er ætlað að veita samstarfsfólki sínu þann stuðning sem nauðsynlegur er. Þar er meðal annars átt við fræðslu, leiðbeiningar og ráðgjöf auk aðstoðar við úrlausn í erfiðum málum sem upp kunna að koma. Endurgjöf á frammistöðu starfsmanna er einnig mikilvægur þáttur í störfum stjórnenda. Það er sannfæring okkar að njóti stjórnendur trausts stuðli það að trausti meðal samstarfsfólks sem skilar sér jafnframt til viðskiptavina.

#### Ráðningar

Við leggjum áherslu á að laða að og halda í hæft starfsfólk með því að skapa eftirsóknarverðan vinnustað. Við ráðningu fara saman hagsmunir bankans og umsækjanda. Ávallt er ráðinn hæfasti umsækjandinn með tilliti til reynslu og menntunar. Laus störf eru auglýst á Innraneti bankans og einnig á vefsíðu hans og í mörgum tilfellum í dagblöðum.

#### Samskipti á vinnustað

Góð samskipti á vinnustað eru grundvöllur góðs vinnustaðar. Með góðum samskiptum er ekki bara átt við jákvæðni, kurteisi og gott viðmót á milli starfsmanna heldur einnig að starfsfólk virði störf hvers annars og afgangi verkefni á milli deilda á skilvirknan hátt innan tilskilins tíma.

#### Launamál

Til að laða að hæfasta starfsfólkið og styðja við starfsánægju greiðir bankinn samkeppnishæf laun sem eru sambærileg við laun starfsmanna í sambærilegum störfum hjá öðrum fjármálafyrirtækjum á Íslandi. Laun innan bankans eiga að spegla ábyrgð, stöðu, bakgrunn og frammistöðu starfsfólks.

#### Heilsa og velferð

Við leggjum áherslu á að starfsfólk njóti öryggis og heilbrigðis í vinnuumhverfinu og vill bankinn leggja sitt af mörkum til velfarnaðar starfsfólks. Starfsmenn eru hvattir til að rækta eigin heilsu og ástunda heilbriggt lífverni og stuðlar bankinn að því með margvíslegum hætti. Bankinn er reyklus vinnustaður og notkun áfengis og annarra vímuefna við störf er óheimil.

## ► MANNAUÐUR

### Hvetjandi starfsumhverfi

Við leggjum áherslu á að byggja upp og viðhalda hvetjandi starfsumhverfi þar sem starfsfólk hefur tækifæri til að þróast í starfi og fær reglulega endurgjöf á frammistöðu sína. Til að tryggja þetta eiga frammistöðusamtöl sér stað einu sinni á ári í bankanum. Bankinn leggur jafnframt áherslu á framkvæmd vinnustaðagreiningar með það að markmiði að efla starfsumhverfið og starfsánægju starfsfólks.

### Þjálfun og fræðsla

Markmið bankans er að efla og viðhalda faglegri þekkingu starfsfólks. Áhersla er lögð á góða og markvissa þjálfun starfsmanna og sérhæfða fræðslu sem nýtist í starfi. Við kappkostum einnig að nýtt starfsfólk fái góðar móttökur í upphafi starfsferils. Ákveðin störf krefjast lágmarkspækningar og hæfni samkvæmt lögum og samkvæmt kröfum bankans, en að auki hvetjum við starfsfólk til að viðhalda faglegri þekkingu og veitum því tækifæri til að eflast og þróast í starfi.

### JAFNRÉTTISSTEFNA

Stefna Arion banka í jafnréttismálum er mjög skýr. Bankastjóri Arion banka ber ábyrgð á jafnréttisstefnunni en jafnréttisnefnd, sem starfandi er innan bankans, sér um að fylgja stefnunni eftir.

### VINNUSTAÐAGREINING

Einn megintilgangur vinnustaðagreiningar, sem framkvæmd er árlega í Arion banka, er að bæta vinnustaðinn og auka starfsánægju. Greiningin gefur okkur mikilvæga sýn á viðhorf starfsmanna til þessara þátta. Nýjasta vinnustaðagreiningin í bankanum var framkvæmd á fyrri hluta ársins 2012 og sýndi útkoma hennar heilt yfir mjög jákvæða þróun. Meðal þátta sem komu sérstaklega vel út voru þættir tengdir hrósi, endurgjöf og hvatningu, en einnig var niðurstaðan hvað varðar heildaránægju starfsfólks góð. Starfsfólk hefur auk þess góða þekkingu á stefnu bankans, sem við teljum gríðarlega mikilvægt. Allir þessir þættir komu mjög vel út í samanburði við fyrri mælingar innan bankans og eins í samanburði við gagnabanka Capacent á Íslandi.

Samkvæmt greiningunni finnst starfsfólki það hafa mjög gott umboð til athafna, það er almennt sammála því að það sé hvatt til að koma með nýjar hugmyndir og sýna frumkvæði í starfi. Þessar niðurstöður sýna vel þann árangur sem hefur náðst í þessum málum undanfarin ár.

### STARFSMANNAFÉLAGIÐ SKJÖLDUR

Starfsmannafélag er starfrækt innan bankans og ber það nafnið Skjöldur. Markmið félagsins er að efla félagslega vitund, samstarf og samheldni meðal starfsmanna Arion banka og tengdra félaga. Á vegum félagsins störfuðu eftirtaldar nefndir á árinu 2012: orlofshúsanefnd, skemmtinefnd, ferðanefnd, íþróttanefnd og golfnefnd og gefa þær glögga mynd af áherslum í starfsemi félagsins á árinu.

### JAFNRÉTTISSTEFNA ARION BANKA

Stefna Arion banka er að hámarka mannauð sinn með því að tryggja jöfn tækifæri og kjör starfsmanna af báðum kynjum og vera eftirsóknarverður vinnustaður fyrir konur jafnt sem karla. Hvers kyns mismunur á grundvelli kynferðis er í andstöðu við jafnréttisstefnu og jafnréttislög.

Arion banki leggur áherslu á að starfsfólk bankans komi fram við hvert annað af virðingu og gæti jafnréttissjónarmiða í hvívetna.

## ► MANNAUÐUR

### HORNSTEINAR ARION BANKA

Hornsteinar bankans voru kynntir starfsfólki á starfsmannafundi í ársbyrjun 2013 en unnið var að mótun þeirra árið 2012. Hornsteinar Arion banka eru leiðarvísir fyrir ákvarðanatöku og hegðun starfsfólks. Þeir eru unnir upp úr menningu bankans og vísa til eiginleika sem einkenna starfsfólk bankans. Hornsteinarnir koma inn á hlutverk starfsfólks, hugarfar og hegðun.

#### HLUTVERK – GERUM GAGN

- ◆ Hlutverk okkar er að bæta hag viðskiptavina, starfsfólks, eigenda og samfélagsins alls til langs tíma.
- ◆ Með því að vera í góðum tengslum, skilja aðstæður og uppfylla þarfir náum við árangri.

#### HUGARFAR – KOMUM HREINT FRAM

- ◆ Við vinnum af heilindum, erum hreinskiptin og sanngjörn.
- ◆ Þannig ávinnum við okkur traust.

#### HEGÐUN – LÁTUM VERKIN TALA

- ◆ Við erum kjarkmikil, sýnum fúmkvæði og fagmennsku.
- ◆ Við viljum vera metin af verkum okkar.



# STEFNA OG FRAMTÍÐARSÝN

---

Arion banki er fjárhagslega sterkur banki sem býður alhliða fjármálaþjónustu til fyrirtækja og einstaklinga. Við leggjum áherslu á að byggja upp langtíma viðskiptasamband við þá sem þurfa fjölbreytta fjármálaþjónustu og bjóðum persónulega þjónustu og sérsniðnar lausnir. Markmið okkar er að ná afgerandi stöðu til lengri tíma á íslenskum bankamarkaði hvað varðar arðsemi, skilvirkni og þjónustuframboð. Við leggjum okkar af mörkum til uppbyggingar atvinnulífs og samfélags.

## TENGLABANKI

Arion banki er tengslabanki sem leggur áherslu á góð tengsl við viðskiptavini, langtíma viðskiptasambönd. Við setjum viðskiptavininn í öndvegi. Við sýnum frumkvæði í samskiptum, leggjum okkur fram um að þekkja viðskiptavini okkar og skilja hvaða lausnir henta þeim best og aðstæðum þeirra.

Markviss vörubrúun er ein af forsendum farsælla viðskiptasambanda. Við leggjum áherslu á framsækni og þróun vöru- og þjónustubátta til að svara breytilegum þörfum viðskiptavina. Þannig lögum við framboð okkar að eftirspurn þeirra og áhuga.

Við erum lausnamiðuð, bjóðum breitt vöruúrval og sérsníðum þjónustu okkar að þörfum viðskiptavina með langtímahagsmuni þeirra að leiðarljósi. Þannig leggjum við grunn að vexti og árangri viðskiptavina okkar til framtíðar.

## AÐ BYGGJA UPP GÓÐAN BANKA

Við gerum okkur grein fyrir því að fjármálakerfið er ein af grunnstöðum samfélagsins og þess vegna viljum við starfrækja góðan banka í sem viðtækustum skilningi.

Að byggja upp góðan banka er stórt og margþætt verkefni og við höfum byggt upp trausta innviði og lagt þannig grunninn að framtíðinni. Hlutverk okkar er að bæta hag viðskiptavina, samstarfsfólks, eigenda og samfélagsins alls til langs tíma. Með því að vera í góðum tengslum við viðskiptavini okkar, skilja aðstæður þeirra og uppfylla þarfir náum við árangri. Þannig gerum við gagn.

---

Að byggja upp góðan banka er stórt og margþætt verkefni og við höfum byggt upp trausta innviði og lagt þannig grunninn að framtíðinni.



## ► STEFNA OG FRAMTÍÐARSÝN

Hreinskiptin og heiðarleg samskipti eru forsenda góðs sambands þar sem traust ríkir. Þannig komum við hreint fram en af virðingu og gætum trúnaðar í hvívetna. Við vinnum af heilindum, erum sanngjörn og tölum ávallt skýrt og umbúðalaust. Þannig ávinnum við okkur traust.

Við viljum þekkjast af góðum verkum. Við leitumst við að gera það sem við teljum að skipti viðskiptavini, samstarfsfólk, bankann og samfélagið máli. Við látum verkin tala.

### TRAUSTUR FJÁRHAGUR

Traustur efnahagur og hagkvæmur rekstur skiptir miklu máli í starfsemi bankans og fer saman með hagsmunum viðskiptavina okkar.

Arion banki ætlar að ná afgerandi stöðu á markaði hvað varðar arðsemi og skilvirkni. Skynsamleg kostnaðarstýring er mikilvæg og höfum við einsett okkur að halda niðri kostnaði og leita leiða til að auka skilvirkni í rekstri bankans. Vaxtamunur fer sífellt minnkandi og því er mikilvægt að bregðast við því með hagkvæmari rekstri. Höfum við í þessu samhengi sett metnaðarfull markmið um að þóknunatekjur verði stærra hlutfall af tekjum bankans.

Fjármögnun bankans er traust og lítil þörf er á endurfjármögnun fram til ársins 2020. Bankinn hefur samt sem áður hafið þá vegferð að auka fjölbreytni í fjármögnun sem eykur stöðugleika og minnkar áhrif ytra umhverfis á fjárhag bankans.

Fjárhagslegt heilbrigði viðskiptavina hefur aukist til mikilla muna á undanförunum árum og hefur haft jákvæð áhrif á efnahag bankans. Við höfum sett okkur það markmið að auka gæði eignasafnsins enn frekar.

### NÝSKÖPUN

Nýsköpun er mikilvæg fyrir íslenskt samfélag og leggur grunninn að þróun og vexti til framtíðar. Arion banki vinnur með markvissum hætti með og fyrir frumkvöðla og nýsköpunarfyrirtæki. Meðal þess sem Arion banki leggur af mörkum eru beinar fjárfestingar, aðstoð við stofnun fyrirtækja, aðgengi að fjármagni með einum eða öðrum hætti og stuðningur við rekstur og frekari vöruþróun. Við höfum trú á að byggja upp samband við frumkvöðla á viðskiptaforsendum og viljum t.d. í gegnum Startup Reykjavík stuðla að heilbrigðara umhverfi fyrir frumkvöðla á Íslandi og þar með aukinni verðmætasköpun hér á landi.

## ► STEFNA OG FRAMTÍÐARSÝN

### ÖFLUG LIÐSHEILD

Arion banki leggur áherslu á að skapa starfsumhverfi þar sem starfsfólk getur vaxið í starfi og eflt þekkingu sína og hæfni. Við vinnum saman, leggjum hvert öðru lið við dagleg störf og treystum hvert á annað. Árangursrík samvinna krefst þess að við komum hreint fram hvert við annað og af virðingu. Opin skoðanaskipti eru forsenda árangurs og góðra verka.

Með öflugum starfslíði sem býr yfir fjölbreyttri reynslu og menntun getum við náð settum markmiðum og mætt þörfum viðskiptavina.

### A PLÚS

Að byggja upp góðan, fjárhagslega traustan tengslabanka er okkar lykilverkefni. Það krefst margþættra breytinga á starfsemi bankans ásamt skipulagðri innleiðingu á nýjum aðferðum. Í því skyni höfum við fjárfest í innleiðingu straumlínustjórnunar sem er ætlað að umbreyta bankanum á næstu árum og hefur verkefnið fengið nafnið A plús innan bankans.

Með innleiðingu A plús fæst aukin skilvirkni í allri starfsemi bankans og sóun er útrýmt. Skipulögð og sýnileg árangursstjórnun er mikilvægur hluti af A plús þar sem sett eru skýr og mælanleg markmið um aukinn árangur. Við leitumst stöðugt við að gera betur og lítum á vandamál sem tækifæri.

Skýrari starfssvið, samræmd vinnubrögð og betra skipulag gefur aukið svigrúm til að sýna frumkvæði í samskiptum við viðskiptavinum okkar og veita þeim faglega ráðgjöf, sérsníðna að þeirra þörfum. Markmið okkar er að veita enn betri þjónustu en áður. Þannig aukum við ánægju viðskiptavina og treystum viðskiptasambandið til framtíðar.

# SAMFÉLAGSLEG ÁBYRGÐ

Arion banki sýnir samfélagslega ábyrgð í verki fyrst og fremst með því að sinna hlutverki sínu af ábyrgð en einnig með því að taka virkan þátt í samfélaginu og uppbyggingu þess. Fjármálafyrirtæki eru ein af grunnstoðum samfélagsins og helsta hlutverk þeirra er að styðja við einstaklinga og atvinnulíf. Arion banki rækir hlutverk sitt sem fjármálafyrirtæki af kostgæfni og leggur áherslu á sanngirni með hagsmuni viðskiptavina, hluthafa, starfsfólks og samfélagsins alls að leiðarljósi.

## HELSTU MÁLAFLOKKAR

### Atvinnulífið

Arion banki gerir sér grein fyrir mikilvægu hlutverki sínu sem fjármálastofnun er styður við atvinnulífið hér á landi. Bankinn er ein af grunnstoðum samfélagsins og ber okkur sem hjá honum störfum skylda til að gera það sem í okkar valdi stendur til að stuðla að uppbyggingu á sem flestum sviðum atvinnulífsins, fyrirtækjum og heimilum til góða. Í því tilliti er mikilvægt að horfa til verðmæta- og fyrirtækjasköpunar og hefur bankinn undirbúið verkefni af ýmsum toga sem eru beinn og óbeinn stuðningur við nýsköpun og frumkvöðlaumhverfið.

Samstarfsaðliar: Innovit, Klak, Kím – Medical Park, Sprotaping Íslands, Askja Energy, Gekon og Harpa.

### Fræðsla

Hluti af samfélagslegri ábyrgð Arion banka er að stuðla að bættu fjármálalæsi í þjóðfélaginu og er bankinn aðalbachjarl Stofnunar um fjármálalæsi. Liður í að efla fjármálalæsið er einnig að styðja við bakið á verkefnum tengdum læsi almennt, en lestur er ein af grunnstoðum náms. Að auki stendur bankinn fyrir öflugri kynningu á myndlist og tvinnast þar saman sýningar og fræðsla.



Vinningshafar í lestrarviku Arion banka og Disney.

## ► SAMFÉLAGSLEG ÁBYRGÐ

Fjármálalæsi miðar að því að almenningur nái betri tókum á eigin fjármálum og tryggi fjárhagslegan stöðugleika í lífi sínu og fjölskyldunnar. Með bættu fjármálalæsi hefur fólk tækifæri til að móta fjárhagslega framtíð sína út frá því efnahagsumhverfi sem það býr við. Það stuðlar einnig að gagnrýnni og upplýstri umræðu og ýtir undir fyrirhyggju í fjármálum. Þannig er ekki aðeins lagður grunnur að auknum lífsgæðum heldur einnig stuðlað að ábyrgara og heilbrigðara samfélagi.

Samstarfsaðilar: Stofnun um fjármálalæsi, Stofnun Vigdísar Finnbogadóttur, Jón Jónsson, Meniga og Edda útgáfa, leyfishafi Disney á Íslandi.

### Heilsa og hreyfing

Góð heilsa er grunnurinn að góðu lífi og því styður Arion banki við bakið á ýmsum samtökum sem hlúa að heilbrigði landsmanna sem og hreyfingu. Það skiptir máli að stór fyrirtæki komi að slíku starfi. Arion banki leggur áherslu á að starfsfólk ástundi heilbriggt lífverni og leggur sitt af mörkum til að svo megi verða, til dæmis með því að stuðla að heilsuátaki innan bankans og hvetja starfsfólk til að taka þátt í Lífshlaupinu og Hjólað í vinnuna.

Samstarfsaðilar: Handknattleikssamband Íslands, Fimleikasamband Íslands, Íþróttasamband fatlaðra, Krabbameinsfélag Íslands og Umhyggja.



Keppendur fyrir hönd Íslands á Ólympíumóti fatlaðra í London 2012.



Landslið karla og kvenna í handknattleik.



### Mannauður og jafnrétti

Mikilvægasta auðlind bankans er starfsfólk hans. Lögð er áhersla á góð og jákvæð samskipti, fagmennsku og frumkvæði. Skýr stefna er innan Arion banka í jafnréttismálum en jafnréttisnefnd, sem starfar innan bankans, sér um að fylgja jafnréttisstefnunni eftir.

Stefna Arion banka er að hámarka mannauð sinn með því að tryggja jöfn tækifæri og kjör starfsmanna af báðum kynjum og að vera eftirsóknarverður vinnustaður fyrir konur jafnt sem karla. Hvers kyns mismunun á grundvelli kynferðis er í andstöðu við jafnréttisstefnu og jafnréttislög.

## ▶ SAMFÉLAGSLEG ÁBYRGÐ

### Umhverfismál

Arion banki hefur það að leiðarljósi að sýna umhverfinu umhyggju og virðingu. Bankinn hefur sett sér eftirfarandi markmið í þessum efnum:

- ◆ Að flokka úrgang frá bankanum eins og hægt er hverju sinni.
- ◆ Að fara sparlega með orku í starfsemi sinni.
- ◆ Að nýta sér umhverfsvænar lausnir við prentun pappírs með nýrri tækni.
- ◆ Að hvetja og styðja starfsmenn til að hafa umhverfismál að leiðarljósi í starfi og heima fyrir.
- ◆ Að velja umhverfsvæna vöru og/eða þjónustu við innkaup þar sem því verður við komið.
- ◆ Að stefna að aukinni hlutdeild pappírslausra viðskipta.

Þegar hefur umtalsverður árangur náðst í þessum málum. Í mars 2012 hófst flokkun á sorpi innan bankans. Við settum okkur það markmið að minnka almennt sorp um 40% á árinu og náðum því. Orkusparnaður hefur náðst með ReMake orkustjórnunarkerfinu sem bankinn hefur tekið í notkun. Sérhæfð prentlausn var innleidd hjá bankanum í árslok sem hefur nú þegar haft í för með sér u.þ.b. 20% minni pappírnotkun. Einnig hefur dregið verulega úr umfangi útsendra bréfa.

Arion banki hefur sett sér samgöngustefnu en markmiðið með henni er að sýna samfélagslega ábyrgð og stuðla að því að starfsfólk noti vistvænan og hagkvæman ferðamáta. Þannig leggur Arion banki sitt af mörkum til að bæta umhverfi og heilsu starfsfólks bankans sem og allra landsmanna. Arion banki vill sýna gott fordæmi og efla vitund fólks um vistvænar samöngur. Með vistvænum samgöngum er átt við allan ferðamáta annan en að ferðast til og frá vinnu í einkabílum, s.s. að ganga, hjóla, fá far með öðrum eða ferðast með almenningssamgöngum.

Samstarfsaðilar: Gámaþjónustan, Skógræktarfélag Íslands og ReMake Electric orkustjórnunarkerfi.

### Góðgerðarmál

Arion banki leggur mikið upp úr því að vera virkur þátttakandi í samfélaginu. Bankinn styrkir mörg félög til góðra verka og myndar með því breiða skírskotun til ýmissa hópa í samfélaginu. Helst ber þar að nefna stuðning við Rauða kross Íslands og það góða starf sem hann sinnir hér á landi og víða um heim og Hjálparstarf kirkjunnar sem veitir fjölmörgum skjólstaðingum sínum aðstoð á ári hverju.

Samstarfsaðilar: Rauði kross Íslands, Hjálparstarf kirkjunnar og Umferðarstofa – árleg dreifing endurskinsmerkja.

**JÓN JÓNSSON**  
HÉLT Á ÁRINU FRÆÐSLUFUNDI  
UM FJÁRMÁL FYRIR UNGT FÓLK





## VIÐBURÐIR OG FRÆÐSLA

---

Arion banki stóð á árinu fyrir fjölda fræðslu-  
funda og viðburða sem yfir fjögur þúsund  
manns sóttu. Það er mikilvægur þáttur í starf-  
semi bankans að miðla þekkingu og stuðla  
að auknu fjármálalæsi meðal viðskiptavina  
og almennings. Aukið fjármálalæsi stuðlar  
að ábyrgari ákvarðanatöku einstaklinga og  
auknum lífsgæðum þeirra í krafti mikilvægrar  
þekkingar.

# EIGNASTÝRINGAR- SVIÐ

Eignastýringarsvið Arion banka ásamt dótturfélögum er leiðandi í eignastýringu á Íslandi með um 820 ma. kr. í stýringu. Eignastýringarsvið skiptist í eignastýringu fagfjárfesta, einkabankapjónustu og fjárfestingarþjónustu. Eignastýringarsvið stýrir fjármunum fyrir hönd viðskiptavina samkvæmt fyrir fram ákveðinni fjárfestingarstefnu. Að auki annast sviðið sölu á sjóðum Stefnis til einstaklinga, fyrirtækja, stofnana og fagfjárfesta sem og sölu á sjóðum alþjóða-fyrirtækja. Stefnir hf. er sjálfstætt starfandi fjármálafyrirtæki í eigu Arion banka. Stefnir annast stýringu á fjölbreyttu úrvali verðbréfa-, fjárfestinga-, og fagfjárfestasjóða. Nánari upplýsingar um Stefni er að finna í kaflanum um dótturfélög Arion banka. Á eignastýringarsviði störfuðu 35 starfsmenn í 33 stöðugildum í árslok 2012. Framkvæmdastjóri sviðsins er Margrét Sveinsdóttir.

## FJÖLBREYTT ÞJÓNUSTA TIL AÐ MÆTA ÓLÍKUM ÞÖRFUM

Eignastýringarsvið sérhæfir sig í að veita viðskiptavinum með ólíkar fjárfestingarþarfir fjölbreytt úrval ávöxtunarmöguleika. Áhersla er á breitt vöru- og þjónustuframboð, þar sem hagsmunir viðskiptavina eru ávallt hafðir að leiðarljósi. Eignastýringarsvið hefur á að skipa starfsfólki með áratuga reynslu og þekkingu. Lagt er upp úr persónulegri þjónustu sem byggist á góðri samvinnu við viðskiptavini. Þannig er lagður grundvöllur að trausti, langtíma-sambandi við viðskiptavini og fjárhagslegum ávinningi þeirra.


Þjónustustig



## STÖÐUGUR VÖXTUR

Árið 2012 var gott hjá eignastýringarsviði og jukust eignir í stýringu um 24% á árinu. Þessi vöxtur samanstendur af ávöxtun annars vegar og innflæði nýrra fjármuna hins vegar. Innflæðið var m.a. vegna tilkomu nýrra lífeyrissjóða í stýringu og rekstur auk nýrra vara. Á heildina litið sýndu eignaflokkarnir góða ávöxtun, þó sérstaklega í íslenskum og erlendum hlutabréfum sem gáfu betri ávöxtun en viðmiðunarvísitölur.

Eignir í stýringu  
milljarðar króna





## ► EIGNASTÝRINGARSVIÐ

### STÆRSTI OG FJÖLMENNASTI SÉREIGNASJÓÐURINN VERÐUR TIL

Á árinu sameinuðust séreignasjóðirnir VISTA og Lífeyrisauki undir nafni Lífeyrisauka. Báðir sjóðirnir voru hluti af vöruúrvali Arion banka og með sameiningunni er úrvalið einfaldað til hagræðingar bæði fyrir sjóðfélaga og bankann. Ávöxtun Lífeyrisauka hefur verið með ágætum undanfarin ár eins og sést á meðfylgjandi mynd.

Nafnávöxtun Lífeyrisauka sl. 5 ár

Fjárfestingarleið	2012	2011	2010	2009	2008
Lífeyrisauki 1	15,2%	3,1%	0,3%	25,8%	-30,2%
Lífeyrisauki 2	15,2%	7,3%	0,9%	16,6%	-15,3%
Lífeyrisauki 3	11,8%	10,7%	4,8%	15,6%	-2,9%
Lífeyrisauki 4	7,8%	13,6%	7,7%	12,3%	5,5%
Lífeyrisauki 5	6,7%	8,3%	6,4%	14,5%	25,3%
Erlend verðbréf	12,1%	-1,1%	-3,9%	32,4%	-14,5%
Innlend skuldabréf	5,6%	15,7%	10,8%	14,9%	21,2%

Stærð sameinaðs sjóðs var um 50 ma.kr. í lok árs 2012 og sjóðfélagar um 65 þúsund talsins. Þetta gerir Lífeyrisauka að stærsta og fjölmennasta séreignasjóðnum á Íslandi sem tekur einungis við viðbótarlífeyrissparnaði samkvæmt lögum nr. 129/1997.

### NÝ LÍFEYRISÞJÓNUSTA

Stöðugreining lífeyrissparnaðar er ný þjónusta sem hefur notið vinsælda hjá viðskiptavinum Arion banka. Í þjónustunni, sem er sú fyrsta sinnar tegundar á Íslandi, felst að safnað er saman á einn stað upplýsingum um þegar áunnin réttindi viðskiptavinar í öllum lífeyrissjóðum. Upplýsingarnar eru settar fram í skýrslu sem sýnir hvernig álitlegast er fyrir viðskiptavininn að haga útgreiðslum lífeyrissparnaðar að teknu tilliti til greiðslna frá Tryggingastofnun, annars sparnaðar, skatta og annarra þátta sem geta haft áhrif á útgreiðslufjárhæð.

### GÓÐUR ÁRANGUR FRJÁLSA LÍFEYRISJÓÐSINS

Frjálsi lífeyrissjóðurinn er einn elsti frjálsi lífeyrissjóður landsins. Hlutverk sjóðsins er að tryggja sjóðfélögum sínum ellilífeyri til æviloka og veita þeim tryggingu sem ver þá og fjölskyldur þeirra gegn tekjumissi af völdum ororku og andláts. Frjálsi lífeyrissjóðurinn, sem er í rekstri hjá Arion banka, er um 118 milljarðar kr. að stærð og sjóðfélagar eru um 46 þúsund talsins. Sjóðurinn hentar þeim sem hafa frjálst val um í hvaða lífeyrissjóð þeir greiða 12% lágmarksiðgjald og hentar jafnframt þeim sem leggja fyrir í viðbótarlífeyrissparnað.

Nafnávöxtun Frjálssa sl. 5 ár

Nafnávöxtun	2012	Síðustu 5 ár*
Frjálssi 1	14,1%	8,2%
Frjálssi 2	8,8%	10,5%
Frjálssi 3	5,4%	12,5%
Frjálssi Áhætta	9,8%	8,1%

\*Nafnávöxtun síðustu 5 ár á ársgrundvelli m.v. 31. desember 2012.


## ► EIGNASTÝRINGARSVIÐ

Undanfarin ár hefur Frjálsi lífeyrissjóðurinn þrisvar sinnum verið valinn besti lífeyrissjóðurinn á Íslandi af fagtímaritinu Investment Pension Europe (IPE). Árið 2012 voru ekki veittar viðurkenningar fyrir Ísland sérstaklega heldur kepptu sjóðir frá Íslandi í flokki smáþjóða, eins og sjóðir annarra Evrópulanda með færri en eina milljón íbúa. Var Frjálsi lífeyrissjóðurinn valinn næstbesti lífeyrissjóður smáþjóða í Evrópu af IPE árið 2012.

### LÍFEYRIS- OG VERÐBRÉFAÞJÓNUSTA FÆRÐ NÆR VIÐSKIPTAVINUM OKKAR

Á árinu 2012 var þjónusta lífeyrissparnaðar og verðbréfasjóða flutt frá höfuðstöðvum bankans til útibúa. Markmiðið með flutningunum var að auka aðgengi viðskiptavina að sérfræðingum bankans í þessum málaflokkum og að viðskiptavinir okkar gætu fengið sem yfirgripsmesta fjármálaþjónustu í sínu útibúi. Þá var komið á fót öflugum teymi sérfræðinga í þjónustuveri sem annast þjónustu lífeyrissparnaðar og verðbréfasjóða.

Umfang þjónustunnar



Að eignastýringu koma fjölmargir aðilar innan bankans sem veitir viðskiptavinum aðgang að heildstæðri þjónustu og viðtækara vöruframboði.

### ÁFRAMHALDANDI ÁVINNINGUR VIÐSKIPTAVINA

Langtímasamband við viðskiptavini skiptir miklu máli í eignastýringu. Þar gildir að vera í góðum tengslum við viðskiptavini, skilja þarfir þeirra eins og þær eru á hverjum tíma og koma með lausnir sem henta. Áfram verður leitast við að skapa og finna fjárfestingarkosti fyrir viðskiptavini til að ávaxta fjármuni þeirra eins og best verður á kosið. Unnið verður sem fyrr að því að skapa áframhaldandi ávinning fyrir viðskiptavini með góðri ávöxtun, faglegum vinnubrögðum og markvissri áhættustýringu, ávallt með hagsmuni viðskiptavina að leiðarljósi.

# FJÁRFESTINGARBANKA-SVIÐ

Helstu þjónustubættir fjárfestingarbankasviðs Arion banka eru miðlun hvers kyns markaðsbréfa og fyrirtækjaráðgjöf. Greiningardeild bankans tilheyrir einnig sviðinu, en hún gefur reglulega út efnahags- og fyrirtækjagreiningar til viðskiptavina. Hjá sviðinu störfuðu 32 starfsmenn í 30 stöðugildum í lok árs 2012. Framkvæmdastjóri sviðsins er Halldór Bjarkar Lúðvígsson.

## FYRIRTÆKJARÁÐGJÖF

Fyrirtækjaráðgjöf Arion banka veitir ráðgjöf við kaup, sölu, samruna og yfirtöku á fyrirtækjum og stærri eignarhlutum ásamt því að vera leiðandi umsjónaraðili með skráningum verðbréfa á NASDAQ OMX Íslandi. Þá er deildin leiðandi við ráðgjöf tengda gjaldeyrisuppböðum Seðlabanka Íslands (SÍ). Meðal viðskiptavina fyrirtækjaráðgjafar eru mörg af stærstu fyrirtækjum landsins og flestir helstu fagfjárfestar á Íslandi og leggja starfsmenn deildarinnar áherslu á að halda góðu orðspori, enda býr teymið yfir mikilli reynslu og fjölþættri þekkingu.

Meðal helstu verkefna fyrirtækjaráðgjafar á árinu 2012 voru sala á hlutabréfum Eignabjargs ehf., dótturfélags Arion banka, í Högum hf., B.M. Vallá ehf., Pennanum á Íslandi ehf., Boyfood Oy Finnlandi og Fram Foods AB Svíþjóð. Deildin veitti einnig ráðgjöf til Bakkavarar Group um fjárhagslega endurskipulagningu auk þess að hafa umsjón með skráningu eignavarinna skuldbréfaflokka á NASDAQ OMX Íslandi, sem fagfjárfestasjóðir reknir af Stefni hf. hafa gefið út. Tilkynnt hefur verið um nokkur af þeim ráðgjafarverkefnum sem fyrirtækjaráðgjöf vinnur nú að, en þar er um að ræða umsjón með endurfjármögnun Reita fasteignafélags hf. og fyrirhugaðri skráningu í kauphöll og umsjón með sölu á Vátryggingafélagi Íslands hf. og fyrirhugaðri kauphallarskráningu félagsins.

**BAKKAVARUR**

**PENNANUM**

**FRAM FOODS**

**REITIR**  
Fasteignafélag

**hagar**

**BM-VALLÁ**

**VÍS**

**BOY**

## ► FJÁRFESTINGARBANKASVIÐ

### MARKAÐSVIÐSKIPTI

Markaðsviðskipti sinna miðlun fjármálagerna til innlendra og erlendra viðskiptavina bankans. Með fleiri skráningum á NASDAQ OMX Íslandi hefur hlutabréfamarkaðurinn á Íslandi öðlast aukna dýpt og er von á fleiri skráningum á árinu 2013, en gríðarlega mikilvægt er að vel takist til við það ferli. Á meðan stígandi hefur verið á markaði með hlutabréf hefur markaður með ríkis-tryggð skuldabréf náð ákveðinni metnun. Það hefur því verið góð viðbót fyrir fjárfesta að fá á markað aðra valkosti eins og eignavarða skuldabréfaflokka og fyrirtækjaskuldabréf. Viðskipti á gjaldeyrismarkaði eru enn með minnsta móti. Sí stóð fyrir nokkrum gjaldeyrísútboðum á árinu sem leið sem eru liður í afléttingu gjaldeyrishafta, en höftin hafa vissulega mikil áhrif á innlendan fjármagnsmarkað. Megináhersla markaðsviðskipta hefur verið á að veita stækkandi viðskiptavinahópi góða þjónustu og aðgang að framúrskarandi þekkingu og kerfum. Áhersla næstu missera mun í auknum mæli færast yfir í vörupróun eftir því sem fjárfestar leita fleiri tækifæra til ávöxtunar og áhættudreifingar.

### GREININGARDEILD

Greiningardeild fjallar um íslenskt efnahagslíf og framvindu efnahagsmála, þróun hagstærða og afkomu félaga og atvinnugreina. Greiningardeild gefur reglulega út „Markaðspunkta“ sem eru aðgengilegir viðskiptavinum Arion banka. Ráðstefnur á vegum greiningardeildar eru haldnar á hverjum ársfjórðungi þar sem kynntar eru nýjar greiningar á vegum deildarinnar, m.a. efnahagshorfur, greiningar á fasteignamarkaði, sveitarfélögum og öðrum atvinnugreinum. Greiningardeild gegnir mikilvægu hlutverki með því að styðja við önnur svið innan bankans með ítarlegum og góðum greiningum. Samhliða því sem skráningum á NASDAQ OMX Íslandi hefur fjölgað, hefur áhersla verið lögð á að þjóna viðskiptavinum fjárfestingarbankasviðs og eignastýringarsviðs með greiningum á skráðum fyrirtækjum og fyrirtækjum sem huga að skráningu á komandi misserum. Greiningardeild hefur fullt sjálfstæði frá öðrum deildum bankans.

### FRAMTÍÐARHORFUR

Efnahagsbatinn hélt áfram á árinu 2012, hagvöxtur mældist og verðbólga og atvinnuleysi fóru minnkandi. Fjárhagsleg skilyrði heimila og fyrirtækja bötnuðu á árinu samhliða því sem kaupmáttur hefur vaxið, störfum fjölgað og eignaverð hækkað. Með endurskipulagningu skulda hefur skuldastaða einkageirans jafnframt batnað. Þrátt fyrir að hagkerfið sé að vaxa á ný, ríkir enn óvissa um styrk efnahagsbatans, sem á sér stað í skjóli fjármagnshafta. Eftir því sem árin líða frá hrúni, skapast sú hætta að höftin festi sig í sessi, en illa hefur gengið að koma gjaldeyrisskapandi fjárfestingu í gang og er fjárfestingarstigið enn í sögulegu lágmarki. Heilt yfir lítur Ísland hins vegar ágætlega út í alþjóðlegum samanburði þótt vissulega séu áhættuþættir til staðar. Þeir helstu snúa að losun fjármagnshafta, endurfjármögnun erlendra skulda, uppgjörum föllnu bankanna og versnandi hagvaxtarhorfum á evrusvæðinu sem er eitt mikilvægasta útflutningssvæði Íslendinga.

---

Samhliða því sem skráningum á NASDAQ OMX Íslandi hefur fjölgað, hefur áhersla verið lögð á að þjóna viðskiptavinum fjárfestingarbankasviðs og eignastýringarsviðs með greiningum á skráðum fyrirtækjum og fyrirtækjum sem huga að skráningu á komandi misserum.

## ► FJÁRFESTINGARBANKASVIÐ

Jákvætt er að sjá hvernig hlutabréfamarkaðurinn og markaður með skuldabréf fyrirtækja tóku við sér á árinu. Þrjú ný fyrirtæki voru skráð á NASDAQ OMX Íslandi á árinu 2012, sem ásamt hækkunum á hlutabréfaverði jók markaðsvirði skráðra félaga um 100 ma.kr. og er það í dag rúmlega 20% af landsframleiðslu. Frekari nýskráningar eru fyrirhugaðar á árinu 2013.

Batamerki var jafnframt að sjá á fasteignamarkaði. Aukin umsvif í hagkerfinu samhlíða auknum kaupmætti, lágt vaxtastig og aukin lýðfræðileg eftirspurn hafa stutt við markaðinn og munu gera það áfram á næsta ári.

Áhrifa haftanna gætir fyrst og fremst á stutta enda ríkistryggðra bréfa og innlána. Áhrifin eru heldur mildari á lengri ríkisbréf. Ekki er hins vegar tímabært að tala um að bóllumyndun eigi sér stað á öðrum eignamörkuðum heldur eru hækkanir undanfarinna missera dæmigerðar fyrir markað í bata. Aðstæður bjóða þó hættunni heim á komandi misserum eftir því sem við ílengjumst í gjaldeyrishöftum.

Það er mat fjárfestingarbankasviðs að árið 2013 verði mjög líflégt. Bindum við miklar vonir við aukin umsvif á hlutabréfamarkaði í takti við fjölgun skráðra félaga í Kauphöll. Ætla má að einhverjar breytingar verði á kjölfestueignarhaldi í skráðum félögum. Það er mat okkar að aukið flæði verði í samrunum og yfirtökum á smærri og meðalstórum félögum, haldi efnahagsbati áfram sem horfir. Á árinu 2013 verður því af nægum verkefnum að taka.

# FYRIRTÆKJA- SVIÐ

---

Fyrirtækjasvið Arion banka veitir meðalstórum og stærri fyrirtækjum alhliða fjármálaþjónustu og sérsniðnar lausnir. Rík áhersla er lögð á góða þjónustu og með það fyrir augum var sérstök eining, fyrirtækjaþjónusta, stofnuð í lok árs 2012. Fyrirtækjaþjónusta er ætlað að bæta enn frekar þjónustu sviðsins og tryggja að viðskiptavinir fyrirtækjasviðs séu ávallt upplýstir um þá þjónustu og þær vörur sem bankinn býður. Í lok árs 2012 störfuðu 38 manns í 35 stöðugildum á fyrirtækjasviði. Framkvæmdastjóri sviðsins er Björk Þórarinsdóttir.

## RÁÐGJÖF OG HEILDARLAUSNIR

Áhersla er lögð á sérhæfða ráðgjöf um samsetningu lánsfjár og eiginfjár, m.ö.o. fjármagnsskipan fyrirtækja, að teknu tilliti til þeirrar atvinnugreinar sem þau starfa í. Gildir þá einu hvort um er að ræða almenna rekstrarfjármögnun eða sérhæfðari fjármögnun eins og fasteigna-, veltu- og verkefnafjármögnun.

Á fyrirtækjasviði starfa viðskiptastjórar sem gegna hlutverki tengiliðar við viðskiptavini sviðsins. Viðskiptastjórar starfa náið með sérfræðingum úr öðrum deildum bankans og kalla þá til eftir því sem við á. Þar er um að ræða sérfræðinga á sviði lausafjárstýringar, innlána, gjaldeyrisviðskipta, kaupa og sölu fyrirtækja, rafrænnar þjónustu eða annarrar tengdrar fjármálaþjónustu. Með þessu fyrirkomulagi er leitast við að uppfylla þarfir viðskiptavinarins á sviði fjármála og þjóða heildarlausnir.

## VÖRUÞRÓUN OG AUKIN ÞJÓNUSTA

Innan sviðsins er lögð markviss áhersla á vöruþróun með það að markmiði að auðvelda fyrirtækjum daglegan rekstur og efla fjármálastjórn. Fjöldi nýrra aðgerða í netbankanum og nýtt rafrænt millifærslukerfi þar sem hægt er að jafna á milli gjaldeyrisreikningasamstæðu eru dæmi um vöruþróun sem hefur átt sér stað á fyrirtækjasviði undanfarið ár.

## ► FYRIRTÆKJASVIÐ

### FAKTORING – VELTUFJÁRMÖGNUN OG FJÁRMÖGNUN BIRGÐA

Arion banki hefur boðið viðskiptavinum sínum faktoring þjónustu á annað ár og hefur verið mikil eftirspurn eftir þjónustunni, jafnt frá stórum og smáum fyrirtækjum úr hinum ýmsu atvinnugreinum. Fjórðungur þeirra fyrirtækja sem óskuðu eftir upplýsingum um þjónustuna á síðasta ári hefur nú þegar gert samning við bankann. Aukin áhersla hefur verið lögð á samtengingu birgða- og kröfufjármögnunar og hafa sérstaklega félög tengd sjávarútvegi nýtt sér þá leið.

Í upphafi árs 2012 hóf bankinn samstarf við evrópska tryggingafélagið Euler Hermes um greiðslufallstryggingar. Geta fyrirtæki nú sótt um greiðslufalls-tryggingu hjá fyrirtækjaþjónustu bankans til að tryggja sig gagnvart greiðslufalli erlendra greiðenda. Bankinn hefur einnig lagt sitt af mörkum til að reyna að liðka fyrir því að Íslensk félög fái tryggingar sem er einkar mikilvægt fyrir fyrirtæki í innflutningi enda geta þær haft áhrif á þau greiðslukjör sem bjóðast. Fyrirtækjasvið hafði auk þess veg og vanda af upplýsingafundi sem haldinn var með Euler Hermes og hagsmunadílum hér innanlands. Þar voru tryggingamál í brennidepli auk þess sem fundinum var ætlað að svara því hvaða upplýsingar þurfa að vera fyrir hendi þegar fyrirtæki sækja um greiðslufallstryggingar.

### LÁNASAFNIÐ


Ný útlán fyrirtækjasviðs jukust um rúm 80% milli árána 2011 og 2012.

Lánasafni fyrirtækjasviðs er vel dreift á atvinnugreinar. Hins vegar má segja að á árinu 2012 hafi nýjum lánum að miklu leyti verið ráðstafað í tvær atvinnugreinar. Þannig var 76% af öllum nýjum lánum fyrirtækjasviðs annars vegar ráðstafað til iðnfyrirtækja (34%) og hins vegar til fasteignafyrirtækja (42%). Af öllum lánum til iðnaðarinnar var um 75% ráðstafað til fyrirtækja í sjávarútvegi. Gefur þetta ágætis vísbendingu um hvar spurnin eftir lánsfjármagni er.

Um 64% af nýjum lánum fyrirtækjasviðs til nýrra fyrirtækja árið 2012 var ráðstafað til fasteignafyrirtækja. Að langmestu leyti er um að ræða fjármögnun á atvinnuhúsnæði í útleigu. Aðeins um 12% af þessum lánum fór í ný byggingarverkefni, að stærstum hluta íbúðir, sem gefur vísbendingu um þróun á fasteignamarkaði og að markaðurinn sjái ekki enn tækifæri í byggingu skrifstofuhúsnæðis sökum þess að byggingarkostnaður er hærri en markaðsvirði.


Um 27% af nýjum lánum til nýrra verkefna var ráðstafað í iðnað og þar af nánast öllu til sjávarútvegsfyrirtækja.

Öll ný útlán




## ► FYRIRTÆKJASVIÐ

Ný útlán  
nýr viðskiptavinir



Ný útlán  
núverandi viðskiptavinir



Útlánasafn fyrirtækjasviðs hefur tekið á sig gjörbreytta mynd á liðnum misserum. Unnið hefur verið markvisst með fyrirtækjum í rekstrarvanda með það að leiðarljósi að gera lífvænlegum fyrirtækjum kleift að standa við fjárhagslegar skuldbindingar sínar. Þessi vinna hefur skilað bankanum heilbrigðara lánasafni.

### FRAMTÍÐARHORFUR

Stefna og markmið fyrirtækjasviðs eru samþætt stefnu bankans um að veita öflugustu fyrirtækjum landsins alhliða fjármálaþjónustu. Margt hefur verið gert til að bæta þjónustu og skilvirkni og verður óhikað haldið áfram á þeirri braut.

Samkeppni er að aukast með aukinni þátttöku lífeyrissjóða í fjármögnun fasteignafélaga á vaxtakjörum sem íslensku bankarnir eiga erfitt með að mæta. Enn fremur er ekki nóg að líta á Ísland eitt sem samkeppnismarkað því íslensk fyrirtæki, sem starfa á alþjóðlegum mörkuðum og eru fjárhagslega sterk, eiga þess kost að fjármagna sig erlendis á betri kjörum en bjóðast á íslenskum fjármálamarkaði.

Með traustum undirstöðum bankans, nýju skipulagi fyrirtækjasviðs og því markvissa starfi sem þar er unnið teljum við okkur vel í stakk búin til að mæta þörfum okkar viðskiptavina og takast á við aukna samkeppni og þær áskoranir sem fram undan eru.



# VIÐSKIPTABANKA- SVIÐ

Viðskiptabankasvið Arion banka veitir einstaklingum, litlum og meðalstórum fyrirtækjum alhliða fjármálaþjónustu. Meginhlutverk sviðsins er að styrkja og viðhalda traustu og góðu viðskiptasambandi við viðskiptavinum bankans. Arion banki starfrækir 25 útibú og afgreiðslur um land allt auk þjónustuvera. Það er okkar markmið að veita viðskiptavinum okkar framúrskarandi þjónustu og ráðgjöf og mæta jafnframt þörfum þeirra með fjölbreyttu vöruframboði. Alls störfuðu 418 starfsmenn í 379 stöðugildum á viðskiptabankasviði í lok árs 2012. Framkvæmdastjóri sviðsins er Helgi Bjarnason.

Starfsmenn viðskiptabankasviðs leggja sig fram við að veita viðskiptavinum úrvalsþjónustu, styrkja og efla tengslin við viðskiptavinum bankans, auk þess að afla nýrra viðskiptavina. Kjarnastarfsemi sviðsins fer fram í útibúum og þjónustuveri en þar fá viðskiptavinir ráðgjöf um inn- og útlán, þjónustuleiðir, sparnað, greiðslukort, lífeyrissparnað, tryggingar, verðbréf og sjóði. Auk þess fer öll almenn símsvörun fram í þjónustuverinu.

## LYKILVERKEFNI

Á undanförunum árum hefur mikil áhersla verið lögð á að vinna með viðskiptavinum okkar í endurskipulagningu skulda. Á árinu 2012 voru hins vegar skýr merki um að spurn eftir hefðbundinni fjármálaþjónustu væri að aukast og hefur áhersla okkar á árinu fyrst og fremst legið þar. Hvort sem um er að ræða ungt fólk sem er að fjármagna kaup á sinni fyrstu íbúð eða fyrirtæki sem eru að fjárfesta í nýjum tækifærum og skapa þannig verðmæti og störf fyrir þjóðfélagið, þá eru þetta þau verkefni sem við einsetjum okkur að sinna af krafti. Þannig stuðlar Arion banki að áframhaldandi uppbyggingu samfélagsins.

Það er markmið okkar að veita viðskiptavinum okkar góða ráðgjöf og þjónustu. Í því augnamiði hefur hópur starfsfólks úr útibúum bankans sótt yfirlit mikil námskeið sem unnin voru í samstarfi við Háskólann á Bifröst. Einnig hafa starfsmenn sótt nám í fjármálaráðgjöf í Háskólanum í Reykjavík og hlotið vottun sem fjármálaráðgjafar. Með vottuninni er búið að samræma þær kröfur sem gerðar eru til fjármálaráðgjafa og tryggja að þeir búi yfir nauðsynlegri þekkingu og færni í starfi. Þegar hafa tíu starfsmenn viðskiptabankasviðs hlotið þessa vottun og mun vottuðum fjármálaráðgjöfum innan bankans fjölga á árinu 2013.

Það er lykilatriði í góðri þjónustu að þekkja þarfir viðskiptavina. Til þess að viðhalda góðum tengslum hefur Arion banki á undanförunum árum markað sér þá stefnu að færa ákvarðanatökuvald nær viðskiptavinum. Í því skyni var útibúaneti bankans skipt upp í svæði eða klasa og voru heimildir hvers klasa auknar. Í hverjum klasa starfar reynslumikill hópur fólks sem þekkir og skilur aðstæður og þarfir á hverju svæði fyrir sig. Þannig næst fram sú persónulega og sveigjanlega þjónusta sem við viljum vera þekkt fyrir.

## ▶ VIÐSKIPTABANKASVIÐ

### ALHLIÐA FJÁRMÁLAÞJÓNUSTA


Í ágúst 2012 setti Arion banki í loftið nýtt snjallsímaforrit (e. app) sem gerir viðskiptavinum bankans kleift að fylgjast með fjármálum sínum með einum smelli og án innskráningar. Appið hefur notið mikilla vinsælda og var um tíma mest sótta íslenska appið. Notkunin á appinu hefur aukist jafnt og þétt og er nú svo komið að um 15% innskráninga netbankans koma í gegnum appið.

Haustið 2012 tók til starfa ný eining á viðskiptabankasviði sem sérhæfir sig í fjármögnun bifreiða og ýmiss konar tækja fyrir einstaklinga og fyrirtæki. Er þetta liður í þeirri stefnu bankans að bjóða viðskiptavinum alhliða fjármálaþjónustu. Einingin er á Bíldshöfða í sama húsnæði og nýtt og glæsilegt útibú bankans. Þar starfar öflugur hópur starfsmanna með langa reynslu af bíla- og tækjafjármögnun. Fyrsti samningurinn var undirritaður í byrjun september og síðan hefur verið góður stígandi í spurn eftir þessari þjónustu. Við höfum miklar væntingar til þess að bíla- og tækjafjármögnun eigi eftir að vaxa þétt og örugglega á komandi árum og skila bankanum góðri afkomu auk þess að vera góð viðbót við þjónustuframboð bankans.

Síðla árs 2012 sameinaðist Sparisjóður Ólafsjarðar Arion banka. Fjölgaði þar með starfsstöðvum bankans um eina. Með sameiningunni getur Arion banki veitt enn betri þjónustu á þessu svæði og jafnframt styrkt enn frekar þá sterku stöðu sem bankinn hefur á svæðinu.

### ÚTIBÚANET ARION BANKA

#### Landið



- ❄ Höfuðborgarsvæðið
- ❄ Akureyri | Varmahlíð • Blönduós • Sauðárkrúkur • Ólafsfjörður • Egilsstaðir
- ❄ Borgarnes | Búðardalur • Stykkishólmur • Grundarfjörður • Hólmavík
- ❄ Selfoss | Hveragerði • Hella • Kirkjubæjarklaustur • Vík

#### Höfuðborgarsvæðið



- ❄ Aðalútibú | Austurstræti • Vesturbær
- ❄ Garðabær | Hafnarfjörður • Mosfellsbær
- ❄ Höfði | Kringlan
- ❄ Kópavogur

## ▶ VIÐSKIPTABANKASVIÐ

### UMBYLTING Á ÍBÚÐALÁNAMARKAÐI

Arion banki tók afgerandi forskot á árinu 2011 á íbúðalánamarkaði með því að bjóða fyrstur íslenskra banka raunhæfan valkost í óverðtryggðri fjármögnun á íbúðarhúsnæði. Á árinu 2012 héldum við áfram að bæta við markverðum nýjungum og munum halda þeirri þróun áfram á næstu misserum. Við fundum sterkt fyrir óskum viðskiptavina um óverðtryggð lán en greiðslubyrði slíkra lána gerir það að verkum að þau henta ekki öllum. Við höfum því aukið sveigjanleika í lánstíma og jafnframt boðið upp á að óverðtryggðri og verðtryggðri fjármögnun sé blandað saman í ýmsum hlutföllum. Þetta hefur mælst mjög vel fyrir hjá viðskiptavinum okkar og nú er svo komið að flestir þeir sem tóku íbúðalán á árinu 2012 kusu að nýta sér óverðtryggða fjármögnun að einhverju leyti.


Önnur mikilsverð nýjung sem Arion banki reið á vaðið með á árinu 2012 var að bjóða foreldrum í fæðingarorlofi að fá tímabundna lækkun á greiðslubyrði íbúðalána. Viðtökurnar við þessari nýjung hafa farið fram úr björtustu vonum og hefur á skömmum tíma fjöldi foreldra fengið kærkomna lækkun á greiðslubyrði með þessu móti.


Á árinu 2012 féllu nokkrir dómur sem skera frekar úr um hvaða lán með ólög-mætri gengistryggingu skuli endurreikna og með hvaða hætti. Niðurstöður dómanna fólu meðal annars í sér að endurreikna þarf stóran hluta þeirra lána aftur sem þegar höfðu farið í gegnum endurútreikning í samræmi við lög frá Alþingi. Var það niðurstaða Hæstaréttar að ákvæði laganna, þar sem kveðið var á um hvernig endurreikna skyldi ólögmet gengistryggð lán, stönguðust á við stjórnarskrá. Í kjölfarið þarf Arion banki að endurreikna um fjögur þúsund lán.

### FRAMTÍÐARHORFUR

Nú þegar erfiðum kafla í fjárhagslegri endurskipulagningu fyrirtækja og heimila á Íslandi er að mestu lokið og hagvöxtur er vel merkjanlegur í íslensku efnahagslífi má segja að bjartari tímar séu fram undan. Við finnum stöðugt fyrir aukinni spurn eftir okkar þjónustu og fögnum því að fá að taka þátt í nýjum krefjandi verkefnum með viðskiptavinum okkar.

Ný íbúðalán 2012  
hlutfall verðtryggðra-  
og óverðtryggðra lána





**EINN SMELLUR**  
og þú tekur stöðuna

# ARION BANKA APPIÐ

---

Á árinu kynnti Arion banki til leiks Arion banka appið fyrir snjallsíma. Appið sló í gegn og var um tíma eitt mest sóttu íslenska appið árið 2012. Arion banka appið mætir óskum viðskiptavina um greiðan aðgang að upplýsingum og einföldum aðgerðum.

# DÓTTURFÉLÖG


Arion banki á þrjú dótturfélög sem gegna mikilvægu hlutverki í stefnu bankans til framtíðar. Dótturfélögin starfa á sviði eignastýringar, líftrygginga og greiðslumiðlunar og eru viðbót við þjónustuframboð bankans. Dótturfélögin sem um ræðir eru Stefnir, OKKAR líftryggingar og Valitor.

## STEFNIR

Stefnir hf. er stærsta sjóðastýringarfyrtæki landsins með um 386 ma.kr. í virkri eignastýringu. Félagið er að fullu í eigu Arion banka og starfstöðvar þess eru í höfuðstöðvum bankans. Eignir í stýringu félagsins eru í eigu fjölbreytts hóps fjárfesta, allt frá einstaklingum upp í stærstu fagfjárfesta landsins. Eignir sjóðfélaga eru ýmist í verðbréfa-, fjárfestingar- eða fagfjárfestasjóðum, auk þess sem Stefnir hefur gert rekstrarsamninga um stýringu á eignum nokkurra samlagshlutafélaga. Starfsfólki Stefnis fjölgaði á árinu úr 17 í 20.

Það sem einkenndi árið 2012 öðru fremur var umtalsverð aukning eigna í stýringu. Eignir í virkri stýringu jukust úr rúmlega 300 mö.kr. í 386 ma.kr., eða um tæp 27%. Samfara þessari aukningu varð dreifing milli eignaflokka fjölbreyttari og þar með tekjudreifing félagsins betri. Nýir sjóðir litu dagsins ljós og einstakir eignaflokkar, eins og innlend hlutabréf, stækkuðu umtalsvert.

Starfsmenn félagsins og stjórn lögðu mikla áherslu á að styrkja áfram innviði félagsins. Stjórn Stefnis hefur tileinkað sér góða stjórnarhætti og hefur einsett sér að stuðla að og styðja við ábyrga hegðun og fyrirtækjamenningu innan Stefnis til hagsbóta fyrir alla hagsmunaaðila félagsins. Rannsóknarmiðstöð um stjórnarhætti við Háskóla Íslands staðfesti í janúar 2012 að Stefnir væri fyrirmyndarfyrtæki í góðum stjórnarháttum og var Stefnir fyrsta fyrirtækið á Íslandi til að hljóta nafnbótina. Félagið birtir nú árlega á heimasíðu sinni stjórnarháttayfirlýsingu þar sem greint er frá starfsemi félagsins og áherslum til næstu missera. Mikil áhersla er lögð á gegnsæi og speglast það meðal annars í mikilli upplýsingagjöf á heimasíðu félagsins. Sú upplýsingagjöf er umtalsvert víðtækari en lög og reglugerðir mæla fyrir um.



## ► DÓTTURFÉLÖG

Ávöxtun á helstu eignamörkuðum var ýmist góð eða vel viðunandi á árinu. Fjárfestingarumhverfið var áfram markað af þeim takmörkunum sem gjaldeyrishöftin setja erlendri fjárfestingu. Eignir innlendra lífeyrissjóða héldu áfram að vaxa og mikil áhersla hefur verið lögð á að þróa sjóðaafurðir sem henta lífeyrissjóðum, tryggingafélögum og öðrum fagfjárfestum. Einstaklingar hafa aftur á móti margir hverjir verið að ganga á eigin sparnað og því hefur vöxtur í sölu sjóðaafurða til þeirra verið líttill.

Ávöxtun hlutabréfasjóða, jafnt innlendra sem erlendra, var góð á árinu. Innflæði nýs fjármagns var einnig töluvert í hlutabréfasjóðina og leiddi það, ásamt ávöxtun, til þess að hlutabréfasjóðir í stýringu Stefnis stækkuðu um rúm 60% yfir árið. Innlendu hlutabréfasjóðirnir, ÍS-15 og ÍS-5, rúmlega tvöfölduðust að stærð á árinu. Erlendir hlutabréfasjóðir í stýringu Stefnis eru metnir af viðurkenndum erlendum matsfyrirtækjum, Morningstar og Lipper. Sjóðirnir hafa jafnan komið mjög vel út úr matsferli þessara fyrirtækja. Um áramótin voru allir 5 sjóðir Stefnis með þrjár eða fjórar stjórnur hjá Morningstar og tveir sjóðanna með hæstu einkunn hjá Lipper. Góð ávöxtun sjóðanna leiddi til þess að innlendir fjárfestar lögðu sjóðunum til nýtt fjármagn á árinu. Vegna gjald-eyrishafta hafa innlendu fjárfestarnir fyrst þurft að innleysa þessa fjármuni úr öðrum erlendum sjóðum eða erlendum eignum. Hlutdeild erlendra sjóða í stýringu Stefnis meðal erlendra eigna lífeyrissjóða heldur því áfram að vaxa.

Uppbygging hélt áfram á sviði innlendar framtaksfjármögnunar. Á sumarmánuðum var tilkynnt um stofnun fasteignasjóðsins SRE II slhf., sem er í stýringu hjá Stefni. Sjóðurinn hefur að markmiði að fjárfesta í atvinnuhúsnæði á höfuðborgarsvæðinu. Fjárfestingargeta sjóðsins er um 16,4 ma.kr. og er sjóðurinn sá stærsti sem settur hefur verið á lagginnar á Íslandi. Gengið var frá tveimur fyrstu fjárfestingum sjóðsins í húseignunum Borgartúni 37 (Nýherjahúsinu) og Sætúni 10 (höfuðstöðvum Advania). Hluthafar félagsins eru margir af öflugustu lífeyrissjóðum og tryggingafélögum landsins. SRE II er annar framtaks sjóðurinn á vegum Stefnis sem sérhæfir sig í fjárfestingum í íslensku atvinnuhúsnæði en á síðasta ári var félagið SRE I stofnað vegna kaupa á fasteigninni Þingvallastræti 23 á Akureyri sem hýsir Icelandair hótél Akureyri.

## ► DÓTTURFÉLÖG

Á árinu var unnið að stofnun nýs framtaksfjárfestingarsjóðs, Stefnir Íslenski athafnasjóðurinn II (SÍA II). Sjóðurinn er framhaldssjóður SÍA I, sem stofnaður var árið 2010. SÍA I er fullfjárfestur og hefur meðal annars fjárfest í Högum hf., Sjóvá-Almennum tryggingum hf. og Jarðborunum hf. Í janúar 2013 var tilkynnt formlega um stofnun SÍA II og er sjóðurinn sjö og hálfur milljarður að stærð og því meira en tvöfalt stærrí en fyrirrennarinn.

Áhugi fjárfesta beindist ekki einungis að fjárfestingu í atvinnuhúsnæði heldur einnig að fjármögnun traustra fasteigna. Skuldabréfatými Stefnis kom á laggirnar nokkrum fagfjárfestastjóðum, sem gáfu út eignatryggð skuldabréf til fjármögnunar á atvinnuhúsnæði. Framkvæmdin er sú að fagfjárfestastjóðurinn lánar fasteignafélögum fjármuni, með veði í húsnæði sem fjármagnað er, auk annarra trygginga sem tryggja stöðu lánveitanda. Samhliða þessu gefa sjóðirnir út skuldabréf, sem seld eru til fagfjárfesta. Fagfjárfestastjóðirnir hafa í framhaldi ákveðinn tímaramma til að ganga frá skráningu skuldabréfanna á NASDAQ OMX Ísland. Undir lok ársins 2012 var tilkynnt um töku skuldabréfa fagfjárfestastjóðanna OFAN SVÍV og OFAN VÍ til viðskipta á NASDAQ OMX Íslandi. Einnig voru stofnaðir nýir fagfjárfestastjóðir í kringum fjármögnun Smáralindar, Egilshallar, Borgartúns 37 og Sætúns 10. Samanlögð stærð þessara sjóða nam rúmum 17 mð.kr.

Umfang blandaðra sjóða hjá félaginu jókst um tæp tíu prósent. Ávöxtun sjóðanna var mjög vel viðunandi og til að mynda var ávöxtun Stefnis Samvals 15,8%. Stefnir Samval er elsti blandaði sjóður í rekstri hér á landi og nær saga hans til 1998. Ávöxtun sjóðsins hefur verið einstaklega góð á þessu tímabili, sem sýnir sig í því að árleg nafnávöxtun sjóðsins síðustu tíu ár hefur verið 18%. Versta ársávöxtun sjóðsins á sama tímabili var árið 2008, -0,6%. Sjóðurinn hefur því verið einstaklega góður valkostur fyrir almenning, sem vill ávaxta sparnað sinn á ólíkum eignamörkuðum, en hefur hugsanlega ekki tíma eða sérþekkingu til að færa fjármuni á milli einstakra fjárfestingarkosta eða eignamarkaða. Að baki sjóðnum eru yfir 3100 hlutdeildarskírteinishafar og sjóðurinn er því sá sjóður í stýringu Stefnis sem er í eigu flestra aðila.

Þrátt fyrir gjaldeyrishöft, smáan en vaxandi hlutabréfamarkað og litla útgáfu fyrirtækjaskuldabréfa, hefur félaginu tekist að laga sig að breyttu umhverfi á síðustu misserum og vera í fararbroddi við þróun nýrra afurða, sem mæta kröfum fjölbreytts hóps innlendra fjárfesta.



## ► DÓTTURFÉLÖG

### OKKAR LÍFTRYGGINGAR

Alþjóða líftryggingarfélagið hf. (Alíf), var stofnað árið 1966 af hópi íslenskra fjárfesta og bresku líftryggingarfélagi. Nafni þess var síðar breytt í OKKAR líftryggingar hf. (OKKAR líf) en félagið er elsta starfandi líftryggingarfélag á Íslandi. Meginhlutverk fyrirtækisins er að veita nútímaváttryggingaþjónustu með arðsemi og hag eiganda að leiðarljósi og veita viðskiptamönnum sínum fjárhagslegt öryggi vegna sjúkdóms, örorku og andláts. Alls störfuðu 14 manns hjá félaginu í árslok 2012.

OKKAR líf hefur frá upphafi verið brautryðjandi í þróun persónutrygginga hér á landi. Sjúkdómategyggingar, hagstæðari iðgjöld fyrir reyklausa, barnatryggingar, örorkutryggingar og margs konar hóptryggingar eru meðal þess sem félagið hefur haft forystu um að kynna Íslendingum.

OKKAR líf er sjálfstætt starfandi tryggingafélag, óháð öðrum váttryggingarfélagum, og er starfsemi fyrirtækisins skipt niður í fjögur svið; váttryggingarsvið, fjármálasvið, sölu- og markaðssvið og upplýsinga- og tæknisvið. Samstarfsaðilar í sölu og dreifingu eru Arion banki og Tekjuvernd ehf., en Tekjuvernd selur einnig lífeyrisafurðir fyrir Arion banka.

#### Helstu verkefni 2012

Árið 2012 var félaginu hagstætt, þrátt fyrir að ytri skilyrði til fjárfestinga væru slæm. Minnkandi kaupmáttur ráðstöfunartekna var áfram viðvarandi og því erfitt að ná innri vexti. Félagið náði þó markmiðum sínum í rekstri félagsins á árinu. Tryggingaleg afkoma hefur aldrei verið betri, arðsemi eigin fjár var 27% og samsett hlutfall 69%. Fjárfestingartekjur drógust saman milli ára, enda fái fjárfestingarkostir í boði. Gjaldþolshlutfall í árslok 2012 reyndist 2,49.

Fimmta árið í röð varð enginn innri vöxtur í greininni. Á síðasta ársfjórðungi 2012 kynnti félagið nýja vöru í samvinnu við eignastýringarsvið Arion banka. Um er að ræða örorkutryggingu í tengslum við sölu á Lífeyrisauka, og hefur salan farið fram úr björtustu vonum. Í fyrsta sinn síðan 2008 jókst fjöldi skirteina í stofni félagsins og var það kærkominn áfangi.

Óhætt er að segja að umhverfið hafi breyst á undanförunum árum og verið heldur óvenjulegt. Í dag hefur samkeppni frá breskum og þýskum líftryggingafélögum aukist, og tryggir almenningur sig og sparar í auknum mæli í erlendri mynt. Á sama tíma er íslenskum tryggingafélögum meinað að bjóða vöruframboð í erlendri mynt.



## ► DÓTTURFÉLÖG

Helstu verkefni OKKAR lífs hafa óneitanlega tengst þessu óvenjulega ástandi. Stíft kostnaðaraðhald, nýjar vörur og betri greining á þörfum viðskiptamanna hafa verið megináherslurnar í rekstrinum. Á árinu er stefnt að markaðsátaki með það að markmiði að festa betur í sessi nafn félagsins meðal almennings en tíðar nafnbreytingar hafa skert vitund almennings um það. Einnig munu nýjar dánaráhættutóflur verða innleiddar í gjaldskrár félagsins og munu þær breyta iðgjöldum nokkuð. Samhliða því verða gerðar minni háttar breytingar á iðgjöldum til yngstu aldurshópanna, en sú breyting er nauðsynleg af samkeppnislegum ástæðum. Tilskipun Evrópusambandsins um að óheimilt sé að mismuna eftir kynferði mun einnig hafa áhrif á iðgjöld. Félagið hefur undirbúið þá breytingu og verða iðgjöld fyrir karla og konur framvegis óháð kyni.

### **Verkefni fram undan**

Arion banki og OKKAR líf vinna nú að útvíkkun þjónustuframboðs fyrir núverandi viðskiptavini. Einföldun ferla og umsókna verður höfð að leiðarljósi og einkum horft til þeirra sem eru með eða eru að taka íbúðalán. Einnig vinna stjórnendur OKKAR lífs að breytingu á sjúkdómatryggingu þeirri sem félagið býður og standa vonir til þess að breytingin muni efla sölu á vörunni. Þróun á barnatryggingu félagsins „OKKAR framtíð“ er einnig langt komin og verður tryggingin markaðssett á árinu. Loks er í markaðsáætlun félagsins gert ráð fyrir áframhaldandi kynningu á Tekjuvernd að þessu sinni í samstarfi við Arion banka.

### **Framtíðarhorfur**

Horfur fyrir árið 2013 eru nokkuð góðar. Hófleg söluaukning er áætluð á árinu, bæði í fjölda trygginga og greiddra iðgjalda. Eins er gert ráð fyrir því að hlutfall trygginga sem er sagt upp muni lækka. Þrátt fyrir áframhaldandi óvissu í ytra umhverfi erum við bjartsýn á langtímahorfur OKKAR lífs og erum viss um að samstarf okkar við Arion banka skiptir sköpum fyrir framtíð OKKAR lífs.

## ▶ DÓTTURFÉLÖG

### VALITOR

Valitor er framsækið þjónustufyrirtæki á sviði greiðslulausna sem starfar á alþjóðlegum vettvangi og leggur sérstaka áherslu á frumkvæði, nýsköpun og traust í starfsemi sinni. Hlutverk Valitor er að skapa viðskiptavinum ný tækifæri í krafti framúrskarandi lausna.

Færslukerfi Valitor tengist alþjóðlegum greiðslumiðlunarkerfum VISA og MasterCard og tengir þannig saman söluaðila, banka, sparisjóði og korthafa víðs vegar um heim. Valitor hefur frá upphafi verið í forystu á íslenskum greiðslumiðlunarmarkaði um þjónustu, vöruþróun og hagkvæmni, en jafnframt eru alþjóðaviðskipti orðin snar þáttur í starfsemi félagsins. Annars vegar er um að ræða færsluhirðingu fyrir kaupmenn, m.a. í netviðskiptum, en hins vegar útgáfu á fyrirframgreiddum kortum. Við árslok 2012 voru starfsmenn Valitor 158 talsins.

#### Helstu verkefni 2012

Í tengslum við átakið „Pinnið á minnið“ var söluaðilum boðin ný tegund posa með örgjörvalesara og kynnt var nýjung í afgreiðslulausnum fyrir kassakerfi. Nýtt og öflugt vildarkerfi, Stöð 2 Vild, var markaðssett í samstarfi við 365 o.fl. Hafin var uppsetning hjá söluaðilum á rafrænu veski sem gerir kleift að greiða með debetkortum á netinu. Búið er að fella þessa nýjung inn í veflausnir Valitor þannig að allir viðskiptavinir fyrirtækisins geti boðið verslun á netinu samhliða annarri þjónustu.

Markaðssókn erlendis var haldið áfram með nýjum lausnum sem byggjast á kraftmiklu þróunar- og markaðsstarfi. Gerður var fjöldi útgáfusamninga við fyrirtæki í Bretlandi, Kanada og Svíþjóð um útgáfu á gjafakortum og samþæringum fyrirframgreiddum kortum.

#### Verkefni fram undan

NFC tilraunaverkefninu verður ýtt úr vör á öndverðu árinu 2013 í samstarfi við banka, símafyrirtæki og aðra samstarfsaðila. Nýjungin gengur út á að Visa korthafar geti greitt fljótt og örugglega fyrir vörur og þjónustu með snjallsímum og snertilausum kortum. Verkefnið er kjörið fyrir þá söluaðila sem vilja bjóða korthöfum nútímalega afgreiðslutækni og taka þátt í þeirri framþróun sem nú er að hefjast. Ef tilraunin heppnast vel hafa Íslendingar möguleika á að verða fyrstir bjóða til þess bjóða þessa tækninýjung á landsvísi en því er spáð að árið 2020 fari um 50% allra greiðslna fram með farsímum á Bretlandsmarkaði.

Innleiðing hefst á nýju kortakerfi sem þróað hefur verið fyrir banka og sparisjóði. Loks fagnar Valitor 30 ára afmæli á árinu og verður tímamótanna minnst með margvíslegum hætti til kynningar á starfsemi félagsins.

Erlendis verður unnið áfram af krafti að útgáfu fyrirframgreiddra korta. Valitor mun opna skrifstofu í London á fyrri hluta ársins til að styðja við markaðsstarf í Bretlandi. Jafnframt verður árangri á Norðurlöndum og víðar fylgt markvisst eftir.

# VALITOR

# EIGNAUMSÝSLU- FÉLÖG

Arion banki starfrækir þrjú eignaumsýslufélög sem stýra að mestu þeim eignum sem bankinn hefur þurft að leysa til sín við endurskipulagningu ýmissa félaga. Tilgangur þessara eignaumsýslufélaga er fagleg stýring og nýting þeirra eigna sem bankinn hefur yfirtekið og sala þeirra á réttum tímapunkti, allt í samræmi við armslengdarsjónarmið.

## EIGNABJARG

Eignabjarg ehf. er dótturfélag Arion banka hf. Félagið ber ábyrgð á umsýslu og ráðstöfun þeirra eignarhluta í fyrirtækjum sem Arion banki hefur leyst til sín og Eignabjarg keypt í kjölfar fjárhagslegrar endurskipulagningar.

Markmið rekstrar Eignabjargs og eignarhalds þess á fyrirtækjum er að tryggja sjálfstæði þeirra fyrirtækja sem félagið eignast. Leitast er við að fyrirtæki séu seld í opnu sölufarli og að gegnsæis og jafnræðis sé gætt við sölu þeirra.

### Helstu breytingar á eignasafni Eignabjargs á árinu 2012 voru:

- ◆ Hagar hf. voru skráðir á Aðalmarkaði NASDAQ OMX Íslandi í desember 2011. Í febrúar var 13,3% hlutur Eignabjargs ehf. í Högum seldur í lokuðu útboði til fjárfesta. Í árslok 2012 hafði Eignabjarg selt allan eignarhlut sinn í Högum. Hluthafar Haga eru nú um 1.200 talsins.
- ◆ Allt hlutfé Pennans á Íslandi ehf. var boðið til sölu í upphafi árs 2012. Félagið var í júní selt til fjárfestahóps undir forystu Ingimars Jónssonar, Ólafs Stefáns Sveinssonar og Stefáns D. Franklín.
- ◆ B.M. Vallá ehf., sem hafði í október 2011 verið selt til BMV Holding ehf., var í apríl afhent nýju eigendunum eftir að Samkeppniseftirlitið samþykkti söluuna.
- ◆ Allt hlutfé í Sigurplasti ehf. var í apríl selt félaginu Hilmar D. Ólafsson ehf.
- ◆ Í mars var Fram Foods ehf. boðið til sölu í einu lagi. Sú ákvörðun að selja hverja rekstrareiningu fyrir sig var tekin í apríl þegar ljóst var að ekkert ásættanlegt tilboð hafði borist í samstæðuna í heild. Í júlí var dótturfélagið Boyfood Oy í Finnlandi selt til finnska félagsins Felix Abba Oy og í nóvember dótturfélagið Fram Foods AB í Svíþjóð til sænska félagsins Domstein Sverige AB. Unnið er að sölu dótturfélags Fram Foods ehf. á Íslandi.

Eignabjarg á 42,7% hlut í Reitum fasteignafélagi hf. Unnið er að fjárhagslegri endurskipulagningu félagsins og í kjölfarið er stefnt að skráningu Reita hf. í kauphöll á Aðalmarkað NASDAQ OMX á Íslandi.

Eignabjarg hefur eftir fremsta megni hagað því svo að eignarhaldstími þess á fyrirtækjum hafi verið eins stuttur og unnt hefur verið. Í lok árs 2012 höfðu eignarhlutir Eignabjargs í fimm félögum verið seldir til nýrra eigenda.



## ► EIGNAUMSÝSLUFÉLÖG

### LANDEY

Landey er eignaumsýslufélag um fasteignir sem ekki eru tekjuberandi í dag en verða það mögulega í framtíðinni. Slíkar eignir eru t.a.m. ófullgerðar (búðir, byggingalönd, jarðir og réttindi sem tengjast þeim. Hlutverk félagsins er að viðhalda og auka verðmæti eignanna með faglegri þróun, hönnun og uppbyggingu í góðu samstarfi við skipulagsyfirvöld (eða sambærilega aðila) þar til viðunandi verð getur fengist fyrir þær í söluférlu.

### LANDFESTAR

Landfestar eru fasteignafélag sem sérhæfir sig í leigu á iðnaðarhúsnæði, skrifstofuhúsnæði og atvinnuhúsnæði. Markmið félagsins er að þróa öflugt fyrirtæki á fasteignamarkaði. Félagið hefur til umráða um 100 þúsund fermetra af góðu húsnæði. Stærsti hluti þess er skrifstofuhúsnæði á höfuðborgarsvæðinu. Meðal helstu leigutaka félagsins eru bæði ríkisstofnanir og nokkur af stærri fyrirtækjum landsins.

Megináhersla ársins 2012 var að verja reksturinn. Þrátt fyrir brothætt efnahagsumhverfi hjá leigjendum náði félagið að fjölga eignum í útleigu svo að hlutfall eigna í útleigu hélst í kringum 95%. Mikil vinna var lögð í að treysta langtímasamband við leigjendur sem mun vonandi skila sér í komandi framtíð.

Markmið félagsins er að halda áfram á sömu braut þetta árið. Lykilinn að því að styrkja félagið er að bæta enn frekar hlutfall eigna í útleigu auk framtíðararðsemi með því að veita fyrsta flokks þjónustu til núverandi viðskiptavina og mæta breytilegum þörfum þeirra á komandi árum.



# Startup

Reykjavík

Arion banki  
Innovit  
Klak





## NÝSKÖPUN Í VERKI

---

Arion banki fjárfestir í nýsköpun. Hún stuðlar að aukinni fjölbreytni í verðmætasköpun framtíðarinnar. Við nálgumst nýsköpunarfyrirtæki á viðskiptalegum forsendum. Í gegnum viðskiptasmiðjuna Startup Reykjavík fjárfestum við í 10 fyrirtækjum á árinu, veittum þeim aðstöðu og ráðgjöf og sáum þau taka stórstíggum framförum.

# ÁHÆTTUSTÝRING

---

Bankastjóri og stjórn bankans bera ábyrgð á að skilgreina og ákvarða áhættustefnu bankans. Áhættustefnan er sett fram sem háþörk á áhættuskuldbindingum og önnur skilgreind mörk sem áhættustýringarsvið bankans fylgist með og gefur reglulega skýrslu um til bankastjóra og stjórnar bankans. Fjallað er nánar um áhættustýringu bankans á bls. 163–179 í skýringum 101–125 í ársreikningi samstæðu bankans árið 2012.

## Helstu áhættuþættir tengdir starfsemi bankans eru:

- ◆ Útlánaáhætta er hættan á að bankinn verði fyrir tapi ef viðskiptavinur eða gagnaðili standa ekki við samningskuldbindingar sínar. Hér undir falla samþjöppunaráhætta, landfræðileg áhætta, eftirstæð áhætta og uppgjörshætta. Nánar er fjallað um útlánaáhættu í skýringum 101–109 í ársreikningi.
- ◆ Markaðsáhætta er hættan á að verð- og vaxtabreytingar á fjármálamörkuðum hafi áhrif á virði og sjóðstreymi fjármálagerna bankans. Markaðsáhætta er tilkomin vegna viðskipta og stöðutöku í skuldabréfum, hlutabréfum, gjaldmiðlum, afleiðum og öðrum kuldbindingum sem eru metnar á markaðsvirði. Helstu áhættuþættir markaðsáhættu eru vaxtaáhætta, hlutafjáraáhætta og gjaldeyrisáhætta. Nánar er fjallað um markaðsáhættu í skýringum 110–120.
- ◆ Lausafjáraáhætta er hættan á að bankinn lendi í erfiðleikum með að mæta fjárhagsskuldbindingum sínum á gjalddaga. Lausafjáraáhætta er óhjákvæmileg í rekstri bankans þar sem starfsemi hans útheimtir fjármögnun, sjá skýringar 121–123.
- ◆ Rekstraráhætta er hættan á tapi vegna ófullnægjandi innri verkferla, manlegra mistaka, kerfismistaka, eða vegna ytri atburða í rekstrarumhverfi, sem áhrif hafa á rekstur bankans og geta valdið fjárhagslegu tjóni. Bankinn telur lagalega áhættu vera mikilvægan hluta af rekstraráhættu, sjá skýringu 124.

Innan áhættustýringarsviðs starfa eftirfarandi deildir sem gegna eftirlits- og greiningarhlutverki innan bankans vegna ofangreindra áhættuþátta í starfsemi hans.



## ▶ ÁHÆTTUSTÝRING

### LÁNAGREINING

Lánagreining styður við og hefur eftirlit með lánaumsóknarferli og lánveitingar ákvörðunum, allt frá undirbúningi umsóknar til útgreiðslu láns.

Deildin er helsti tengiliður áhættustýringar við lánanefndir bankans. Lánastýring gefur skriflegt álit á öllum lánaumsóknum sem fara fyrir lánanefnd stjórnar og lánanefnd Arion banka. Lánastjóri eða fulltrúi hans tekur þátt í fundum lánanefnda bankans og stjórnar, en hefur ekki atkvæðisrétt, og tryggir að sjónarmið áhættustýringar komist á framfæri. Lánastýring hefur eftirlit með lánanefndum fyrirtækja- og viðskiptabankasviðs. Lánastjóra áhættustýringar, sem jafnframt er forstöðumaður deildarinnar, er heimilt að vísa lánaákvörðunum til lánanefndar með viðtækari heimildir; alla leið til lánanefndar stjórnar.

Lánagreining hefur eftirlit með lánshæfismatsferli fyrirtækja.

### EIGINFJÁRGREINING

Eiginfjárgreining er ábyrg fyrir þróun og innleiðingu innra matsferlis fyrir eiginfjárþörf bankans (ICAAP) og er tengiliður vegna könnunar- og matsferlis (SREP) Fjármálaeftirlitsins (FME). Deildin er ábyrg fyrir þróun á líkani fyrir úthlutun eigin fjár til sviða bankans, sem er undirstaða innra mats á eiginfjárþörf. Eiginfjárhlutfall bankans er 24,3% og er því talsvert hærra en 16% eiginfjárfra Fjármálaeftirlitsins.

Annað hlutverk eiginfjárgreiningar er að greina og hafa eftirlit með safnlægri útlánaáhættu í lánasafni bankans, eins og stórum áhættuskuldbindingum og samþjöppun atvinnugreina. Bankinn hefur staðið frammi fyrir talsverðri samþjöppunaráhættu sem rekja má til kringumstæðna við stofnun bankans, sjá skýringu 109. Deildin flokkar útlánasafn bankans í samræmi við innra lánaflokkunarkerfi bankans.

## ▶ ÁHÆTTUSTÝRING

### ÚTLÁNAEFTIRLIT

Útlánaeftirlit fylgist með veikum og niðurfærðum útlánum gagnvart einstökum viðskiptavinum. Deildin greinir og grípur til aðgerða sem byggjast á niðurstöðum flokkunar lánasafnsins og úrskurðar í ágreiningsmálum við endurflokkun lána. Útlánaeftirlit ákvarðar niðurfærslu lána og gefur skýrslu um niðurfærslur og afskriftir til lánanefndar Arion banka.

Fyrstu þrjú árin í rekstri Arion banka voru mörkuð af mikilli óvissu varðandi virðismat eigna, sem voru fluttar frá Kaupþingi banka. Bankanum hefur orðið verulega ágengt við endurskipulagningu lána og stórlega hefur dregið úr áhættunni á að eignir, sem voru færðar yfir til bankans, séu ofmetnar. Útlánaeftirlit gegnir lykilhlutverki í að tryggja að bókfært virði útlána endurspegli raunverulegt verðmæti lána. Mikilvægur þáttur í virðismati lána eru réttar upplýsingar um tryggingarstöðu og er útlánaeftirlit í forystuhlutverki að efla kerfi og ferli bankans við mat á tryggingum.

### EIGNASAFNSÁHÆTTA

Eignasafnsáhætta er ábyrg fyrir greiningu, eftirliti og upplýsingagjöf um markaðsáhættu og lausafjárahættu. Í hlutverki sínu er eignasafnsáhætta fyrst og fremst í samskiptum við fjárstýringu og eigin viðskipti og veitir eigna- og fjárhagsskuldbindinganefnd bankans (ALCO) upplýsingar um niðurstöður sínar.

Bankastjóri ákvarðar heimildir vegna eigin viðskipta bankans með skuldabréf og hlutabréf, sem eru settar fram sem hámarksstaða að kvöldi. Áhættustýring hefur daglegt eftirlit með stöðutöku og heimildarmörkum.

Bankinn hefur frá fyrsta degi staðið frammi fyrir talsverðri áhættu vegna gjaldeyrisójöfnuðar á milli eigna og skulda. Bankanum hefur orðið verulega ágengt og uppfyllir bankinn nú skilyrði laga um gjaldeyrisójöfnuð, sjá skýringu 116.

## ▶ ÁHÆTTUSTÝRING

Bankinn fjármagnar sig að mestu með innlánnum frá einstaklingum, fyrirtækjum og fjármálafyrirtækjum. FME hefur sett reglur um að laust fé íslenskra banka skuli að lágmarki vera 20% af heildarinnlánnum. Kröfur um hátt lausafjárhlutfall endurspeglar óvissuna um kvikleika innlána í íslenskum bönkum og þá staðreynd að stór hluti af skuldbindingum bankans eru fyrst og fremst skammtímainnlán eða óbundin innlán, á sama tíma og eignir eru til langs tíma. Lausafjárhlutfall bankans er vel yfir kröfu FME, sjá skýringu 122. Eignasafnsáhætta er ábyrg fyrir greiningu á kvikleika innlánagrunns bankans og gefur ALCO skýrslu um niðurstöður sínar.

Eignasafnsáhætta veitir viðskiptaeningum bankans einnig ýmiss konar stuðning við rekstur og þróun upplýsinga- og eftirlitskerfa.

### REKSTRARÁHÆTTA

Rekstraráhætta hefur eftirlit með áhættu sem tengist daglegum rekstri bankans. Deildin hefur reglulega forgöngu um sjálfsáhættumat í deildum bankans og hefur eftirlit með úrbótaáætlun. Rekstraráhætta safnar, greinir og skráir tapsatburði. Alvarlegir atburðir eru greindir nánar til að skilja orsakir atburða og finna leiðir til að draga úr líkum á að slíkur atburður eigi sér stað aftur. Rekstraráhætta þjónustar svið bankans við greiningu og gerð verkferla og annarra stoðkerfa. Rekstraráhætta fylgist með innleiðingu á nýjum vörum í gegnum breytingarstjórnunarferli bankans. Öryggisstjóri bankans er hluti af teymi rekstraráhættu.

Bankinn viðheldur gagnsærri rekstraráhættumeningu og leitast við að ná því marki að ekkert komi á óvart með því að nýta rekstraráhættumælingar og verkferli til hins ítrasta. Bankinn sýnir ekkert umburðarlyndi gagnvart sviksemi.

# FJÁRMÖGNUN OG LAUSAFJÁRSTAÐA

Mikilvæg skref hafa verið stigin innan Arion banka til að auka fjölbreytni í fjármögnun bankans. Árið 2012 gaf bankinn út sértryggð skuldabréf hér á landi en snemma árs 2013 lauk hann einnig fyrstu erlendu skuldabréfaútgáfu sinni frá stofnun. Arion banki viðheldur sterku lausafjárhlutfalli sínu og uppfyllir öll skilyrði Fjármálaeftirlitsins (FME) og Seðlabanka Íslands (SÍ) varðandi lausafjárhlutföll.


## FJÁRMÖGNUN

Fjármögnun Arion banka tók nokkrum stakkaskiptum á árinu 2012. Merkum áfanga var náð í febrúar 2012 þegar bankinn gaf út sína fyrstu útgáfu af sértryggðum skuldabréfum. Skuldabréfin eru í íslenskum krónum og nam útgáfan 2,5 mö.kr. Flokkurinn sem er með lokagjalddaga 2034, er verðtryggður og ber fasta 3,60% vexti. Bréfin voru tekin til viðskipta á NASDAQ OMX Íslandi og í Kauphöllinni í Lúxemborg í febrúar 2012. Frekari þróun var á útgáfu sértryggðra skuldabréfa í maí þegar bankinn gaf út óverðtryggð sértryggð skuldabréf, fyrstur íslenskra banka. Skuldabréfin bera 6,5% óverðtryggða vexti og eru á lokagjalddaga árið 2015. Bankinn gaf samtals út sértryggð skuldabréf fyrir 5,0 ma.kr. á árinu 2012. Bankinn jók svo enn frekar við óverðtryggða skuldabréfaútgáfu í janúar 2013 þegar hann gaf út skuldabréf fyrir 1,8 ma.kr.


Útgáfa sértryggðra skuldabréfa er notuð til að fjármagna húsnæðislán sem Arion banki veitir viðskiptavinum sínum. Bankinn hefur verið í forystu á íslenskum húsnæðislánamarkaði með hagstæðum kjörum á húsnæðislánum og hafa óverðtryggð íbúðalán notið mikilla vinsælda frá því að þau voru fyrst kynnt til sögunnar í september 2011.

Tímamót urðu í lok febrúar 2013 þegar Arion banki lauk skuldabréfútbóði í norskum krónum með milligöngu Pareto Öhman. Um er að ræða fyrstu erlendu fjármögnun bankans og fyrstu erlendu skuldabréfaútgáfu íslensks fjármála-fyrirtækis frá árinu 2007. Alls voru seld óverðtryggð skuldabréf til um 60 fjárfesta í Noregi, Svíþjóð, Finnlandi, Bretlandi, á meginlandi Evrópu og í Asíu fyrir 500 milljónir norskra króna eða um 11,2 milljarða íslenskra króna. Umframeftirspurn var eftir bréfunum. Stefnt er að því að taka skuldabréfin til viðskipta í Kauphöllinni í Osló. Skuldabréfin bera fljótandi vexti, 5,00% ofan á NIBOR, og eru til þriggja ára, með lokagjalddaga árið 2016.

Samsetning fjármögnunar  
milljarðar króna



Endurgreiðsluferill  
langtímafjármögnunar  
milljarðar króna



## ► FJÁRMÖGNUN OG LAUSAFJÁRSTAÐA


Bankinn hefur á undanförunum þremur árum lagt ríka áherslu á að kynna starfsemi sína, stöðu og framgang fyrir fjármálafyrirtækjum og fjárfestum. Bankinn réðst í aðdraganda erlendu skuldabréfaútgáfunnar í umfangsmikla kynningarherferð og hefur hann á undanförunum mánuðum átt fundi með fjárfestum í Bandaríkjunum, Bretlandi, Þýskalandi og á Norðurlöndunum. Bankinn mun halda áfram kynningarstarfi fyrir fjárfesta og erlendar fjármálastofnanir á árinu 2013. Ljóst er að skuldabréfaútgáfan hefur ekki bara þýðingu fyrir Arion banka, heldur hefur verið á það bent bæði af Alþjóðagjaldeyrissjóðnum og SÍ að ein helsta forsenda þess að hægt sé að aflétta gjaldeyrishöftum á Íslandi sé að fjármálastofnanir hafi aðgang að erlendu lánsfé. Bankinn stefnir að því að auka fjölbreytni í fjármögnun sinni með áframhaldandi útgáfu sértryggðra skuldabréfa hér á landi og erlendri skuldabréfaútgáfu.

Arion banki fékk í apríl 2012 lánsþæfiseinkunn frá Reitun hf. Mat Reitunar á lánsþæfi Arion banka er B+. Bankinn fékk samhliða lánsþæfismat á sértryggðum skuldabréflokki sem fékk einkunnina A, sem er sama lánsþæfiseinkunn og Íslenska ríkið fær hjá Reitun. Arion banki mun á árinu 2013 sækjast eftir því að fá alþjóðlegt lánsþæfismat frá Moody's, S&P eða Fitch sem myndi auka aðgengi bankans að erlendum lánamörkuðum enn frekar.


### LAUSAFJÁRSTAÐA

Eitt af meginmarkmiðum Arion banka er að viðhalda sterku lausafjárhlutfalli. Lausafjárstaða bankans var 33% og reiðufjárhlutfallið 31% í árslok, sem er vel yfir lögbundnum lágmarkum en þau eru 20% og 5%.

Kvikleiki innlána



Skammtímafjármögnun heildarinnlán





STEFNAN RÆÐUR  
ÁFANGASTAÐNUM



## EIGNASTÝRING

Því fylgir mikil ábyrgð að taka að sér að stýra og ávaxta eignir, sparifé og lífeyri annarra. Við erum meðvituð um þá ábyrgð. Aukinn fjöldi viðskiptavina og eigna í stýringu á árinu 2012 ber vitni þeim góða árangri sem við höfum náð fyrir hönd viðskiptavina okkar. Reynsla, þekking og vandvirkni eru lykilþættir í eignastýringu hjá Arion banka.

# FJÁRHAGS- NIÐURSTÖÐUR

Hagnaður Arion banka á árinu 2012 nam 17,1 milljarði króna eftir skatta samanborið við 11,1 milljarð króna á árinu 2011. Arðsemi eigin fjár var 13,8% samanborið við 10,5% árið 2011. Heildareignir námu 900,7 milljörðum króna samanborið við 892,1 milljarð króna í árslok 2011. Eiginfjárlutfall bankans í lok tímabilsins var 24,3% en í lok árs 2011 var það 21,2%.

## AFKOMA

Hagnaður samstæðunnar nam 17.056 m.kr. samanborið við 11.094 m.kr. árið 2011. Aukinn hagnaður skýrist einkum af hærri vaxtatekjum, minni virðislaekk- un lána og aukningu í öðrum tekjum.

Hagnaður af kjarnastarfsemi nam 13.079 m.kr. Með kjarnastarfsemi er átt við starfsemi samstæðunnar að frádregnum tekjum og gjöldum sem tengjast fé- lögum sem tekin voru yfir vegna skuldauppgjörs og til stendur að selja aftur og öðrum óreglulegum liðum. Afkoma af kjarnastarfsemi hefur verið vaxandi á undanförunum árum.

## REKSTRARTEKJUR


Rekstrartekjur hækkuðu um 11.536 m.kr. milli ára og námu 44.812 m.kr. á ár- inu 2012. Hækkunin er til komin vegna jákvæðra breytinga á flestum sviðum rekstrarins.

Hreinar vaxtatekjur árið 2012 námu 27.142 m.kr., samanborið við 23.388 m.kr. árið 2011. Aukningin skýrist fyrst og fremst af mun stærra lánasafni í kjölfar kaupa bankans á íbúðalánasafni frá Kaupþingi hf. í árslok 2011 og hlutfallslegri aukningu verðtryggðra lána sem gefa hærri vaxtatekjur vegna nokkurrar verð- bólgu á árinu. Vaxtamunur af meðalstöðu vaxtaberandi eigna nam 3,4% bæði árin.


Hrein breyting á verðmati lána og krafna fólst í gjaldfærslu upp á 4.690 m.kr. á árinu samanborið við 8.649 m.kr. gjaldfærslu á árinu 2011. Ljóst er að nið- urfærslur vegna lána sem dæmd hafa verið með ólöglega tengingu við gjald- miðla vega þar þungt. Á árinu 2011 gjaldfærði samstæðan 13.823 m.kr. vegna slíkra lána og á árinu 2012 voru til viðbótar færðar 5.744 m.kr. til gjalda vegna þeirra lána. Á móti hefur komið virðisbreyting til hækkunar á bókfærðu virði lána, einkum vegna útlána til stærri fyrirtækja.

Hreinar þóknatekjur námu 10.748 m.kr. samanborið við 10.685 m.kr. árið 2011. Mjög lítil breyting hefur orðið á þóknastofni milli ára en væntingar standa til að samstæðan muni auka þennan hluta tekna sinna á næstu misser- um á flestum sviðum.


Hagnaður af kjarnastarfsemi  
milljarðar króna



Hreinar vaxtatekjur  
milljarðar króna



Hreinar þóknatekjur  
milljarðar króna





## ► FJÁRHAGSNIÐURSTÖÐUR

Hreinar fjármunatekjur námu 583 m.kr. á árinu samanborið við 511 m.kr. árið 2011. Verðbréfasafn bankans nam í árslok 2012 137,8 mö.kr. og því eru framangreindar virðisbreytingar óverulegar í hlutfalli af umfangi eignanna.

Hreinn gengishagnaður nam 1.434 m.kr. á árinu samanborið við 1.836 m.kr. árið 2011. Gjaldeyrisójöfnuður bankans hefur með markvissum aðgerðum verið minnkaður og er nú kominn vel niður fyrir þau 15% af eiginfjárgrunni bankans, sem Seðlabanki Íslands gerir kröfu um.

Aðrar rekstrartekjur námu 9.595 m.kr. á árinu 2012 samanborið við 5.505 m.kr. á árinu 2011. Helstu tekjur sem falla undir aðrar rekstrartekjur eru leigutekjur af atvinnuhúsnæði í eigu Landfesta og Landeyjar og tekjur af iðgjöldum hjá OKKAR líftryggingum en þessi félög eru öll dótturfélög bankans. Þá falla jafnframt þar undir virðisbreytingar vegna fjárfestingaegna í eigu Landfesta og Landeyjar sem skýra að mestu hækkunina milli ára. Enn fremur átti sér stað virðisbreyting á hlutdeildarfélögum í eigu bankans sem skýrir að hluta til hækkunina samanborið við fyrra ár.


### REKSTRARKOSTNAÐUR

Rekstrarkostnaður á árinu 2012 nam 24.668 m.kr. og hækkaði um 2.622 m.kr. milli ára eða um 11,9%. Kostnaðarhlutfall fer heldur lækkandi og nam 49,8% en var 52,5% árið 2011. Kostnaður sem hlutfall af eignum nam 2,8% en var 2,7% árið 2011. Horfa ber til þess að eignir í stýringu og utan efnahags hafa aukist til muna á árinu.


Laun og launatengd gjöld námu 12.459 m.kr. á árinu samanborið við 11.254 m.kr. árið 2011. Stöðugildi á árinu 2012 voru að meðaltali 1.166 samanborið við 1.217 árið 2011. Laun og launatengd gjöld hafa ekki síst hækkað frá fyrra ári vegna álagningar 5,45% fjársýsluskatts á laun starfsmanna fjármálafyrirtækja, ásamt hækkun launa sem er tæplega 2% umfram hækkun meðaltals launavísitölu sem var 7,8% milli ára.

Annar rekstrarkostnaður nam 12.209 m.kr. á árinu samanborið við 10.792 m.kr. árið 2011. Kostnaðaraukning er umtalsverð milli ára eða samtals 13%. Þar vega þyngst auknar afskriftir og niðurfærslur tengdar hugbúnaðarleyfum og öðrum óefnislegum eignum, hækkun á tölvukostnaði, sem m.a. hækkar vegna veikningar krónunnar, og hækkun á öðrum kostnaði sem m.a. tengist niðurfærslu vegna málaferla sem samstæðan er í og hefur fært varúðarniðurfærslur fyrir. Samtals nemur breyting vegna ofangreindra þriggja liða tæplega 1.500 m.kr.


Gjaldeyrisójöfnuður  
milljarðar króna



Aðrar tekjur  
milljarðar króna



Rekstrarkostnaður  
milljarðar króna



## ► FJÁRHAGSNIÐURSTÖÐUR

### SKATTAR

Tekjuskattur nam 3.633 m.kr. samanborið við 1.912 m.kr. á árinu 2011. Virkt tekjuskattshlutfall nam 18,0% á árinu en var 17,0% á árinu 2011. Hækkunin er meðal annars til komin vegna 6% viðbótartekjuskatts á skattskyldan hagnað umfram 1 ma.kr. hjá fjármálafyrirtækjum.

Sérstakur skattur á fjármálafyrirtæki nam 1.062 m.kr. samanborið við 1.046 m.kr. árið 2011. Aukningin er til komin vegna stækkunar á efnahag bankans, en skattstofninn er skuldir banka.

Til viðbótar hafa Arion banki og dótturfélög hans greitt 545 m.kr. í fjársýsluskatt sem leggst á laun starfsmanna í fjármálaþjónustu, en skatthlutfallið er 5,45%.

### AFLÖGÐ STARFSEMI

Hreinar tekjur af aflagðri starfsemi námu 1.607 m.kr. samanborið við 2.792 m.kr. á árinu 2011. Hagnaður bankans vegna sölu á stórum hluta af eignarhlut í Högum hf. á fyrri helmingi ársins 2012 nam 875 m.kr. Þá var hagnaður bankans vegna sölu á um 39% hlut bankans í N1 hf. 1.376 m.kr. á árinu, en endanlega var gengið frá sölnni í byrjun júní eftir samþykki eftirlitsaðila. Tap af annarri aflagðri starfsemi og rekstri fullnustueigna í eigu bankans nam 644 m.kr.


### EFNAHAGUR

Heildareignir Arion banka námu 900.675 m.kr. í árslok 2012 samanborið við 892.121 m.kr. í árslok 2011. Breytingu á einstökum liðum má m.a. rekja til breytinga í lausafjárstyringu, sem sjá má í lækkun á verðbréfaeign, sem og vegna sölu á yfirteknum eignum í tengslum við skuldauppgjör en fastafjármunir til sölu og aflögð starfsemi lækka verulega í kjölfar sölu á eignarhlutum í yfirteknum félögum.


### LÁN OG KRÖFUR TIL VIÐSKIPTAVINA

Lán og kröfur til viðskiptavina námu 566.610 m.kr. í lok árs 2012 samanborið við 561.550 m.kr. í árslok 2011. Umtalsverðar breytingar hafa átt sér stað á lánum og kröfum bankans síðustu árin. Hlutfall lána í myntum hefur lækkað mikið með endurskipulagningu á skuldamálum fyrirtækja og einstaklinga sem og endurútreikningi lána til einstaklinga og minni fyrirtækja í tengslum við dómsmál síðustu misseri. Þá hefur hlutdeild verðtryggðra útlána aukist umtalsvert, einkum með tilkomu íbúðalánasafnsins sem bankinn keypti frá Kaupþingi hf. í árslok 2011 en einnig hafa stór fyrirtæki tekið ný verðtryggð lán, þar sem tekjur þeirra tengjast verðtryggingu. Samsetning lána bankans hefur því færst úr því að vera einkum í erlendum myntum í lán í íslenskum krónum. Eftir kaupin á íbúðalánasafninu af Kaupþingi hf. er skipting útlána milli einstaklinga og fyrirtækja orðin ákjósanleg og einnig dreifing þeirra milli atvinnugreina.

### Útlán



### Atvinnugrein



## ► FJÁRHAGSNIÐURSTÖÐUR

### VERÐBRÉFAEIGN

Verðbréfaeign nam 137.800 m.kr. í lok ársins 2012 samanborið við 157.659 m.kr. í árslok 2011.

Arion banki nýtir lausafé sitt m.a. til kaupa á auðseljanlegum skuldabréfum og sveiflur í skuldabréfaeign milli ára skýrast einkum af því. Breyting á hluta-bréfaeign tengist einkum yfirtöku á eignarhlutum í tengslum við skuldaupp-gjör fyrirtækja, í skráðum og óskráðum bréfum, bæði í íslenskum og erlendum félögum.

### FASTAFJÁRMUNIR TIL SÖLU OG AFLÖGÐ STARFSEMI

Eignir sem teljast til fastafjármuna til sölu og aflögðar starfsemi námu 11.923 m.kr. í lok árs 2012 samanborið við 23.886 m.kr. í árslok 2011. Lækkunin er einkum til komin vegna sölu BM Vallár ehf. og Pennans á Íslandi ehf. sem og að stórir eignarhlutir bankans í Högum hf. og N1 hf. voru seldir. Helstu eignir sem bankinn á enn í þessum flokki eru dótturfélagið Fram foods ehf., eignarhlutur í HB Granda hf. og fasteignir, bæði íbúðir og atvinnuhúsnæði. Gert er ráð fyrir að stór hluti þessara eigna verði seldur á árinu 2013.



### SKULDIR OG EIGIÐ FÉ

Heildarskuldir námu 769.797 m.kr. í lok ársins 2012 samanborið við 777.563 m.kr. í árslok 2011. Ástæðu lækkunarinnar má einkum rekja til lækkunar innstæðna hjá bankanum, einkum innstæðna aðila sem bundnir eru með innstæður sínar í gjaldeyrishöftum. Á móti kemur að önnur lántaka hefur aukist með nýrri sértrygðri skuldabréfaútgáfu upp á um 5.000 m.kr. á fyrri helmingi ársins 2012 og skuldir sem tengdar eru vísitölu og gjaldmiðlum hafa sömuleiðis hækkað.


### INNLÁN

Heildarinnlán bankans námu 481.673 m.kr. og höfðu þá lækkað um 24.482 m.kr. á árinu. Á fyrsta ársfjórðungi 2012 tók einn stærsti innlánseigandi bankans út innstæður sínar í tengslum við uppgjör við erlendan kröfuhafa sinn með aðkomu Seðlabanka Íslands og fleiri aðila. Við þessa breytingu telur bankinn að gæði innstæðna hafi aukist og lausafjár- og reiðufjárhlutföll séu nú umtalsvert heilbrigðari en áður. Þrátt fyrir lækkun innlána á síðustu misserum hefur bankinn haldið sínum hlut á innlánamarkaði í flestum flokkum, en innlánakerfið í heild sinni hefur minnkað með auknum fjárfestingartækifærum á öðrum sviðum.

Unnið hefur verið markvisst að því að lengja binditíma innstæðna til að auka öryggi í fjármögnun bankans. Þannig voru um 42% innstæðna bundin í árslok 2012 samanborið við 23% í árslok 2011.



### Niðurbrot innlána eftir binditíma



## ► FJÁRHAGSNIÐURSTÖÐUR

### LÁNTAKA


Lántaka bankans nam 195.085 m.kr. í lok ársins 2012 samanborið við 187.203 m.kr. í árslok 2011. Hækkunin skýrist einkum af því að á árinu 2012 gaf bankinn út samtals um 5 ma.kr. í sértryggðum skuldabréfum, bæði verðtryggð og óverðtryggð. Skuldabréfin eru hluti af útgáfuáætlun allt að 1 ma. evra og eru skráð á NASDAQ OMX á Íslandi. Þá hefur hækkun á vísitölu neysluverðs nokkur áhrif þar sem talsverður hluti skulda bankans er verðtryggður.

### VÍKJANDI LÁNTAKA

Víkjandi lántaka bankans nam 34.220 m.kr. í árslok 2012 samanborið við 32.105 m.kr. í árslok 2011. Breytingin er óveruleg og er eingöngu tengd hreyfingum á gengi erlendra mynta sem lánin tengjast.

### EIGIÐ FÉ

Eigið fé bankans nam 130.878 m.kr. í lok ársins 2012 samanborið við 114.558 m.kr. í lok ársins 2011. Breytingin er nær eingöngu vegna hagnaðar á árinu.



## ► FJÁRHAGSNIÐURSTÖÐUR

Rekstrarreikningur	2012	2011	2010	2009
Hreinar vaxtatekjur	27.142	23.388	19.785	12.188
Hrein breyting á verðmati lána og krafna	-4.690	-8.649	1.878	-296
Hreinar þóknatekjur	10.748	10.685	6.866	5.862
Hreinar fjármunatekjur	2.017	2.347	1.361	10.353
Aðrar rekstrartekjur	9.595	5.505	5.733	3.758
<b>Rekstrartekjur</b>	<b>44.812</b>	<b>33.276</b>	<b>35.623</b>	<b>31.865</b>
Rekstrarkostnaður	-24.668	-22.016	-18.292	-15.346
<b>Hagnaður fyrir skatta</b>	<b>20.144</b>	<b>11.260</b>	<b>17.331</b>	<b>16.519</b>
Tekjuskattur	-3.633	-1.912	-3.481	-2.568
Bankaskattur	-1.062	-1.046	-290	0
Afkoma af aflagðri starfsemi eftir skatta	1.607	2.792	-1.003	-1.080
<b>Hagnaður</b>	<b>17.056</b>	<b>11.094</b>	<b>12.557</b>	<b>12.871</b>

Efnahagsreikningur	2012	2011	2010	2009
Handbært fé og innstæður hjá Seðlab. Íslands	29.746	29.200	30.628	41.906
Lán og kröfur til lánastofnana	101.011	69.103	67.846	38.470
Lán og kröfur til viðskiptavina	566.610	561.550	451.219	357.734
Verðbréfaeign	137.800	157.659	134.767	182.802
Uppgjörssamningur við Kaupþing hf.	0	0	24.188	34.371
Fjárfestingareignir	28.919	27.100	27.642	22.947
Fastafjármunir til sölu og aflögð starfsemi	11.923	23.886	44.464	41.527
Aðrar eignir	24.666	23.623	31.861	37.587
<b>Eignir samtals</b>	<b>900.675</b>	<b>892.121</b>	<b>812.615</b>	<b>757.344</b>

Innlán	481.673	506.155	553.527	609.112
Fastafjármunir til sölu og aflögð starfsemi	1.769	4.950	13.514	19.230
Aðrar skuldir	57.050	47.150	44.503	27.926
Lántaka	195.085	187.203	65.278	11.042
Vikjandi skuldir	34.220	32.105	26.257	0
Eigið fé	130.878	114.558	109.536	90.034
<b>Skuldir og eigið fé samtals</b>	<b>900.675</b>	<b>892.121</b>	<b>812.615</b>	<b>757.344</b>

Fjárhæðir í milljónum króna.

Kennitölur	2012	2011	2010	2009
Arðsemi eigin fjár	13,8%	10,5%	13,4%	16,7%
Arðsemi eigin fjár af kjarnastarfsemi	10,6%	11,2%	11,1%	4,9%
Vaxtamunur á vaxtaberandi eignir	3,4%	3,4%	2,7%	1,9%
Kostnaðarhlutfall	49,8%	52,5%	54,2%	47,7%
CAD hlutfall (eiginfjárhlutfall FME)	24,3%	21,2%	19,0%	13,7%
Tier 1 hlutfall	19,1%	16,4%	15,2%	13,7%
Eigið fé / Heildareignir	14,5%	12,8%	13,5%	11,9%
Lán í vanskilum / Útlán til viðskiptavina	6,1%	10,6%	24,7%	22,8%
Áhættuvegnar eignir / Heildareignir	73,0%	74,5%	84,7%	83,9%
Útlán / innlán	126,3%	114,6%	98,5%	72,2%
Fjöldi stöðugilda í árslok	1.190	1.158	1.241	1.124



## ÁRSREIKNINGUR 2012

---

- 104 SKÝRSLA OG ÁRITUN STJÓRNAR OG BANKASTJÓRA
- 107 ÁRITUN ÓHÁÐS ENDURSKOÐANDA
- 108 YFIRLIT UM HEILDARAFKOMU SAMSTÆÐUNNAR Á ÁRINU 2012
- 109 EFNAHAGSREIKNINGUR SAMSTÆÐUNNAR 31. DESEMBER 2012
- 110 YFIRLIT UM BREYTINGAR Á EIGIN FÉ Á ÁRINU 2012
- 111 YFIRLIT YFIR SJÓÐSTREYMI SAMSTÆÐUNNAR ÁRIÐ 2012
- 112 SKÝRINGAR VIÐ SAMSTÆÐUREIKNINGINN

# SKÝRSLA OG ÁRITUN STJÓRNAR OG BANKASTJÓRA

Ársreikningur samstæðu Arion banka fyrir árið 2012 samanstendur af ársreikningi Arion banka hf. („bankans“) og dótturfélaga hans, en saman er vísað til þeirra sem „samstæðunnar“.

Arion banki er samstæða félag sem veitir fyrirtækjum, stofnunum og einstaklingum alhliða fjármálaþjónustu. Þjónustan felst meðal annars í fyrirtækjaþjónustu, viðskiptabankaþjónustu, fjárfestingabankaþjónustu og eignastýringu. Innan samstæðunnar eru dótturfélög í fasteignarekstri, kreditkorta- og tryggingaþjónustu.

Kaupskil ehf., sem er félag í eigu Kaupþings hf. (áður Kaupþing banki hf.), fer með 87% hlut í Arion banka hf. Eigandi að 13% hlut í bankanum er íslenska ríkið og fer Bankasýsla ríkisins með eignarhlutinn fyrir hönd þess.

Starfsmenn samstæðunnar voru í 1.190 stöðugildum í lok árs samanboreið við 1.158 í lok árs 2011. Þar af voru 949 stöðugildi hjá móðurfélaginu Arion banka hf., en þau voru 858 í árslok 2011. Fjölgun starfsmanna hjá móðurfélaginu er einkum tilkomin vegna sameiningar við dótturfélögin Verdis hf. og Sparisjóð Ólafsfjarðar.

## Starfsemi samstæðunnar á árinu 2012

Hagnaður ársins 2012 nam 17.056 milljónum króna. Stjórn bankans leggur til að hagnaður ársins verði lagður við eigið fé og að ekki verði greiddur arður á árinu 2013 vegna ársins 2012. Eigið fé samstæðunnar nam 130.878 milljónum króna í lok árs að meðtöldu hlutafé að fjárhæð 2.000 milljónir króna. Eiginfjárlutfall samstæðunnar reiknað samkvæmt lögum um fjármálafyrirtæki var 24,3%. Samkvæmt lögum skal þetta hlutfall ekki vera lægra en 8,0%, en Fjármálaeftirlitið gerir frekari kröfur sem bankinn stenst vel. Lausafjárstaða bankans var sterk og var lausafjárlutfallið 33% og reiðufjárlutfallið 31% í lok ársins, samanboreið við lögbundin lágmark sem eru 20% og 5%.

Rekstur Arion banka hf. gekk vel á árinu og er viðunandi afkoma af kjarnastarfsemi bankans. Sama má segja um dótturfélög hans hvort sem þau eru í fjármalastarfsemi eða annarri starfsemi. Til framtíðar litið leggur samstæðan áherslu á að auka hlut þóknatekna í heildartekjum. Leiðir að því marki eru að auka þjónustu við viðskiptavinum bankans sem skapa aukinn stöðugleika í þóknatekjum, en einnig að veita viðskiptavinum þjónustu tengda fjármögnun hvort sem er með lánveitingum eða á markaði. Við núverandi aðstæður er ljóst að gæta þarf aðhalds í rekstri fyrirtækja í fjármálaþjónustu og mun bankinn leggja áherslu á hagkvæmni í rekstri. Á undanförunum árum hefur mikil vinna og tilheyrandi kostnaður tengst ýmsum úrlausnarmálum og athugunum opinberra aðila á starfsemi bankans. Eftir því sem þau mál leysast kann að skapast svigrúm til lækkunar á kostnaði en jafnframt til aukinnar sóknar á fjármálamarkaði.

Innlán í bönkum hér á landi hafa farið minnkandi og má búast við að sú þróun haldi áfram í náinni framtíð, einkum vegna vaxandi hlutabréfamarkaðar og þar með aukinnar fjölbreytni í tækifærum til fjárfestingar einstaklinga, fyrirtækja og fagfjárfesta. Arion banki hf. tekur mið af þessari væntu þróun og er unnið markvisst að því að styrkja fjölbreytni í fjármögnun bankans til skemmri og lengri tíma. Í þeim tilgangi gaf bankinn út í febrúar fyrsta áfanga í sértryggðri skuldabréfaútgáfu sem getur numið allt að 1 milljarði evra. Útgáfan nam 2,5 milljörðum íslenskra króna í verðtryggðum bréfum með lokagjald daga 2034 og var hún seld til íslenskra stofnanafjárfesta. Arion banki hf. var fyrstur íslenskra banka til að gefa út óverðtryggð fastvaxta skuldabréf, en í maí og júní gaf bankinn út samtals 2,5 milljarða íslenskra króna í sértryggðum skuldabréfum með 6,5% vöxtum sem eru með gjald daga 2015.

Lögð hefur verið áhersla á að selja þau félög bankans, sem hann leysti til sín í tengslum við skuldauppgjör. Eignarhlutur samstæðunnar í Högum hf. var seldur á árinu og á bankinn nú eingöngu hlut í félaginu í veltubók. Að fengnu samþykki samkeppnisyrivalda var á tímabilinu maí til ágúst gengið endanlega frá sölu á eignarhlut bankans í þremur félögum, B.M. Vallá ehf., N1 ehf. og Pennanum á Íslandi ehf. Á árinu var einnig seldur 20% hlutur bankans í Ölgerðinni Agli Skallagrímssyni ehf. og stærstur hluti Fram foods samstæðunnar.

Nokkuð hefur áunnist í einföldun samstæðunnar með því að sameina dótturfélög bankanum og slitum á nokkrum félögum sem höfðu lokið hlutverki sínu. Stærstu félögin sem sameinuð voru bankanum voru Verdis ehf. og Sparisjóður Ólafsfjarðar sem bæði voru að fullu í eigu bankans. Unnið er að því að AFL sparisjóður, sem að langmestu leyti er í eigu bankans verði einnig sameinaður bankanum á næstu mánuðum.



## ► SKÝRSLA OG ÁRITUN STJÓRNAR OG BANKASTJÓRA

Eignasafn samstæðunnar hefur batnað umtalsvert á árinu. Sala á fullnustueignum í formi fasteigna og lögaðila hefur þar nokkur áhrif en einkum hefur mikið áunnist í vinnu við útlánasafn samstæðunnar. Fjárhagslegri endurskipulagningu stórra viðskiptavina samstæðunnar er að mestu lokið og er hún vel á veg komin hjá smærri fyrirtækjum og einstaklingum. Í febrúar féll dómur í Hæstarétti sem skapaði óvissu um vaxtakjör gengistryggðra lána sem áður höfðu verið dæmd ólögleg og þar með um virði þeirra í bókum bankans. Dómurinn var talinn of atviksbundinn til að vera fordæmisgefandi um allar þær gerðir lána og skilmála sem hann getur haft áhrif á og því var talið nauðsynlegt að fleiri mál færu fyrir dómstóla. Dómar sem féllu síðar á árinu hafa dregið mjög úr óvissunni og hefur samstæðan endurreiknað tiltekna flokka gengistryggðra lána með vísan til dóms sem féll í október. Samstæðan hefur vegna þessara dóma fært til gjalda á árunum 2011 og 2012 um 19,6 milljarða króna til að mæta áhrifum endurútreikningsins sem framundan er. Nánari umfjöllun um lögmati erlendra lána er að finna í skýringu 96.

Í nóvember birti Fjármálaeftirlitið niðurstöður skoðunar sinnar á mati bankans á útlánasafni sínu. Til skoðunar voru um 43% af útlánum bankans til stærri fyrirtækja og meginniðurstöður skoðunarinnar voru þær, að engar vísbendingar væru um að útlánasafn bankans væri ofmetið.

### Áhættustýring

Samstæðan stendur frammi fyrir ýmis konar áhættum sem tengjast viðskiptum hennar sem fjármálastofnun og stafa af daglegum rekstri. Áhættustýring er því grundvallarþáttur í starfi samstæðunnar. Grunnstoðir virkrar áhættustýringar felast í að greina verulega áhættu, að gefa áhættuskuldbindingum töluleg gildi, að grípa til aðgerða til þess að takmarka áhættu og að vakta stöðugt áhættu. Áhættustýringarferlið og geta samstæðunnar til þess að stýra og verðleggja áhættuþætti er ómissandi þáttur í að tryggja áframhaldandi arðsemi samstæðunnar, svo og til þess að tryggja að áhættu hennar sé haldið innan viðnandi marka. Áhættustýringu samstæðunnar, uppbyggingu hennar, stefnu og helstu áhættuþáttum er lýst í skýringum með ársreikningnum og hefst umfjöllunin í skýringu 101.

### Framtíðarhorfur

Arion banki hf. er vel undir vöxt búinn með sterkan efnahag sem gerir honum kleift að fylgja eftir auknum umsvifum í efnahagslífi landsins. Starfsemin einkennist sífellt meir af eiginlegri bankastarfsemi eftir því sem úrvinnslumálum fækkar. Með því skapast tækifæri til hagræðingar en einnig aukningar í umsvifum tengdum viðskiptavinum og þar með tekjuöflunar. Stefna bankans, að vera öflugur tengslabanki, nýtist vel í þeim tilgangi að þekkja þarfir viðskiptavinanna og mæta þeim með lausnum sem henta.

Nokkurs vaxtar er farið að gæta í útlánum og má búast við frekari þróun í þá átt á næstu árum. Einnig hefur fasteignamarkaðurinn tekið við sér með tilheyrandi fjármögnunarþörf. Ekki er þó gert ráð fyrir að verulegur vöxtur verði í útlánum á árinu 2013 en að á árinu 2014 megi búast við auknum umsvifum.

Í janúar 2013 lauk Arion banki hf. sölu á þriðju útgáfunni af óverðtryggðum sértryggðum fastvaxta skuldabréfum og nam útgáfan 1,8 milljarði króna. Eftir vel heppnuð skuldabréfaútböð á innlendum markaði var bankinn í febrúar 2013 fyrstur íslenskra banka síðan 2007 til að selja skuldabréf til erlendra fjárfesta. Útgáfan sem er óverðtryggð nam 500 milljónum norskra króna og verður hún skráð í kauphöllina í Osló. Með þessu útböð eru stigin fyrstu skrefin í átt að erlendri fjármögnun bankans frá stofnun hans og framhaldi af þessu er áformað að óska eftir lánsþæfismati á bankanum frá erlendu matsfyrirtæki.

### Stjórnarhættir

Stjórn Arion banka hf. hefur tileinkað sér góða stjórnarhætti og hefur einsett sér að stuðla að og styðja við ábyrga hegðun og fyrirtækjameningu innan bankans til hagsbóta fyrir alla hagsmunaaðila hans. Frekari upplýsingar um stjórnarhætti má finna í stjórnarháttayfirlýsingu Arion banka hf. 2013 sem birt er í ársskýrslu samstæðunnar.

## ► SKÝRSLA OG ÁRITUN STJÓRNAR OG BANKASTJÓRA

### Áritun stjórnar og bankastjóra

Ársreikningur samstæðu Arion banka fyrir árið 2012 er gerður í samræmi við alþjóðlega reikningskilastaðla (IFRS) eins og þeir hafa verið samþykktir af Evrópusambandinu.

Það er álit okkar að samstæðureikningurinn gefi glögga mynd af afkomu samstæðunnar og sjóðstreymi á árinu 2012 og fjárhagsstöðu hennar 31. desember 2012.

Ennfremur er það álit okkar að samstæðureikningurinn ásamt skýrslu og áritun stjórnar og bankastjóra gefi glögga mynd af þróun í rekstri og stöðu samstæðunnar og lýsi þeim megin áhættu- og óvissuþáttum sem samstæðan stendur frammi fyrir.

Stjórn og bankastjóri Arion banka hf. hafa í dag fjallað um samstæðureikning bankans fyrir árið 2012 og staðfesta hann hér með undirritun sinni. Stjórn og bankastjóri leggja til að samstæðureikningurinn verði samþykktur á aðalfundi Arion banka hf.

Reykjavík, 28. febrúar 2013


### Stjórn

  
Monica Caneman  
Stjórnarformaður

  
Agnar Kólfred-Hansen


  
Guðrún Johnsen

  
Máns Höglund

Freyr Þórðarson  


  
Jón G. Briem

### Bankastjóri

  
Höskuldur H. Ólafsson

# ÁRITUN ÓHÁÐS ENDURSKOÐANDA

Til stjórnar og hluthafa Arion banka hf.

Við höfum endurskoðað meðfylgjandi samstæðuársreikning Arion banka hf. og dótturfélaga fyrir árið 2012. Ársreikningurinn hefur að geyma yfirlit yfir heildarafkomu, efnahagsreikning, yfirlit um breytingu á eigin fé, yfirlit um sjóðstreymi, upplýsingar um mikilvægar reikningsskilaaðferðir og aðrar skýringar.

Ábyrgð stjórnar og framkvæmdastjóra á årsreikningnum

Stjórnendur eru ábyrgir fyrir gerð og framsetningu årsreikningsins í samræmi við alþjóðlega reikningsskilastaðla eins og þeir hafa verið staðfestir af Evrópusambandinu. Stjórnendur eru einnig ábyrgir fyrir því innra eftirliti sem nauðsynlegt er varðandi gerð og framsetningu årsreiknings, þannig að hann sé án verulegra annmarka, hvort sem er vegna sviksemi eða mistaka.

*Ábyrgð endurskoðanda*

Ábyrgð okkar felst í því álitum sem við látum í ljós á årsreikningnum á grundvelli endurskoðunarinnar. Endurskoðað var í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla. Samkvæmt þeim ber okkur að fara eftir settum siðareglum og skipuleggja og haga endurskoðuninni þannig að nægjanleg víska fáist um að årsreikningurinn sé án verulegra annmarka.

Endurskoðun felur í sér aðgerðir til staðfestingar á fjárhæðum og skýringum í årsreikningnum. Val endurskoðunaraðgerða byggir á faglegu mati endurskoðandans, meðal annars á þeirri hættu að verulegir annmarkar séu á årsreikningnum, hvort sem er af völdum sviksemi eða mistaka. Við áhættumatið er tekið tillit til þess innra eftirlits félagsins sem varðar gerð og framsetningu årsreikningsins, til þess að skipuleggja viðeigandi endurskoðunaraðgerðir, en ekki til þess að gefa álit á virkni innra eftirlits félagsins. Endurskoðun felur einnig í sér mat á því hvort reikningsskilaaðferðir og matsaðferðir sem stjórnendur nota við gerð årsreikningsins séu viðeigandi sem og mat á framsetningu hans í heild.

Við teljum að við endurskoðunina höfum við aflað nægilegra og viðeigandi gagna til að byggja álit okkar á.

*Álit*

Það er álit okkar að samstæðuársreikningurinn gefi glögga mynd af afkomu samstæðunnar á árinu 2012, efnahag hennar 31. desember 2012 og breytingu á handbæru fé á árinu 2012, í samræmi við alþjóðlega reikningsskilastaðla eins og þeir hafa verið staðfestir af Evrópusambandinu.

*Staðfesting vegna skýrslu stjórnar*

Í samræmi við ákvæði 5. tl. 1. mgr. 106. gr. laga nr. 3/2006 um årsreikninga staðfestum við samkvæmt okkar bestu vitund að í skýrslu stjórnar sem fylgir årsreikningi þessum eru veittar þær upplýsingar sem þar ber að veita í samræmi við lög um årsreikninga og koma ekki fram í skýringum.

Reykjavík, 28. febrúar 2013

Ernst & Young ehf.

Margrét Pétursdóttir  
endurskoðandi

# YFIRLIT UM HEILDARAFKOMU SAMSTÆÐUNNAR Á ÁRINU 2012

Vaxtatekjur .....		59.094	46.433
Vaxtagjöld .....		(31.952)	(23.045)
<b>Hreinar vaxtatekjur .....</b>	<b>42</b>	<b>27.142</b>	<b>23.388</b>
Virðisaukning lána og krafna .....	43	12.824	38.368
Virðisrýrnun lána og krafna .....	44	(17.514)	(27.424)
Breytingar á uppgjörssamningi við Kaupþing hf. ....	45	-	(19.593)
<b>Hreinar vaxtatekjur að frádregnum virðisbreytingum lána og krafna .....</b>		<b>22.452</b>	<b>14.739</b>
Þóknatekjur .....		16.166	16.862
Þóknagjöld .....		(5.418)	(6.177)
<b>Hreinar þóknatekjur .....</b>	<b>46</b>	<b>10.748</b>	<b>10.685</b>
Hreinar fjármunatekjur (gjöld) .....	47-50	583	511
Hreinn gengishagnaður (tap) .....	51	1.434	1.836
Hlutdeild í hagnaði (tapi) hlutdeildarfélagi .....	73	2.405	8
Aðrar rekstrartekjur .....	52	7.190	5.497
<b>Rekstrartekjur .....</b>		<b>44.812</b>	<b>33.276</b>
Laun og launatengd gjöld .....	55	(12.459)	(11.254)
Stjórnunarkostnaður .....		(9.142)	(7.810)
Tryggingarsjóður innstæðueigenda og fjárfesta .....	90	(899)	(1.200)
Afskriftir og niðurfærslur .....	75	(1.436)	(956)
Annar rekstrarkostnaður .....	58	(732)	(796)
<b>Hagnaður fyrir skatta .....</b>		<b>20.144</b>	<b>11.260</b>
Tekjuskattur .....	60	(3.633)	(1.912)
Sérstakur skattur á fjármálafyrirtæki .....	61	(1.062)	(1.046)
<b>Hagnaður af áframhaldandi rekstri .....</b>		<b>15.449</b>	<b>8.302</b>
Afkoma af aflagðri starfsemi eftir skatta .....	62	1.607	2.792
<b>Hagnaður .....</b>		<b>17.056</b>	<b>11.094</b>
<b>Hagnaður tilheyrir:</b>			
Hluthöfum Arion banka hf. ....		16.622	10.493
Hlutdeild minnihluta .....		434	601
<b>Hagnaður .....</b>		<b>17.056</b>	<b>11.094</b>
<b>Önnur heildarafkoma:</b>			
Þýðingarmunur vegna reikningsskila dótturfélaga í erlendri mynt .....	88	2	112
<b>Heildarafkoma .....</b>		<b>17.058</b>	<b>11.206</b>
<b>Hagnaður á hlut</b>			
Hagnaður og þynntur hagnaður á hlut sem tilheyrir hluthöfum Arion banka hf. ....	63	8,31	5,25

Skýringar á blaðsíðum 112 til 181 eru óaðskiljanlegur hluti samstæðureikningsins

# EFNAHAGSREIKNINGUR SAMSTÆÐUNNAR

## 31. DESEMBER 2012

Eignir	Skýring	2012	2011
Handbært fé og innstæður hjá Seðlabanka Íslands .....	64	29.746	29.200
Lán og kröfur til lánastofnana .....	65-66	101.011	69.103
Lán og kröfur til viðskiptavina .....	67-68	566.610	561.550
Skuldabréf og skuldagerningar .....	69-70	117.730	140.568
Hlutabréf og eiginfjárgæringar .....	69	16.844	14.045
Afleiðusamningar .....	69,86	788	674
Verðbréf vegna áhættuvarna .....	69	2.438	2.372
Fjárfestingareignir .....	72	28.919	27.100
Fjárfestingar í hlutdeildarfélagum .....	73	7.050	2.987
Varanlegir rekstrarfjármunir .....	74-75	6.311	6.271
Óefnislegar eignir .....	76	4.941	4.765
Skatteignir .....	77-80	463	724
Fastafjármunir til sölu og aflögð starfsemi .....	81	11.923	23.886
Aðrar eignir .....	82	5.901	8.876
<b>Eignir samtals</b>		<b>900.675</b>	<b>892.121</b>
<b>Skuldir</b>			
Skuldir við lánastofnanir og Seðlabanka Íslands .....	69	32.990	16.160
Innlán frá viðskiptavinum .....	69	448.683	489.995
Fjárskuldir á gangvirði .....	69	13.465	4.907
Skattskuldir .....	77-80	3.237	3.421
Fastafjármunir til sölu og aflögð starfsemi .....	81	1.769	4.950
Aðrar skuldir .....	83	40.348	38.822
Lántaka .....	69,84	195.085	187.203
Víkjandi skuldir .....	69,85	34.220	32.105
<b>Skuldir samtals</b>		<b>769.797</b>	<b>777.563</b>
<b>Eigið fé</b>			
Hlutfé .....	87	2.000	2.000
Yfirverðsreikningur hlutfjár .....	87	73.861	73.861
Varasjóðir .....	88	1.639	1.637
Óráðstafað eigið fé .....		49.572	32.950
<b>Eigið fé hluthafa Arion banka</b>		<b>127.072</b>	<b>110.448</b>
Hlutdeild minnihluta .....		3.806	4.110
<b>Eigið fé samtals</b>		<b>130.878</b>	<b>114.558</b>
<b>Skuldir og eigið fé samtals</b>		<b>900.675</b>	<b>892.121</b>

Skýringar á blaðsíðum 112 til 181 eru óaðskiljanlegur hluti samstæðureikningsins

# YFIRLIT UM BREYTINGAR Á EIGIN FÉ Á ÁRINU 2012

	Hlutfé og yfirverð hlutafjár	Vara- sjóðir	Óráðstafað eigið fé	Eigið fé hluthafa Arion banka	Hlutdeild minnihluta	Eigið fé samts
<b>2012</b>						
Eigið fé 1. janúar 2012 .....	75.861	1.637	32.950	110.448	4.110	114.558
Heildarafkoma ársins .....		2	16.622	16.624	434	17.058
Keyptur minnihluti í dótturfélögum .....					(738)	(738)
<b>Eigið fé 31. desember 2012 .....</b>	<b>75.861</b>	<b>1.639</b>	<b>49.572</b>	<b>127.072</b>	<b>3.806</b>	<b>130.878</b>
<b>2011</b>						
Eigið fé 1. janúar 2011 .....	75.861	1.525	28.531	105.917	3.619	109.536
Greiddur arður .....			(6.074)	(6.074)		(6.074)
Heildarafkoma ársins .....		112	10.493	10.605	601	11.206
Lækkun vegna sölu á dótturfélagi .....					(110)	(110)
<b>Eigið fé 31. desember 2011 .....</b>	<b>75.861</b>	<b>1.637</b>	<b>32.950</b>	<b>110.448</b>	<b>4.110</b>	<b>114.558</b>

Skýringar á blaðsíðum 112 til 181 eru óaðskiljanlegur hluti samstæðureikningsins

# YFIRLIT YFIR SJÓÐSTREYMI SAMSTÆÐUNNAR ÁRIÐ 2012

	Skýring	2012	2011
<b>Rekstrarhreyfingar:</b>			
Hagnaður fyrir skatta .....		20.144	11.260
Rekstrarliðir sem ekki hreyfa handbært fé:			
Rekstrarliðir sem ekki hafa áhrif á handbært fé .....	98	(1.618)	(1.623)
Breytingar á rekstartengdum eignum og skuldum .....	99	(2.432)	(13.443)
Greiddur tekjuskattur .....		(3.556)	(3.232)
		<u>12.538</u>	<u>(7.038)</u>
	Handbært fé frá (til) rekstri		
<b>Fjárfestingahreyfingar:</b>			
Kaup fjárfestingareigna .....		(3.728)	(2.160)
Kaup á minnihluta í dótturfélagi .....		(738)	-
Kaup í hlutdeildarfélagum .....		(1.658)	(177)
Sala fjárfestingareigna .....		3.684	5.999
Sala hlutdeildarféлага .....		396	-
Kaup óefnislegra eigna .....		(713)	(518)
Kaup varanlegra rekstrarfjármuna .....		(961)	(667)
Sala varanlegra rekstrarfjármuna .....		30	158
Sala eigna sem flokkaðar eru sem aflögð starfsemi .....		8.569	11.028
	Fjárfestingahreyfingar	<u>4.881</u>	<u>13.663</u>
Hækkun (lækkun) á handbæru fé .....		17.419	6.625
Handbært fé og ígildi handbærs fjár í ársbyrjun .....		82.815	72.797
Handbært fé og ígildi handbærs fjár yfirtekið við samruna .....		-	11
Áhrif gengisbreytinga á handbært fé og ígildi handbærs fjár .....		4.939	3.382
<b>Handbært fé og ígildi handbærs fjár í árslok .....</b>	<b>100</b>	<b><u>105.173</u></b>	<b><u>82.815</u></b>
<b>Fjárfestinga- og fjármögnunarhreyfingar sem ekki hreyfa við handbæru fé:</b>			
Víkjandi skuldabréf af eiginfjárbætti B gefin út til uppgjörs arðgreiðslna .....		-	(6.074)
Breytingar á óráðstöfuðu eigin fé til uppgjörs á arði við Bankasýslu ríkisins .....		-	6.074
Eignir til sölu fengnar með yfirtöku veða frá viðskiptavinum .....		2.051	10.549
Uppgjör lána og krafna með yfirtöku veða frá viðskiptavinum .....		(2.051)	(10.549)

Skýringar á blaðsíðum 112 til 181 eru óaðskiljanlegur hluti samstæðureikningsins

# SKÝRINGAR VIÐ SAMSTÆÐUREIKNINGINN

	BLS.		BLS.
<b>REIKNINGSSKILAÐFERÐIR</b>			
Almennar upplýsingar .....	113	Óefnislegar eignir .....	149-150
Helstu reikningsskilaðferðir .....	113-126	Skatteign og skattskuldir .....	150-152
Samstæðan .....	127-128	Fastafjármunir til sölu og aflögð starfsemi .....	152
<b>STARFSÞÆTTIR</b>			
	129-130	Aðrar eignir .....	153
		Aðrar skuldir .....	153
<b>ÁRSFJÓRDUNGSYFIRLIT</b>			
	131	Lántaka .....	153-154
		Víkjandi skuldir .....	154
		Afleiðusamningar .....	154
		Eigið fé .....	155
<b>SKÝRINGAR VIÐ YFIRLIT UM HEILDARAFKOMU SAMSTÆÐUNNAR</b>			
Hreinar vaxtatekjur .....	132	<b>LÍÐIR UTAN EFNAHAGS</b>	
Virðisaukning lána og krafna .....	132	Skuldbindingar .....	156
Virðisrýrnun lána og krafna .....	132	Veðsettar eignir .....	156
Breytingar á uppgjörssamningi við Kaupþing hf. ....	133	Skuldbindingar vegna rekstrarleigusamninga .....	156
Hreinar þóknunatekjur .....	133	Eignir í eignastýringu og vörslu .....	157
Hreinar fjármunatekjur (gjöld) .....	134	Lögfræðileg málefni .....	157-158
Hreinn gengishagnaður (tap) .....	134	Óvissa varðandi bókfært virði gjaldeyrislána .....	159-160
Aðrar rekstrartekjur .....	135	<b>SKÝRINGAR VIÐ YFIRLIT UM SJÓÐSTREYMI SAMSTÆÐUNNAR</b>	
Starfsmenn og laun .....	135-136		161
Þóknun til endurskoðenda .....	137	<b>ÁHÆTTUSTÝRING</b>	
Annar kostnaður .....	137	Inngangur .....	162
Skattar .....	138	Útlánaáhætta .....	163-169
Afkoma af aflagðri starfsemi eftir skatta .....	138	Markaðsáhætta .....	169-176
Hagnaður á hlut .....	139	Lausafjáraáhætta .....	177-178
<b>SKÝRINGAR VIÐ EFNAHAGSREIKNING SAMSTÆÐUNNAR</b>			
Handbært fé og innstæður hjá Seðlabanka Íslands .....	140	Rekstraráhætta .....	178
Lán og kröfur til lánastofnana .....	140	Eiginfjárstýring .....	179
Lán og kröfur til viðskiptamanna .....	141	<b>AÐRAR UPPLÝSINGAR</b>	
Fjáreignir og fjárskuldir .....	142	Tengdir aðilar .....	180
Fjárfestingareignir .....	147	Atburðir eftir lok reikningsskiladags .....	181
Fjárfestingar í hlutdeildarfélögum .....	148		
Varanlegir rekstrarfjármunir .....	149		



# ► SKÝRINGAR VIÐ SAMSTÆÐUREIKNINGINN

## REIKNINGSSKILAAÐFERÐIR

### Almennar upplýsingar

#### 1. Samstæðan sem reikningsskilin taka til

Arion banki hf., móðurfélagið, var stofnaður 18. október 2008 með heimilisfesti á Íslandi. Skráðar höfuðstöðvar Arion banka hf. eru að Borgartúni 19 í Reykjavík. Samstæðureikningur bankans fyrir árið sem lauk 31. desember 2012 hefur að geyma uppgjör móðurfélagsins og dótturfélaga þess (hér eftir nefnd samstæðan).

Stjórn Arion banka hf. samþykkti ársreikning samstæðunnar og heimilaði til útgáfu þann 28. febrúar 2013.

#### 2. Grundvöllur reikningsskilanna

Ársreikningur samstæðunnar var saminn á ensku og þannig samþykktur af stjórn og áritaður af endurskoðendum bankans þann 28. febrúar 2013. Samstæðureikningurinn er gefinn út bæði á íslensku og ensku og ef misræmi er á milli útgáfa þá gildir enska útgáfan.

##### a) Yfirlýsing um samræmi

Reikningsskilin eru samstæðureikningsskil og voru gerð í samræmi við alþjóðlega reikningsskilastaðla (IFRS) sem samþykktir hafa verið af Evrópusambandinu.

##### b) Grundvöllur mats

Reikningsskilin eru unnin á grundvelli kostnaðarverðs nema í eftirfarandi tilfellum:

- veltufjáreignir og veltufjárskuldir eru metnar á gangvirði og
- fjárfestingareignir eru metnar á gangvirði.

Fastafjármunir til sölu og aflögð starfsemi, eru færð á því verði sem reynist lægra af bókfærðu verði og gangvirði að frádregnum sölukostnaði. Þegar eignirnar eða skuldirnar eru flokkaðar í byrjun og þær standast ekki kröfur IFRS 5 gildir sá reikningsskilastaðall sem eignin eða skuldin fellur undir.

##### c) Starfrækslu- og framsetningargjaldmiðill

Reikningsskilin eru gerð í íslenskum krónum, sem er starfrækslugjaldmiðill móðurfélagsins. Fjárhæðir eru námundaðar að næstu milljón nema annað sé tekið fram.

##### d) Mat og ákvarðanir við beitingu reikningsskilaaðferða

Gerð reikningsskilanna krefst þess að stjórnendur taki ákvarðanir, meti og dragi ályktanir sem hafa áhrif á fjárhæðir eigna, skulda, óvissra skuldbindinga sem og tekjur og gjöld sem skráð eru í reikningsskilunum. Öll gerð áætlananna felur í sér notkun fyrirliggjandi upplýsinga og mat. Endanlegar niðurstöður í framtíðinni gætu orðið aðrar en áætlanirnar gera ráð fyrir og mismunurinn gæti haft áhrif á reikningsskilin.

Áætlanir og undirliggjandi forsendur eru yfirfarnar með reglubundnum hætti. Leiðréttingar á reikningshaldslegu mati eru færðar á því ári sem matið er yfirfarið og á hverju því tímabili í framtíðinni sem fyrir áhrifum verður.

Um ályktanir stjórnenda sem hafa áhrif á reikningsskilin og áætlanir sem fela í sér áhættu á efnislegum leiðréttingum innan næsta fjárhagsárs er fjallað í skýringum 33, 71, 101, 110 og 121.

### Helstu reikningsskilaaðferðir

Reikningsskilaaðferðir við gerð þessara reikningsskila eru þær sömu og beitt var við gerð ársreiknings samstæðunnar fyrir árið sem lauk 31. desember 2011.

#### 3. Forsendur áframhaldandi rekstrarhæfis

Stjórnendur samstæðunnar hafa lagt mat á áframhaldandi rekstrarhæfi hennar og eru þeirrar skoðunar að samstæðan hafi það sem til þarf til áframhaldandi reksturs. Við það mat hafa stjórnendur horft til þeirrar áhættu sem að samstæðunni snýr en henni er nánar lýst í skýringum um áhættustýringu. Reikningsskilin eru gerð miðað við áframhaldandi rekstrarhæfi.

## ► SKÝRINGAR VIÐ SAMSTÆÐUREIKNINGINN

### 4. Grundvöllur samstæðunnar

#### a) Dótturfélög

Dótturfélög eru aðilar sem lúta yfiráðum samstæðunnar. Yfiráð eru fyrir hendi þegar samstæðan hefur vald til að stjórna fjárhags- og rekstrarstefnu aðila í þeim tilgangi að hafa hag af starfsemi hans. Yfiráð eru yfirleitt fyrir hendi þegar samstæðan ræður yfir meira en 50% af atkvæðamagni viðkomandi aðila. Við mat á yfiráðum er tillit tekið til atkvæðisréttar sem þegar er fyrir hendi eða hægt er að ná fram með breytirétti. Reikningsskil dótturfélaga eru innifalin í samstæðureikningnum frá þeim degi sem yfiráð fást og til þess dags sem yfiráðum lýkur. Reikningsskil dótturfélaganna ná yfir sömu tímabil og móðurfélagsins og reikningsskilaaðferðirnar eru þær sömu.

Kaupaðferðinni er beitt við færslu kaupa samstæðunnar á fyrirtækjum og dótturfélögum. Kostnaður við yfirtöku er metinn sem samtala greiðslufjárhæðarinnar sem yfirfærð er, metin á gangvirði yfirtökudagsins, og fjárhæðar hlutdeildar minnihluta í hinum yfirtekna aðila. Í öllum tilvikum þegar um samruna fyrirtækja er að ræða leggur samstæðan mat á hlutdeild minnihluta í yfirtekna aðilanum, annað hvort á gangvirði eða eftir hlutfallslegri hlutdeild þeirra í hreinum eignum yfirtekna aðilans. Kostnaður af kaupunum er gjaldfærður sem stjórnunarkostnaður. Ef samruni á sér stað í áföngum, er gangvirði á kaupdegi þess hluta sem yfirtökuaðilinn átti áður í yfirtekna fyrirtækinu endurmetinn á gangvirði á kaupdegi og færður í yfirlit um heildarafkomu. Eignir, skuldir og óvissar skuldbindingar sem yfirteknar eru við samruna félaga eru í upphafi metnar á gangvirði yfirtökudags, án tillits til hlutdeildar minnihluta í félaginu.

Viðskiptavild er tengist dótturfélögum er það sem greitt er umfram virði aðgreinanlegra eigna og yfirtekinna skulda að teknu tilliti til hlutdeildar minnihluta. Sé þetta endurgjald lægra en gangvirði hreinnar eignar hins yfirtekna dótturfélags þá er mismunurinn færður í yfirlitið um heildarafkomu. Eftir upphaflega eignfærslu er viðskiptavild mæld á kostnaðarverði að frádreginni virðisrýrnun.

Viðskipti milli félaga innan samstæðunnar

Viðskiptastöður milli félaga innan samstæðunnar og tekjur og gjöld sem myndast hafa af viðskiptum félaga innan samstæðunnar eru felld út.

Ef fjárfesting í dótturfélagi er flokkuð sem fastafjármunir til sölu og aflögð starfsemi er fjárfestingin færð sem slík frá dagsetningu flokkunarinnar.

#### b) Hlutdeild minnihluta

Hlutdeild minnihluta er sá hluti af hagnaði eða tapi og eigin fé sem ekki er í eigu samstæðunnar, beint eða óbeint. Hlutdeild minnihluta er sýnd sérstaklega í yfirliti um heildarafkomu og teljast til eigin fjár í efnahagsreikningi, aðskilið frá eigin fé sem tilheyrir eigendum samstæðunnar. Neikvæð afkoma dótturfélags tilheyrir hlutdeild minnihluta þó svo það leiði til neikvæðrar stöðu. Breytingar á eignarhluta samstæðunnar í dótturfélagi sem ekki hafa í för með sér missi á yfiráðum, eru færðar sem breyting á eigin fé.

#### c) Sjóðastýring

Samstæðan stjórnar og hefur umsjón með fjárfestingum fyrir hönd fjárfesta. Reikningsskil þessara aðila eru ekki innifalin í samstæðureikningi þessum nema í þeim tilvikum þegar aðilinn lýtur yfiráðum samstæðunnar.

### 5. Hlutdeildarfélög

Hlutdeildarfélög eru þau félög sem samstæðan hefur veruleg áhrif á, þ.e. hefur vald til að taka þátt í ákvörðunum um fjármála- og rekstrarstefnu þeirra en hefur ekki yfiráð eða sameiginleg yfiráð yfir slíkri stefnumörkun. Veruleg áhrif eru yfirleitt fyrir hendi þegar samstæðan ræður milli 20% og 50% af atkvæðamagni, þar á meðal mögulegum atkvæðisrétti. Fjárfestingar í hlutdeildarfélögum eru upphaflega færðar á kostnaðarverði. Bókfært verð fjárfestinga í hlutdeildarfélögum felur í sér óefnislegar eignir og tap vegna virðisrýrnunar.

Samstæðureikningsskilin taka tillit til hluta samstæðunnar í afkomu hlutdeildarfélaga frá þeim degi sem veruleg áhrif hefjast og til þess dags sem verulegum áhrifum lýkur. Þegar hlutdeild samstæðunnar í tapi er umfram eignarhlut þess í hlutdeildarfélagi er bókfært verð samstæðunnar fært niður í núll og færslu frekara taps er hætt nema að því marki sem samstæðan hefur stofnað til lagalegra eða ætlaðra skuldbindinga eða innt af hendi greiðslur fyrir hönd hlutdeildarfélagsins. Ef hlutdeildarfélagið skilar hagnaði síðar byrjar samstæðan aftur að færa hlutdeild sína í þeim hagnaði en þó aðeins eftir að hlutdeild þess í hagnaðinum jafngildir hlutdeildinni í tapi sem ekki var færð.

## ▶ SKÝRINGAR VIÐ SAMSTÆÐUREIKNINGINN

### 5. frh.

Ef fjárfesting í hlutdeildarfélagi er flokkuð sem fastafjármunir til sölu og aflögð starfsemi er hlutdeildaraðferð ekki lengur beitt og gerð er grein fyrir fjárfestingunni sem slíkri. Í tilvikum þar sem yfirráð yfir dótturfélagi hafa tapast og samstæðan heldur eftir hlutdeild í viðkomandi félagi færast hluti af hagnaði eða tapi við sölu meðal fjárfestingarinnar sem haldið er eftir í fyrrum dótturfélaginu, á gangvirði dagsins sem yfirráð töpuðust. Hagnaður eða tap er fært sem annað hvort aðrar rekstrartekjur (gjöld) eða hagnaður (tap) af fastafjármunum til sölu og aflagðri starfsemi í yfirliti um heildarafkomu.

### 6. Erlendir gjaldmiðlar

#### a) Starfrækslugjaldmiðlar

Reikningsskil hvers dótturfélags innan samstæðunnar eru færð í starfrækslugjaldmiðli viðkomandi félags.

#### b) Viðskipti í erlendum gjaldmiðlum

Viðskipti í erlendum gjaldmiðlum eru umreiknuð í starfrækslugjaldmiðil viðkomandi félags í samstæðunni á gengi viðskiptadags. Peningalegar eignir og skuldir í erlendum gjaldmiðlum á reikningsskiladegi eru umreiknaðar yfir í starfrækslugjaldmiðil á gengi þess dags. Gengismunur sem verður til vegna uppgjörs eða umreiknings á peningalegum liðum er færður í yfirlit um heildarafkomu. Eignir aðrar en peningalegar eignir og skuldir í erlendum gjaldmiðlum eru færðar á kostnaðarverði.

#### c) Erlend starfsemi

Eignir og skuldir tengdar erlendri starfsemi eru umreiknaðar í íslenskar krónur á gengi uppgjörsdags. Tekjur og gjöld af erlendri starfsemi eru umreiknuð í íslenskar krónur á meðalgengi þess tímabils sem viðskiptin fóru fram á.

Þýðingarmunur sem hlýst af þessum umreikningi er færður í yfirlit um heildarafkomu. Þegar erlend starfsemi er seld, að hluta eða í heild, er samanlögð fjárhæð þýðingarmunar sem tengist þeirri erlendu starfsemi, sem færð hefur verið í heildarafkomu og safnað í séstakan lið undir eigin fé, færð í yfirlitið um heildarafkomu þegar hagnaðurinn eða tapið af sölu er fært.

### 7. Tekjur og gjöld

#### a) Vaxtatekjur og vaxtagjöld

Vaxtatekjur og vaxtagjöld eru færð í yfirlit um heildarafkomu með aðferð virkra vaxta. Virkir vextir eru hlutfallið sem núvirðir áætlað framtíðarsjóðstreymi á væntanlegum gildistíma fjármálagerningsins eða, eftir því sem á við, á styttra tímabili, að hreinu bókfærðu verði fjáreignarinnar eða fjárskuldarinnar. Virkir vextir eru ákvarðaðir við upphaflega færslu fjáreignarinnar og fjárskuldarinnar og ekki endurskoðaðir síðar.

Við útreikning á virkum vöxtum er tekið tillit til allra greiddra eða innheimtra þóknana og viðskiptakostnaðar, undir- og yfirverðs eða álags sem er óaðskiljanlegur hluti virkra vaxta. Viðskiptakostnaður er kostnaður sem rekja má beint til kaupanna, útgáfu eða ráðstöfun fjáreignar eða fjárskuldar.

Vaxtatekjur og vaxtagjöld sem færð eru í yfirlit um heildarafkomu eru m.a.

- vextir af fjáreignum og fjárskuldum á afskrifuðu kostnaðarverði með aðferð virkra vaxta,
- vextir af veltufjáreignum og veltufjárskuldum með aðferð virkra vaxta og
- vextir af fjáreignum og fjárskuldum færðir á gangvirði gegnum rekstur á rekstrargrunni.

Vaxtatekjur af eignum í vanskilum eru færðar í yfirlit um heildarafkomu með aðferð virkra vaxta. Samstæðan færir tap af virðisrýrnuðum útlánnum á móti skráðum vaxtatekjum, þar sem það á við.

#### b) Þóknatekjur og þóknagjöld

Samstæðan veitir ýmsa þjónustu til viðskiptavina sinna og fær af henni tekjur, svo sem tekjur af fyrirtækjasviði, viðskiptabankastarfsemi, markaðsviðskiptum, fyrirtækjaráðgjöf, eignastýringu og einkabankþjónustu. Þóknarir sem fengnar eru fyrir þjónustu sem er veitt yfir tiltekinn tíma eru færðar eftir því sem þjónustan er veitt. Þóknarir vegna viðskiptafærslna eru færðar þegar veitingu þjónustunnar hefur verið lokið. Þóknarir sem eru árangurstengdar eru færðar þegar tilsettum árangri hefur verið náð. Þóknatekjur og þóknagjöld sem heyra undir hlutfall virkra vaxta á fjáreign eða fjárskuld teljast með í útreikningi virkra vaxta.

## ► SKÝRINGAR VIÐ SAMSTÆÐUREIKNINGINN

### 7. frh.

#### c) Hreinar fjármunatekjur

Hreinar fjármunatekjur eru arðstekjur, hagnaður af fjáreignum og fjárskuldum á gangvirði í gegnum rekstur, hreinn gengishagnaður og hagnaður af ráðstöfun fjáreigna og fjárskulda sem ekki eru á gangvirði.

- i) Arðstekjur eru færðar þegar réttur til greiðslu þeirra hefur stofnast. Venjulega er þetta dagurinn eftir ákvörðun um úthlutun arðs.
- ii) Hreinn hagnaður af fjáreignum og fjárskuldum á gangvirði í gegnum rekstur samanstendur af hreinum innleystum og óinnleystum gangvirðisbreytingum á veltufjáreignum og veltufjárskuldum og fjáreignum og fjárskuldum á gangvirði í gegnum rekstur að frátöldum vöxtum (sem færast undir vaxtatekjur og vaxtagjöld) og gengishagnaði og gengistapi (sem færast undir hreinan gengishagnað eins og lýst er hér að neðan).
- iii) Hreinn gengishagnaður felur í sér allan gengismun vegna uppgjors á peningalegum eignum og skuldum í erlendum gjaldmiðlum og gengismun peningalegra eigna og skulda í erlendum gjaldmiðlum sem myndast vegna frávika frá upphaflega skráðu gengi á tímabilinu eða í fyrri reikningsskilum.

Hreinn gengishagnaður felur einnig í sér gengismun vegna umreiknings eigna og skulda sem ekki eru fjáreignir og fjárskuldir og færðar eru á gangvirði í erlendum gjaldmiðlum, en hagnaður og tap af þeim færast einnig í yfirlit um heildarafkomu.

- iv) Hagnaður af fjáreignum og fjárskuldum sem ekki eru á gangvirði í gegnum rekstur tengjast afskráningu tiltekinna fjáreigna og fjárskulda og samanstendur af innleystum hagnaði eða tapi á fjárskuldum á afskrifuðu kostnaðarverði og öðrum innleystum söluhagnaði eða tapi. Hann felur hvorki í sér óinnleystan gengishagnað og tap, né vaxtatekjur og vaxtagjöld sem talin eru með í öðrum liðum.

#### d) Tekjuskattur

Tekjuskattur samanstendur af tekjuskatti til greiðslu og frestuðum tekjuskatti. Tekjuskattur vegna rekstrarársins hefur verið reiknaður og færður í samstæðureikninginn.

Tekjuskattur til greiðslu er metinn út frá áætluðum tekjuskatti vegna afkomu ársins. Við útreikning á tekjuskatti til greiðslu er stuðst við skatthlutfall gildandi laga um tekjuskatt á reikningsskiladegi.

Frestuð tekjuskattseign og tekjuskattsskuldbinding hefur verið reiknuð og færð í samstæðureikninginn. Útreikningurinn byggir á mismun efnahagsliða samkvæmt skattuppgjöri annars vegar og ársreikningi hins vegar. Munurinn stafar af því að álagning tekjuskatts er miðuð við aðrar forsendur en reikningsskil félagsins, einkum vegna þess að tekjur í reikningsskilum og skattalegu uppgjöri færast ekki á sama tíma. Frestaðri tekjuskattseign er aðeins jafnað á móti tekjuskattsskuldbindingu í þeim tilvikum þegar báðar hafa myndast vegna skattalegs uppgjors hjá sömu skattyfirvöldum.

Reiknuð skatteign er aðeins færð svo framarlega sem líklegt sé talið að framtíðarhagnaður verði nýttur á móti eigninni eða skattalegu tapi félagsins. Reiknuð skatteign er lækkuð að því marki sem ekki er talið líklegt að hún nýtist. Tekjuskattseign eða tekjuskattsskuldbinding er reiknuð miðuð við þau skatthlutföll sem ætla má að gildi á því ári sem eignin er nýtt eða skuldbinding greidd og á grundvelli gildandi laga um tekjuskatt á reikningsskiladegi.

### 8. Virðisrýrnun fjáreigna

Á hverjum reikningsskiladegi metur samstæðan hvort upplýsingar liggja fyrir um að virði fjáreigna sem ekki eru færðar á gangvirði hafi rýrnað. Fjáreign telst hafa rýrnað og virðisrýrnun hefur myndast ef fyrir liggja upplýsingar um að tapsatburður hafi átt sér stað eftir upphaflega færslu eignarinnar og sá tapsatburður hafi áhrif á framtíðar sjóðstreymi fjáreignarinnar sem hægt er að áætla með áreiðanlegum hætti.

Virðisrýrnun er færð hvenær sem bókfært virði fjáreignar reynist herra en endurheimtanlegt virði hennar. Virðisrýrnun er færð eins og lýst er hér á eftir.

## ► SKÝRINGAR VIÐ SAMSTÆÐUREIKNINGINN

8. frh.

### a) Virðisrýrnun lána og krafna

Samstæðan færir tap vegna virðisrýrnunar lána og krafna ef fyrir liggja upplýsingar um að virðisrýrnun á láni eða lánasafni hafi átt sér stað. Þetta er gert á samræmdum grunni í samræmi við vinnureglur samstæðunnar.

Tvær megin aðferðir eru notaðar við að reikna virðisrýrnun. Annars vegar þar sem virðisrýrnun reiknast af einstökum lánum og kröfum og hins vegar þar sem virðisrýrnun er metin á safn lána og krafna. Áætlað tap vegna framtíðaratburða er ekki fært, sama hversu líklegt það virðist.

Upplýsingar um virðisrýrnun eru meðal annars sannreynanleg gögn um eftirfarandi tapsatburð:

- i) verulegir fjárhagserfiðleikar lántakanda,
- ii) samningsrof, svo sem vanskil á afborgunum eða á vöxtum eða á greiðslum af höfuðstól,
- iii) samstæðan veitir lántakanda, af viðskiptalegum eða lagalegum ástæðum sem varða fjárhagslega erfiðleika lántaka, ívilnun í formi endurfjármögnunar sem lánveitandi myndi annars ekki heimila,
- iv) líkur eru á því að lántakandi verði gjaldþrota eða standi frammi fyrir annarri fjárhagslegri endurskipulagningu,
- v) rýrnun verður á hlutfalli veðs á móti láni eða
- vi) sannreynanleg gögn sem benda til mælanlegrar lækkunar á áætluðu framtíðar sjóðstreymi frá lánasafni frá upphaflegri færslu þeirra eigna, jafnvel þótt enn sé ekki hægt að greina lækkunina í einstökum fjáreignum í safninu, þ.m.t.:
  - óhagstæðar breytingar á greiðslustöðu lántakenda í safninu, eða
  - almennar innlendar eða staðbundnar efnahagsaðstæður sem tengjast eignum í samstæðunni.

### Mat á lánum og kröfum

Við mat á virðisrýrnun lána og krafna er stuðst við eigið flokkunarkerfi á lánþegum. Viðskiptavinir eru flokkaðir eftir fjárhagsstöðu og tryggingastöðu. Flokkunarkerfið hefur fjóra flokka; grænan, gulan, appelsínugulan og rauðan. Ef viðskiptavinur flokkast sem grænn eða gulur eru lán hans og kröfur ekki skoðuð frekar. Lán viðskiptavina sem flokkaðir eru sem appelsínugulir eða rauðir eru metin með tilliti til virðisrýrnunar en lán eru flokkuð rauð ef um virðisrýrnun er að ræða þrátt fyrir að þau hafi verið flokkuð sem appelsínugul í byrjun. Virðisrýrnun á lánum og kröfum viðskiptamanna sem flokkaðir eru appelsínugulir og rauðir er byggð á einstaklingsbundnu mati á lánum. Samstæðan metur á hverjum reikningsskiladegi hvort einhverjar vísbendingar séu um að lán hafi rýrnað í virði. Við ákvörðun slíkrar virðisrýrnunar á lánum og kröfum, eru eftirfarandi þættir hafðir í huga:

- samanlagðar áhættuskuldbindingar samstæðunnar gagnvart viðskiptavininum,
- fjárhæð og tímasetning væntanlegra innborgana og endurheimta,
- líkleg fjárhæð sem fæst greidd úr búi við slit eða gjaldþrot,
- hversu flókið það er að ákvarða heildarfjárhæð og forgangs röðun á öllum kröfum kröfuhafa og hversu mikil lagaleg og tryggingarleg óvissa er fyrir hendi,
- söluvirði veðsettra eigna (eða annarra áhættumildunarþátta) og líkur á árangursríku fjárnámi og
- líklegur frádráttur vegna kostnaðar af innheimtu útstandandi fjárhæða.

Virðisrýrnunartap er reiknað með því að bera saman núvirði af væntu framtíðarsjóðstreymi, núvirt miðað við upphaflega virka vexti lánsins, við bókfært virði þess og fjárhæð rýrnunarinnar er færð í yfirlit um heildarafkomu. Bókfært fjárhæð virðisrýrnaðra lána og krafna er lækkuð með framlögum í afskriftareikning. Sé um að ræða lán með breytilegum vöxtum þá eru þeir gildandi virku vextir, sem ákveðnir voru í samningnum, sú ávöxtunarkrafa sem notuð er til að meta virðisrýrnunina.

Lán og kröfur í flokkunum þremur, grænum, gulum og appelsínugulum, eru flokkuð saman á grundvelli svipaðra útlánaáhættueinkena til að reikna út sameiginlegt virðisrýrnunartap. Þetta tap nær yfir lán sem eru virðisrýrnun á uppgjörstegi, en verða ekki auðkennd sem slík fyrr en síðar. Áætluð samtala þessa taps er færð með framlögum til afskriftareiknings, sem almennt framlag.

## ► SKÝRINGAR VIÐ SAMSTÆÐUREIKNINGINN

### 8. frh.

Almennt virðisrýrnunarframlag er ákvarðað þegar tekið hefur verið mið af eftirfarandi:

- framtíðarsjóðstreymi lánasafns, metið með tilliti til virðisrýrnunar, er áætlað á grundvelli samningsbundins sjóðstreymis eignanna,
- sögulegri reynslu af tapi af söfnum með svipuð áhættueinkenni (t.d. eftir atvinnugrein, lánsþæfismati eða tegund láns),
- áætluðum tíma frá því virðisrýrnun varð þar til hún er greind og færð með sérstöku framlagi í afskriftarreikning,
- framtíðarsjóðstreymi lánasafns, metið með tilliti til virðisrýrnunar, er áætlað á grundvelli samningsbundins reiðufjár og
- mats stjórnenda, byggt á reynslu, um hvort núverandi efnahags- og lánsaðstæður séu þannig að raunveruleg tapshætta sé meiri eða minni en tapsreynsla fyrri ára gefur tilefni til að ætla.

Áætlaður tími milli þess sem tap verður og það er greint er ákvarðaður fyrir sérhvert lánasafn.

Áætlaðar breytingar á framtíðarsjóðstreymi í eignasöfnum eiga að vera í samræmi við breytingar á undirliggjandi gögnum á hverjum tíma, til dæmis breytingar á eignaverði, greiðslustöðu eða öðrum þáttum sem benda til breyttra líkinda á tapi á söfnum og fjárhæð taps. Aðferðafræðin og forsendur sem notaðar eru til að áætla framtíðarsjóðstreymi eru yfirfarnar reglulega af samstæðunni til að lágmarka mun milli áætlaðs taps og raunverulegs taps.

#### *Afskriftir lána*

Lán eru færð sem endanlega töpuð, ýmist að hluta eða fullu, þegar engar líkur eru á endurheimtu þeirra og í tilviki veðlána þegar andvirði af sölu veðs hefur borist samstæðunni.

#### *Bakfærsla virðisrýrnunar*

Ef virðisrýrnun minnkar síðar og hægt er að rekja lækkunina til atviks sem átti sér stað eftir að virðisrýrnunin var bókfærð eða yfirtekin, þá er hún bakfærð. Bakfærslur eru færðar í yfirlit um heildarafkomu.

Í sumum tilvikum eru fjáreignir yfirteknar á miklum afslætti sem tekur mið af útlánatapi sem þegar hefur átt sér stað. Samstæðan færir slíkt útlánatap með áætluðu sjóðstreymi þegar virkir vextir eru reiknaðir. Ef samstæðan endurskoðar mat sitt á greiðslum eða tekjum þá leiðréttir hún bókfært verð fjáreignarinnar til að endurspeglar raunverulegt og endurskoðað áætlað sjóðstreymi. Samstæðan endurreiknar bókfært virði með því að reikna núvirði áætlaðs framtíðar sjóðstreymis miðað við upphaflega virka vexti fjármálagerningsins. Leiðréttingin er færð sem hækkun á virði lána og krafna í rekstri þegar endurreikningur hefur í för með sér hækkun á bókfærðu virði en virðisrýrnun þegar um er að ræða lækun á bókfærðu virði.

#### *Eignir yfirteknar vegna uppgjörs lána og krafna*

Eignir yfirteknar vegna uppgjörs lána og krafna eru skráðar sem fastafjármunir til sölu og aflögð starfsemi í efnahagsreikningi ef sala þeirra er talin mjög líkleg, stjórnendur hafa skuldbundið sig til að fylgja áætlun um að selja eignina og virk áætlun hefur verið sett af stað til að finna kaupanda og ljúka sölunni. Fastafjármunir til sölu og aflögð starfsemi er skráð við dagsetningu uppgjörsins á gangvirði að frádregnum kostnaði eða bókfærðri fjárhæð lánsins að frádregningi virðisrýrnunar, hvort sem lægra er. Ekki eru reiknaðar afskriftir vegna eigna sem haldið er til sölu. Allar síðari niðurfærslur á yfirtekinni eign niður í gangvirði að frádregnum sölukostnaði eru skráðar sem virðisrýrnunartap og færðar í yfirlit um heildarafkomu. Allar síðari hækkunir á gangvirði að frádregnum sölukostnaði, að því marki sem þær eru ekki umfram uppsafnað virðisrýrnunartap, eru færðar í yfirlit um heildarafkomu.

#### b) *Útreikningur á endurheimtanlegu virði*

Endurheimtanlegt virði fjárfestinga samstæðunnar í fjáreignum, sem bókfærðar eru á afskrifuðu kostnaðarverði, er reiknað sem núvirði vænts framtíðar sjóðstreymis, núvirt miðað við upphaflega virka vexti, þ.e. virka vexti reiknaða við upphaflega færslu fjáreignanna.

#### c) *Virðisrýrnun fjárfestinga í hlutdeildarfélagum*

Eftir að hlutdeildaraðferð við færslu fjárfestingar í hlutdeildarfélagum hefur verið beitt ákvarðar samstæðan hvort nauðsynlegt sé að færa virðisrýrnun vegna fjárfestingarinnar. Samstæðan metur fyrst hvort upplýsingar séu fyrir hendi um virðisrýrnun fjárfestingar í hlutdeildarfélagi. Ef slíkar upplýsingar liggja fyrir metur samstæðan virðisrýrnun fjárfestingarinnar með því að bera endurheimtanlegt virði hennar, sem er nýtingarvirði eða gangvirði að frádregnum sölukostnaði, hvort sem hærra er, við bókfært virði hennar. Endurheimtanlegt virði fjárfestinga í hlutdeildarfélagum er metið fyrir hvert hlutdeildarfélag fyrir sig nema viðkomandi félag myndi ekki sjóðstreymi af áframhaldandi rekstri sem er að mestu óháð sjóðstreymi frá öðrum eignum samstæðunnar. Munurinn milli bókfærðs virðis og endurheimtanlegs virðis er færður sem virðisrýrnunartap í yfirliti um heildarafkomu. Virðisrýrnunartap er bakfært í yfirliti um heildarafkomu ef forsendur virðisrýrnunarinnar eru ekki lengur fyrir hendi.

## ▶ SKÝRINGAR VIÐ SAMSTÆÐUREIKNINGINN

### 9. Virðisrýrnun eigna annarra en fjáreigna

Bókfært virði eigna samstæðunnar sem ekki eru fjáreignir, annarra en fastafjármuna til sölu, fjárfestingareigna og frestaðra tekjuskattseignar, er yfirfarið á hverjum uppgjörstigi til að meta hvort einhver merki séu um virðisrýrnun. Ef slík merki finnast þá er endurheimtanlegt virði eignarinnar áætlað. Endurheimtanlegt virði ófnislegra eigna er metið árlega.

Virðisrýrnun er færð ef bókfært virði eignar reynist hærra en endurheimtanlegt virði hennar. Virðisrýrnun er færð í yfirlit um heildarafkomu.

Endurheimtanlegt virði eignar er söluverð að frádragnum kostnaði við sölu eða nýtingarvirði, hvort sem hærra reynist. Við mat á nýtingarvirði er framtíðar sjóðstreymi núvirt miðað við ávöxtunarkröfu að teknu tilliti til skatta sem endurspeglar gildandi mat markaðarins á tímavirði peninga og áhættu sem tengist viðkomandi eign.

Virðisrýrnun annarra eigna, þar sem virðisrýrnun hefur verið skráð á fyrri tímabilum, er metin á hverjum uppgjörstigi í leit að vísbendingum um að rýrnun hafi minnkað eða sé ekki lengur fyrir hendi. Virðisrýrnun er bakfærð ef breyting hefur átt sér stað á því mati sem notað var við útreikning á endurheimtanlegu virði. Virðisrýrnun er einungis bakfærð að því marki að bókfært virði eignarinnar sé ekki hærra en bókfært virði sem hefði verið ákvarðað, að frádragnum afskriftum eða niðurfærslu ef engin virðisrýrnun hefði verið færð.

### 10. Afleiðusamningar

Afleiðusamningur er fjármálagerningur eða annar samningur þar sem verðmæti breytist til samræmis við breytingar á undirliggjandi breytum, svo sem hlutabréfum, hrávöru eða skuldabréfum, vísitölu, gengi eða vöxtum og sem annað hvort kallar á enga upphaflega fjárfestingu eða fjárfestingu sem er minni en þörf væri á við aðrar tegundir samninga, sem búist mætti við að hefðu svipaða svörun við breytingum á markaðsþáttum, og gerður er upp síðar.

Afleiðusamningar eru færðir á gangvirði. Breytingar á gangvirði eru færðar í yfirlit um heildarafkomu. Breytingar á gangvirði afleiðusamninga skiptast í vaxtatekjur, gengismun og hreinar fjármunatekjur. Vaxtatekjur eru færðar á rekstrargrunni. Afleiðusamningar með jákvæða gangvirðisstöðu eru færðir sem afleiðusamningar og afleiðusamningar með neikvæða stöðu eru færðir sem fjárskuldir á gangvirði í efnahagsreikningi.

Gangvirði afleiðusamninga er ákvarðað í samræmi við reikningsskilaaðferð sem er útskýrð í skýringu 13.

### 11. Handbært fé

Til handbærs fjár í yfirlitinu yfir sjóðstreymi telst sjóður, óbundnar innstæður í Seðlabanka Íslands og óbundnar innstæður hjá lánastofnunum. Handbært fé og ígildi þess samanstendur af innstæðum með gjalddaga innan þriggja mánaða frá móttöku.

### 12. Lán og kröfur

Lán og kröfur eru fjármálagerningar með föstum eða skilgreinanlegum greiðslum sem ekki eru skráðir á virkum markaði og sem samstæðan hefur ekki í hyggju að selja þegar í stað eða í náinni framtíð. Lán eru m.a. lán sem samstæðan veitir lánastofnunum og viðskiptavinum sínum, þátttaka í sambankalánnum og yfirtekin lán.

Þegar samstæðan kaupir fjáreign og gerir jafnframt samning um að endurselja eignina (eða sambærilega eign) á föstu verði í framtíðinni með endurhverfum viðskiptum eða verðbréfalántökum, er samningurinn færður sem lán og undirliggjandi eign er ekki færð í reikningsskil samstæðunnar.

Lán og kröfur eru upphaflega metin á gangvirði að viðbættum stigvaxandi beinum viðskiptakostnaði og síðan metin á afskrifuðu kostnaðarverði með aðferð virkra vaxta. Áfallnir vextir eru meðtaldir í bókfærðu verði lána og krafna.

### 13. Fjáreignir metnar á gangvirði gegnum rekstur

#### a) Veltufjáreignir

Veltufjáreignir eru fjármálagerningar, sem aðallega eru keyptir í þeim tilgangi að hagnast á skammtímaverðsveiflum eða á miðlunarálagi, sem og afleiðusamningar.

Verðbréf notuð til áhættuvarna eru veltuverðbréf keypt eingöngu í því skyni að verjast markaðsáhættu sem leiðir af eignaskiptaafleiðusamningum.

## ► SKÝRINGAR VIÐ SAMSTÆÐUREIKNINGINN

### 13. frh.

#### b) *Fjáreignir færðar á gangvirði gegnum rekstur*

Samstæðan flokkar ákveðnar fjáreignir við upphaflega skráningu sem fjáreignir á gangvirði en gangvirðisbreytingar eru færðar í yfirlit um heildarafkomu sem hreinar fjármunatekjur þegar slíkt er talið gefa réttari mynd vegna þess að:

- i) eignunum er stýrt, þær metnar og settar fram á gangvirði,
- ii) færslan eyðir eða dregur verulega úr misræmi í bókhaldi sem annars gæti komið upp eða
- iii) eignirnar fela í sér innbyggða afleiðu sem breytir verulega sjóðstreymi sem ella væri krafist samkvæmt samningum.

Eignir sem flokkaðar eru samkvæmt ofangreindum skilyrðum samanstanda af skulda- og eiginfjárgæmingum sem samstæðan hefur keypt með það fyrir augum að hagnast á heildarávöxtun þeirra og er stýrt og þeir metnir á gangvirði.

Vaxta- og arðstekjur sem tilheyra þessum eignum eru færðar meðal vaxtatekna og hreinna fjármunatekna, eftir því sem við á.

### 14. Ákvörðun gangvirðis

Ákvörðun gangvirðis fjáreigna og fjárskulda sem eru skráðar á virkum markaði er byggð á skráðu tilboðsverði. Markaður telst virkur ef tilboðsverð eru aðgengileg og tiltæk með reglubundnum hætti og ef þau endurspeglar raunveruleg og regluleg markaðsviðskipti á milli óháðra aðila. Fyrir alla aðra fjármálagerninga er gangvirði ákvarðað með verðmatsaðferð. Matsaðferðir eru m.a. núvirðisgreining, sjóðstreymisaðferð, samanburður við sambærilega gerninga þar sem markaðsverð liggur fyrir og virðislíkön. Samstæðan notar almennt viðurkennd virðislíkön til að ákvarða gangvirði algengari og einfaldari fjármálagerninga á borð við valréttarsamninga og vaxta- og gjaldmiðlaskiptasamninga. Upplýsingar sem settar eru inn í líkön varðandi þessa fjármálagerninga eru fyrirliggjandi markaðsupplýsingar.

Virði sem fæst með líkani eða öðrum verðmatsaðferðum er leiðrétt með hliðsjón af ýmsum þáttum, eftir því sem við á, þar sem verðmatsaðferðir geta ekki með fullnægjandi hætti endurspeglad alla þá þætti sem þátttakendur á markaði byggja á þegar þeir stofna til viðskipta. Leiðréttingar á mati eru skráðar með þeim hætti að þær geri ráð fyrir líkansáhættu, mun á kaup- og sölutilboðum, lausafjánhættu sem og öðrum þáttum. Stjórnendur telja að þessi leiðrétting á mati sé nauðsynleg og viðeigandi til þess að fjármálagerningar séu rétt fram settir á gangvirði í efnahagsreikningi.

### 15. Skráning og afskráning fjáreigna og fjárskulda

Kaup og sala fjáreigna er skráð á þeim degi sem viðskiptin fara fram, þ.e. skráning fer fram á þeim degi sem bankinn skuldbindur sig til að kaupa eða selja eign, að undanskildum lánnum sem eru skráð þann dag sem reiðufé er greitt út til lántakenda.

Fjáreignir eru afskráðar þegar réttur til sjóðstreymis af fjáreigninni er ekki lengur fyrir hendi, eða þegar samstæðan hefur framselt nánast alla áhættu og ávinning af eignarhaldinu.

Fjárskuldir eru skráðar þegar samstæðan gerist aðili að samningsákvæðum skuldagerningsins. Fjárskuldir eru afskráðar þegar samningsbundnar skuldbindingar samstæðunnar eru uppfylltar, þær felldar niður eða þeim lýkur.

### 16. Jöfnun fjáreigna og fjárskulda

Fjáreignum og fjárskuldum er jafnað saman og hrein fjárhæð sýnd í efnahagsreikningi þegar fyrir hendi er lagalegur réttur til jöfnunar fjárhæða og ætlunin er að gera upp með jöfnun eða innleysa eignina og gera skuldina upp samhliða.

Tekjum og gjöldum er eingöngu jafnað saman þegar reikningsskilastaðlar heimila, eða vegna hagnaðar eða taps sem myndast hefur vegna safns sambærilegra viðskipta, t.d. í veltuviðskiptum samstæðunnar.

### 17. Útreikningur á afskrifuðu kostnaðarverði fjáreigna og fjárskulda

Afskrifaður kostnaður fjáreignar eða fjárskuldar er fjárhæð viðkomandi fjármálagernings, mæld við upphaflega færslu, að frádrögnum höfuðstólsgreiðslum og að teknu tilliti til uppsafnaðra afskrifta, sem færðar eru miðað við virka vexti. Yfirverð og afföll eru mismunur á upphaflegri skráningu viðkomandi fjármálagernings annars vegar og nafnverðsfjárhæðar hans hins vegar.

Verðtryggðar eignir og verðtryggðar skuldir eru uppreiknaðar miðað við vísitölu neysluverðs í árslok 2012.



## ► SKÝRINGAR VIÐ SAMSTÆÐUREIKNINGINN

### 18. Óefnislegar eignir

Óefnislegar eignir, sem aflað er sérstaklega, eru metnar við upphaflega skráningu á kostnaðarverði. Kostnaður við óefnislegar eignir sem aflað er við sameiningu fyrirtækja er gangvirðið m.v. kaupdag. Eftir upphaflega skráningu eru óefnislegar eignir bókfærðar á kostnaðarverði, að fráðregnum uppsöfnuðum niðurfærslum og uppsöfnuðu virðisrýrnunartapi. Óefnislegar eignir sem myndast hafa innan samstæðunnar eru ekki færðar til eignar og kostnaður endurspeglast í yfirliti um heildarafkomu á því tímabili sem til útgjaldanna er stofnað.

Virði óefnislegra eigna með ótiltekinn nýtingartíma er ekki afskrifað en eignirnar eru metnar með tilliti til virðisrýrnunar að minnsta kosti einu sinni á ári.

#### a) *Kostnaður sem fellur til síðar*

Kostnaður sem fellur til síðar af eignfærðum óefnislegum eignum er einungis eignfærður þegar hann eykur efnahagslegan framtíðarávinning sem falinn er í þeirri tilteknu eign sem hann tengist. Allur annar kostnaður er gjaldfærður þegar til hans er stofnað.

#### b) *Niðurfærsla*

Niðurfærsla er gjaldfærð í yfirliti um heildarafkomu línulega yfir áætlaðan nýtingartíma viðkomandi óefnislegra eigna. Óefnislegar eignir eru niðurfærðar frá þeim degi sem þær eru tiltækar til notkunar. Áætlaður nýtingartími er sem hér segir:

Hugbúnaður ..... 5 ár

### 19. Fjárfestingareignir

Fjárfestingareign er eign sem ætluð er til öflunar leigutekna, til ávöxtunar eða hvort tveggja. Fjárfestingareignir eru færðar á gangvirði. Samstæðan hefur ekki fengið óháða matsmenn til að meta virði fjárfestingareigna í árslok þar sem stjórnendur telja að þær matsaðferðir sem lýst er hér að neðan gefi áreiðanlegra mat á gangvirði.

Við mat á gangvirði einstakra fjárfestingareigna styðst félagið við núvirt 30 ára framtíðar sjóðstreymi. Sjóðstreymið ákvarðast af almennum viðkenndum matsaðferðum svo sem alþjóðlegum matsstöðlum, IVS no. 1 Market Value Basis of Valuation. Virðislíkanið sem samstæðan notar er byggt á áætluðu frjálstu sjóðsstreymi til eigenda og notar forsendur sem endurspeglar markaðsaðstæður á reikningsskiladegi. Sjóðstreymi fasteigna er áætlað út frá tekjuflæði leigutekna að fráðregnum áætluðum kostnaði.

Leigutekjur eru áætlaðar út frá gildandi leigusamningum. Í virðislíkaninu er tekið tillit til áætlaðrar markaðsleigu að loknum leigutíma gildandi leigusamninga. Við mat á framtíðar leigutekjum eru lagðar til grundvallar forsendur um áætlað nýtingarhlutfall eignanna í framtíðinni, áætlaða afslætti og tapaðar kröfur.

Allur viðeigandi kostnaður s.s. viðhaldskostnaður, fasteignagjöld, tryggingar og annar rekstrar- og fjármagnskostnaður er dreginn frá áætluðum leigutekjum. Fasteignagjöld og tryggingar eru metin út frá sögulegum gögnum og væntum breytingum á þessum kostnaðarliðum. Fjármagnskostnaður er metinn út frá markaðsvöxtum og væntu vaxtaálagi.

Núvirt frjálst sjóðstreymi til eigenda, fyrir hverja fasteign, er reiknað með því að núvirða sjóðstreymið með stuðli sem endurspeglar núverandi markaðsóvissu hvað varðar fjárhæð og tímasetningu sjóðsteymisins, þ.á.m. vænta verðbólgu. CAPM módelið er notað og er ávöxtunarkrafan byggð á áhættulausum raunvöxtum (vöxtum af húsbrefum) á reikningsskiladegi, áhættuálagi fyrir fasteignamarkaðinn og sérstöku áhættuálagi á hvern leigutaka.

Við mat á gangvirði fjárfestingareignar eru tiltekna eignir, svo sem innréttingar, ekki sérstaklega metnar. Við mat á gangvirði eru slíkar eignir taldar vera hluti af verðmæti fjárfestingareignarinnar. Auk þess endurspeglar gangvirði fjárfestingareignar ekki mögulegan ávinning af framtíðar viðbótarfjárfestingu í eigninni sem gæti aukið virði eignarinnar.

Í miklum meirihluta fjárfestingareigna er stuðst við ofangreindar matsaðferðir en í einhverjum tilvikum eru ekki forsendur til að beita ofangreindum aðferðum við mat á fjárfestingareignum og í þeim tilvikum er stuðst við mat stjórnenda.

## ► SKÝRINGAR VIÐ SAMSTÆÐUREIKNINGINN

### 20. Varanlegir rekstrarfjármunir

#### a) Færsla og mat

Rekstrarfjármunir eru metnir á kostnaðarverði að frádregnum uppsöfnuðum afskriftum og virðisrýrnun. Þegar hlutar rekstrarfjármuna hafa mismunandi nýtingartíma eru þeir færðir hver í sínu lagi eins og um aðgreinda rekstrarfjármuni væri að ræða.

#### b) Kostnaður sem fellur til síðar

Kostnaður sem fellur til vegna endurnýjunar rekstrarfjármuna er eignfærður á bókfærðu virði viðkomandi eignar ef líklegt þykir að efnahagslegur ávinningur af eigninni muni renna til samstæðunnar og hægt er að meta kostnaðinn með áreiðanlegum hætti. Allur annar kostnaður er færður í yfirlit um heildarafkomu eftir því sem til hans stofnast.

#### c) Afskriftir

Fyrningargrunnur varanlegra rekstrarfjármuna er ákveðinn eftir að niðurlagsverð þeirra er dregið frá. Afskriftir eru gjaldfærðar í yfirlit um heildarafkomu línulega miðað við áætlaðan nýtingartíma hvers einstaks rekstrarfjármunar. Áætlaður nýtingartími er sem hér segir:

Fasteignir .....	33-50 ár
Tæki og búnaður .....	3-7 ár

Fyrningargrunnur, nýtingartími og niðurlagsverð eru endurmetin árlega.

### 21. Fastafjármunir til sölu og aflögð starfsemi

Samstæðan flokkar eignir sem fastafjármuni til sölu eða aflagða starfsemi ef bókfært virði þeirra verður endurheimt aðallega með sölu fremur en með áframhaldandi nýtingu. Til að þetta eigi við þarf eignin eða aflagða starfsemin að vera tiltæk til sölu þegar í stað í núverandi ástandi með fyrirvara einungis um hefðbundin viðskiptakjör sem gilda um slíkar eignir eða eignasamstæður og salan þarf að vera talin mjög líkleg.

Áður en eign er flokkuð til sölu þá er mat á viðkomandi eign, svo og öllum eignum og skuldum í aflagðri starfsemi, uppfært í samræmi við viðeigandi alþjóðlegan reikningsskilastaðal. Því næst eru fastafjármunir til sölu og aflögð starfsemi færð á kostnaðarverði eða gangvirði að frádregnum sölukostnaði, hvort sem lægra reynist. Virðisrýrnun sem er til staðar við upphaflega flokkun fastafjármuna til sölu eða aflagða starfsemi er færð í yfirlit um heildarafkomu, jafnvel þó um virðisbreytingu sé að ræða. Sama á við um hagnað eða tap við síðari virðisbreytingu. Virðisbreyting með bakfærslu virðisrýrnunar á síðari tímabilum er takmörkuð þannig að bókfært verð fastafjármuna til sölu eða aflagðrar starfsemi fari ekki yfir það bókfærða virði sem hefði verið ákvarðað ef engin virðisrýrnun hefði verið færð á fyrri árum.

### 22. Innlán frá viðskiptavinum

Innlán frá viðskiptavinum eru upphaflega metin á gangvirði að viðbættum viðskiptakostnaði, og síðan mæld á afskrifuðu kostnaðarverði með aðferð virkra vaxta.

### 23. Lántaka

Hluti af lántöku samstæðunnar er flokkaður sem aðrar fjárskuldbindingar og er færður á gangvirði við upphaflega skráningu að frádregnum viðskiptakostnaði. Eftir upphaflega færslu eru lántökur metnar á afskrifuðu kostnaðarverði og á lántökutímabilinu er mismunurinn milli kostnaðar og innlausnarvirðis færður í yfirlit um heildarafkomu á grundvelli virkra vaxta. Áfallnir vextir eru meðtaldir í bókfærðu virði lántöku.

### 24. Víkjandi skuldir

Víkjandi skuldir eru fjárskuldbindingar bankans í formi víkjandi fjármagns sem, ef til slita samstæðunnar kæmi, hvort heldur er að eigin frumkvæði eða ekki, verða ekki endurgreiddar fyrr en eftir að kröfur almennra kröfuhafa hafa verið greiddar. Við útreikning á eiginfjárhlutfalli eru víkjandi skuldir færðar undir eiginfjárbátt B, sbr. skýringu 125. Víkjandi skuldir eru án gjalddaga og samstæðan getur aðeins greitt þær upp með leyfi Fjármálaeftirlitsins.

Víkjandi skuldir eru upphaflega skráð á gangvirði að frádregnum viðskiptakostnaði. Eftir upphaflega skráningu eru víkjandi skuldbindingar færðar á nafnvirði höfuðstólsfjárhæðar auk áfallinna vaxta, sem færðir eru í yfirlit um heildarafkomu samkvæmt samningsbundnum lánaskilmálum.

## ▶ SKÝRINGAR VIÐ SAMSTÆÐUREIKNINGINN

### 25. Fjárhagslegar skuldbindingar á gangvirði

Veltufjárskuldir eru metnar á gangvirði. Hagnaður og tap er bókfært við ráðstöfun eða innlaun og óinnleystur hagnaður og tap af breytingum á gangvirði veltufjárskulda er fært sem hagnaður (tap) af veltufjáreignum og veltufjárskuldum. Vaxtagjöld veltufjárskulda eru færð meðal vaxtagjalda.

#### *Skortstöður*

Veltufjárskuldir samanstanda aðallega af skortstöðum. Skortstöður eru skuldbindingar samstæðunnar um að láta af hendi fjáreignir sem hún hefur fengið að láni og selt þriðja aðila. Þessar skuldbindingar eru upphaflega skráðar á gangvirði í efnahagsreikning og viðskiptakostnaður skráður í yfirlit um heildarafkomu. Eftir það eru þær skráðar á gangvirði og allar breytingar á gangvirði skráðar í samstæðureikninginn undir liðnum hreinar fjármunatekjur (gjöld).

#### *Afleiðusamningar*

Afleiðusamningar samanstanda aðallega af afleiðusamningum með neikvætt gangvirði. Áhættuvarnarafleiður á borð við þær sem notaðar eru til innri áhættustýringar, en falla ekki undir áhættuvarnarreikningsskil samkvæmt IAS 39, eru einnig færðar undir þessum lið.

### 26. Aðrar eignir og aðrar skuldir

Aðrar eignir og aðrar skuldir eru færðar á kostnaðarverði að frádreginni virðisrýrnun.

### 27. Eigið fé

#### *Arðgreiðslur*

Arðgreiðslur eru færðar á eigið fé á því tímabili sem þær eru samþykktar af hluthöfum Arion banka hf.

#### *Lögbundinn varasjóður*

Samkvæmt lögum um hlutafélög nr. 2/1995 skal leggja að minnsta kosti 10% af hagnaði samstæðunnar, sem er ekki varið til að mæta tapi frá fyrri árum og fer ekki í aðra lögbundna sjóði, í lögbundinn varasjóð uns hann nemur 10% af hlutafé. Þegar því marki hefur verið náð skal framlag í sjóðinn nema að lágmarki 5% af hagnaði þar til lögbundinn varasjóður nemur 25% af hlutafé banks.

#### *Þýðingarmunur*

Undir þýðingarmun er færður allur gengismunur sem verður til við umreikning reikningsskila dótturfélaga sem eru með reikningsskil sín í erlendum gjaldmiðlum.

### 28. Hagnaður á hlut

Hagnaður á hlut er reiknaður með því að deila hreinum hagnaði sem tilheyrir hluthöfum Arion banka hf. með vegnu meðaltali almennra útistandandi hluta á árinu.

### 29. Ábyrgðir

Í venjubundnum viðskiptum sínum veitir samstæðan fjárhagslegar ábyrgðir, sem samanstanda af veittum ábyrgðum og greiðslutryggingum. Fjárhagslegar ábyrgðir eru upphaflega færðar í reikningsskilin á gangvirði, sem er það álag sem rennur til samstæðunnar. Eftir upphaflega færslu er skuldbinding samstæðunnar samkvæmt hverri ábyrgð um sig metin, hvort sem hærra er, fjárhæðin sem upphaflega var færð að frádreginni innlaun þóknunar ef við á eða bestu áætlun á þeim kostnaði sem fellur á samstæðuna við að gera upp skuldbindingu vegna ábyrgðarinnar. Hækkun skuldbindingar vegna ábyrgða er færð í yfirlit um heildarafkomu. Álagsþóknunin er færð línulega yfir líftíma ábyrgðarinnar í yfirlit um heildarafkomu sem hreinar þóknunatekjur.

### 30. Fjárvarsla

Samstæðan veitir viðskiptavinum sínum þjónustu á sviði fjárvörslu, eignastýringar, fjárfestingarráðgjafar og almenna ráðgjafarþjónustu. Til að veita slíka þjónustu þarf samstæðan að taka ákvarðanir um meðferð, kaup eða ráðstöfun fjármálagerna. Eignir í fjárvörslu eru ekki færðar í efnahagsreikning.

### 31. Starfskjör

Öll fyrirtæki samstæðunnar eru með iðgjaldatengt lífeyriskerfi þar sem þau greiða skyldu- og samningsbundin iðgjöld með framlagi í séreigna- eða almenna lífeyrissjóði. Samstæðan hefur engar frekari greiðsluskyldur umfram þessi framlög. Iðgjöldin eru færð til gjalda í yfirliti um heildarafkomu þegar þau falla til. Samstæðan rekur engan réttindatengdan lífeyrissjóð.

## ► SKÝRINGAR VIÐ SAMSTÆÐUREIKNINGINN

### 32. Nýir staðlar og breytingar á stöðlum

#### a) Nýir staðlar og breytingar á stöðlum sem giltu á árinu 2012

Reikningsskilaaðferðir eru þær sömu og á fyrra reikningsári fyrir utan eftirfarandi alþjóðlegan reikningsskilastaðal (IFRS) sem tók breytingum sem tóku gildi 1. janúar 2012:

*IFRS 7 Fjármálagerningar: Skýringar* - Auknar kröfur um skýringar vegna afskráningar. Breytingin gerir kröfu um viðbótar skýringar um fjáreignir sem hafa verið endurflokkaðar en ekki afskráðar til að gera lesanda reikningsskila samstæðunnar kleift að skilja samhengi þeirra eigna sem ekki hafa verið endurflokkaðar og skulda þeim tengdum. Að auki breytast kröfur um skýringar um áframhaldandi hagsmuni í afskráðum eignum til að gera notendum reikningsskila samstæðunnar kleift að meta eðli og áhættur vegna áframhaldandi hagsmuna samstæðu í afskráðu eignunum. Breytingin öðlast gildi fyrir tímabil sem hefjast frá og með 1. júlí 2011. Breytingin hefur einungis áhrif á skýringar og hefur engin áhrif á fjárhagsstöðu eða afkomu samstæðunnar.

#### b) Nýir staðlar og breytingar á stöðlum sem hafa ekki enn verið innleiddir

Fjöldi nýrra staðla, breytinga og túlkana hafa ekki enn tekið gildi að því er varðar árið 2012, og hefur ekki verið beitt við gerð þessara reikningsskila. Eftirfarandi hefur þýðingu fyrir reikningsskil samstæðunnar:

*IFRS 7 Skýringar: Skuldajöfnun fjáreigna og fjárskulda - breyting á IFRS 7.* Með breytingunni er krafist frekari skýringa um réttinn til að skuldajafna og tengdar ráðstafanir (t.d. veðsamningar). Skýringarnar eiga að veita gagnlegar upplýsingar til að meta áhrif skuldajöfnunarheimilda á fjárhagsstöðu samstæðunnar. Þessara nýju skýringa er krafist fyrir alla skráða fjármálagerninga sem er jafnað saman í samræmi við IAS 32 Fjármálagerningar: Framsetning. Þessi skýring á einnig við skráða fjármálagerninga sem eru háðir skuldajöfnunarsamningi eða svipuðu samkomulagi, án tillits til þess hvort þeim er jafnað saman í samræmi við IAS 32. Breytingarnar munu ekki hafa áhrif á fjárhagsstöðu samstæðunnar né afkomu og munu taka gildi fyrir tímabil sem hefjast 1. janúar 2013.

*IFRS 9 Fjármálagerningar: Flokkun og mat.* Í nóvember 2009 gaf Alþjóðareikningsskilaráðið (IASB) út IFRS 9 Fjármálagerningar, sem hefur að geyma nýja flokkun og matsviðmiðanir fyrir fjáreignir. Með útgáfu IFRS 9 er lokið fyrri hluta margþætts verkefnis sem ætlað er að leysa af hólmi IAS 39, Fjármálagerningar: Skráning og mat. Samkvæmt hinum endurskoðuðu leiðbeiningum skal aðeins meta fjáreign á afskrifuðu kostnaðarverði ef eignarhaldið er innan viðskiptalíkans þar sem markmiðið er að eiga eignina í því skyni að innheimta samningsbundið sjóðstreymi og samningsskilmálar fjáreignarinnar leiða til fjárstreymis á tilteknum dagsetningum sem eru einungis greiðslur af höfuðstól og vöxtum af útstandandi höfuðstól. Óskráða eiginfjárgerninga má færa á gangvirði og færa óinnleystan og innleystan hagnað vegna breytinga á gangvirði í yfirlit um aðra heildarafkomu, en ekki er lengur heimilt að færa uppreikning sem hagnað eða tap í yfirlit um heildarafkomu. Allar aðrar fjáreignir eru metnar á gangvirði í gegnum rekstur. Samstæðan er um þessar mundir að meta áhrifin af þessum nýja staðli á reikningsskilin. Staðallinn hefur ekki verið samþykktur af Evrópusambandinu, en ef það gerist þá mun hann taka gildi fyrir tímabil sem hefjast 1. janúar 2015 eða síðar.

*IFRS 10 Samstæðureikningsskil.* IFRS 10 leysir af hólmi þann hluta af IAS 27, Samstæðureikningsskil og aðgreind reikningsskil, sem fjallar um stæðureikningsskil. Þar er einnig fjallað um atriði í SIC-12 samstæðureikningsskil – rekstrarfélög um sérverkefni. Með IFRS 10 er sett fram ein regla varðandi yferráð sem á við um öll félög, þ.m.t. rekstrarfélög um sérverkefni. Breytingarnar sem koma fram í IFRS 10 munu krefjast þess að stjórnendur leggi mat á hvaða félögum samstæðan fer með yferráð yfir og ættu þau félög þar með að vera í samstæðureikningi. Samstæðan er um þessar mundir að meta áhrifin af þessum nýja staðli á reikningsskilin. Staðallinn hefur verið samþykktur af Evrópusambandinu og mun hann taka gildi fyrir tímabil sem hefjast 1. janúar 2014 eða síðar.

*IFRS 11 Sameiginleg verkefni.* IFRS 11 sameiginleg verkefni kemur í stað IAS 31 hlutdeild í samrekstri. Samstæðan tekur ekki þátt í neinum sameiginlegum verkefnum á þessum tímabili.

*IFRS 12 Skýringar um hagsmuni í öðrum rekstrareiningum.* IFRS 12 fjallar um allar skýringar varðandi samstæðureikningsskil sem áður var fjallað um í IAS 27, svo og allar skýringar sem áður var fjallað um í IAS 31 og IAS 28. Skýringar þessar varða hagsmuni í dótturfélögum, samrekstri, hlutdeildarfélögum og sérhæfðum rekstrarfélögum. Einnig er krafist fjölda nýrra skýringa. Staðallinn mun ekki hafa nein áhrif á fjárhagsstöðu félagsins né afkomu. Staðallinn hefur verið samþykktur af Evrópusambandinu og mun hann taka gildi fyrir tímabil sem hefjast 1. janúar 2014 eða síðar.

## ▶ SKÝRINGAR VIÐ SAMSTÆÐUREIKNINGINN

32. frh.

*IFRS 13 Mat á gangvirði.* Með IFRS 13 eru gefnar leiðbeiningar á einum stað fyrir allt mat til gagnvirðis innan IFRS. Með IFRS 13 er ekki sagt til um hvenær aðili skuli stýðjast við gangvirði, heldur eru veittar leiðbeiningar um hvernig meta skuli gangvirði samkvæmt IFRS þegar þess er krafist eða það heimilt. Það eru líka kröfur um viðbótar skýringar. Ekki er gert ráð fyrir að innleiðing á þessum staðli muni hafa veruleg áhrif á fjárhagslega stöðu samstæðunnar né afkomu. Þessi staðall mun taka gildi fyrir tímabil sem hefjast 1. janúar 2013 eða síðar.

*IAS 1 Framsetning liða í yfirliti um aðra heildarafkomu - breytingar.* Breytingarnar á IAS 1 breyta flokkun liða sem settir eru fram í yfirliti um aðra heildarafkomu. Breytingin hefur einungis áhrif á framsetningu og hefur engin áhrif á fjárhagsstöðu eða afkomu samstæðunnar. Breytingin tekur gildi fyrir tímabil sem hefjast 1. júlí 2012 eða síðar.

*IAS 19 Starfskjör - Breytingar.* Með breytingum á IAS 19 er tekið fyrir þann valkost að fresta innlausn hagnaðar eða taps útreiknað af tryggingastærðfræðingi. Allar breytingar á virði eigna lífeyrissjóða verða færðar í yfirlit um heildarafkomu. Ekki er gert ráð fyrir að upptaka staðalsins hafi veruleg áhrif á fjárhagsstöðu eða afkomu samstæðunnar. Staðallinn öðlast gildi 1. janúar 2013.

*IAS 32 Skuldajöfnun fjáreigna og fjárskulda - Breytingar á IAS 32.* Þessar breytingar skerpa á hvað er átt við með "að hafa laglegan rétt til að skuldajafna". Það verður nauðsynlegt að meta áhrifin á samstæðuna með því að yfirfara ferla við uppgjör og lögformlega samninga til að tryggja jöfnun sé ennþá heimil í þeim tilfellum þar sem jöfnun hefur verið beitt hingað til. Í ákveðnum tilfellum verður skuldajöfnun ekki lengur heimiluð. Í öðrum tilfellum gæti þurft að taka upp samninga og endursemja. Krafan um að allir aðilar að samning hafi rétt á skuldajöfnun getur reynst erfið í þeim tilfellum þar sem einungis einn samningsaðili á rétt á að skuldajafna við greiðslufall. Ekki er gert ráð fyrir að breytingarnar hafi veruleg áhrif á fjárhagsstöðu eða afkomu samstæðunnar. Breytingarnar gilda fyrir tímabil sem hefjast 1. janúar 2014 eða síðar.

Árlegar endurbætur samþykktar í maí 2012 og varða samstæðuna

*IAS 1 Framsetning á ársreikningi.* Þessar endurbætur skýra muninn á milli valkvæðra samanburðaupplýsinga og lágmarkskrafna um samanburðarupplýsingar. Lágmark samanburðarupplýsinga sem krafist er, er fyrir fyrra tímabil. Þessar breytingar taka gildi fyrir tímabil sem hefjast 1. janúar 2013, en munu ekki hafa áhrif á fjárhagsstöðu eða afkomu samstæðunnar.

33. Mikilvægar reikningshaldslegar ákvarðanir og mat við beitingu reikningsskilaaðferða

Samstæðan beitir mati og dregur ályktanir sem hafa áhrif á bókfærðar fjárhæðir eigna, skulda, tekna og gjalda. Ákvarðanir og mat eru í stöðugri endurskoðun og byggja á sögulegri reynslu og öðrum þáttum, þ.m.t. væntingum um framtíðaratburði sem teljast raunhæfir við ríkjandi aðstæður.

Þessi upplýsingagjöf kemur til viðbótar upplýsingum um áhættustýringu sem fjallað er um annars staðar í þessum reikningskilum.

*Helstu óvissuþættir við mat*

i) Virðisrýrnunartap vegna lána og krafna

Samstæðan endurskoðar útlánasafn sitt að minnsta kosti ársfjórðungslega með tilliti til virðisrýrnunar. Þegar tekin er ákvörðun um hvort virðisrýrnunartap skuli fært í yfirlit um heildarafkomu leggja stjórnendur mat á hvort fyrir hendi séu upplýsingar sem gefa til kynna mælanlega lækkun á væntu framtíðar sjóðstreymi safnsins áður en unnt er að tengja rýrnunina við einstakt lán innan safnsins. Meðal slíkra vísbendinga geta verið sýnileg gögn sem benda til þess að orðið hafi neikvæð breyting á greiðslustöðu hóps lántakenda, eða staðbundnar efnahagsaðstæður sem eiga sér samsvörun í vanskilum vegna eigna innan hópsins. Stjórnendur stýðjast við mat sem byggist á sögulegri reynslu af eignum með svipuð áhættueinkenni og upplýsingum um sams konar virðisrýrnun í eignasafninu við mat á framtíðar sjóðstreymi. Aðferðafræðin og forsendurnar sem notaðar eru við að meta bæði fjárhæðir og tímasetningar á væntu framtíðar sjóðstreymi eru endurskoðaðar reglulega til að minnka muninn milli áætlaðs taps og raunverulegs taps.

## ► SKÝRINGAR VIÐ SAMSTÆÐUREIKNINGINN

33. frh.

### ii) Gengistryggð lán

Samstæðan mat á árinu 2011 áhrif dóms Hæstaréttar frá 15. febrúar 2012 á safn gengistryggðra lána. Á árinu 2012 hefur samstæðan metið áhrif dóma Hæstaréttar frá 15. júní, 18. október og 1. nóvember 2012, sem fjalla um erlend eða gengistryggð lán.

Eins og fram kemur í skýringu 96 í samstæðureikningi þessum, færði samstæðan í árslok virðisýrnum á hinu gengistryggða útlánasafni sem áætlað tap vegna framangreindra dóma. Ennþá ríkir óvissa um gengistryggðu lánin og hver áhrif þeirra verða á samstæðuna. Í fyrsta lagi er óvissa um hvernig túlka beri niðurstöðu dómanna frá 15. febrúar og 18. október 2012 og í öðru lagi um niðurstöðu lagalegra ákvarðana í framtíðinni og nýrrar eða breyttrar löggjafar stjórnvalda.

Stjórnendur samstæðunnar þurfa að styðjast við mat þegar ákveðið er hvaða flokkar lána skuli endurreiknaðir og er áætlað tap byggt á forsendum sem kunna að verða endurskoðaðar í ljósi frekari dóma Hæstaréttar. Að auki ríkir lagaleg óvissa um niðurstöður frekari réttarlega ákvarðana eða lagabreytinga sem kynnu að kalla á endurreikning annarra flokka erlendra lána, sem samstæðan hefur ekki áður talið í hættu. Þetta mun ráðast af síðari dómsniðurstöðum og aðgerðum stjórnvalda sem ekki er á þessari stundu hægt að segja fyrir um.

### iii) Gangvirði fjármálagerninga

<b>Fjáreignir sem ekki eru færðar á gangvirði .....</b>	<b>667.857</b>	<b>669.247</b>	<b>1.390</b>
<b>Fjárskuldir sem ekki eru færðar á gangvirði</b>			
Skuldir við lánastofnanir og Seðlabanka Íslands .....	16.160	16.160	-
Innlán frá viðskiptavinum .....	489.995	489.995	-
Lántaka .....	187.203	187.067	136
Víkjandi skuldir .....	32.105	32.105	-
Aðrar fjárskuldir .....	33.764	33.764	-
<b>Fjárskuldir sem ekki eru færðar á gangvirði .....</b>	<b>759.227</b>	<b>759.091</b>	<b>136</b>
<b>Óinnleystur hagnaður (tap) sem ekki er færður í yfirlit um heildarafkomu .....</b>			<b>1.526</b>

Þar sem fjáreignir og fjárskuldir bera í flestum tilvikum breytilega vexti telst munurinn á bókfærðu virði og gangvirði fjáreigna og fjárskulda óverulegur.

### Fjárfestingareignir

72. Fjárfestingareignir sundurliðast sem hér segir:	2012	2011
Staða í ársbyrjun .....	27.100	27.642
Viðbætur á árinu .....	3.729	3.527
Sala á árinu .....	(3.494)	(5.760)
Flutt frá rekstrarfjármunum .....	-	775
Breytingar á gangvirði .....	1.584	916
<b>Fjárfestingareignir .....</b>	<b>28.919</b>	<b>27.100</b>

Fasteignamat fjárfestingareigna nam 19.062 m.kr. í árslok (2011: 18.380 m.kr.). Tryggingarvirði fjárfestingareigna nam 23.130 m.kr. í árslok (2011: 20.130 m.kr.). Forsendur fasteigna- og brunabótamats eignanna eru aðrar en þær sem samstæðan notar við mat á fjárfestingareignum og telur eiga betur við.

## ► SKÝRINGAR VIÐ SAMSTÆÐUREIKNINGINN

### Fjárfestingar í hlutdeildarfélagum

73. Hlutdeild samstæðunnar í helstu hlutdeildarfélagum sundurliðast sem hér segir:	2012	2011
Auðkenni hf., Borgartún 31, 105 Reykjavík, Ísland .....	20,0%	20,0%
Bakkavör Group Ltd., West Marsh Road, Spalding, Lincolnshire, Bretland .....	30,1%	-
Farice ehf., Smáratorg 3, 201 Kópavogur, Ísland .....	43,5%	43,5%
GO fjárfesting ehf., Undirheimar, 845 Flúðir, Ísland .....	30,0%	30,0%
Hótel Borgarnes hf., Egilsgata 16, 310 Borgarnes, Ísland .....	-	20,6%
Klakki ehf., Ármúli 3, 108 Reykjavík, Ísland .....	36,3%	44,9%
Kríuvarp ehf., Borgartún 35, 105 Reykjavík, Ísland .....	-	25,0%
Reiknistofa bankanna hf., Kalkofnsvegur 1, 150 Reykjavík, Ísland .....	23,3%	23,3%
Reitir fasteignafélag hf., Kringlan 4-12, 103 Reykjavík, Ísland .....	42,7%	42,7%
Sementsverksmiðjan ehf., Mánabraut 20, 300 Akranes, Ísland .....	23,6%	23,6%
SMI ehf., Smáratorg 3, 210 Kópavogur, Ísland .....	39,1%	39,1%
Ölgerðin Egill Skallagrímsson ehf., Grjótháls 7-11, 110 Reykjavík, Ísland .....	-	20,0%
Fjárfestingar í hlutdeildarfélagum sundurliðast sem hér segir:		
Staða í ársbyrjun .....	2.987	2.713
Viðbætur á árinu .....	1.658	2.854
Endurflokkað sem eign til sölu .....	-	(2.525)
Endurflokkað vegna yfirtöku á hlutdeildarfélagi .....	-	(9)
Hlutdeild í afkomu og hækkun á virði .....	2.405	8
Aðrar breytingar .....	-	(54)
<b>Fjárfestingar í hlutdeildarfélagum .....</b>	<b>7.050</b>	<b>2.987</b>

Í maí 2012 eignaðist bankinn 31,3% hlut í Bakkavör Group ehf. vegna þess að breytanlegu láni bankans var breytt í eigið fé. Á fjórða ársfjórðungi 2012 var hlutum bankans í Bakkavör Group ehf. skipt út fyrir hluti í Bakkavör Group Ltd. og er eignarhlutur samstæðunnar í því félagi 30,1% í árslok.

Í mars seldi bankinn 20,6% hlut sinn í Hótel Borgarnesi hf. Salan hefur óveruleg áhrif á yfirlit um heildarafkomu.

Í júní seldi bankinn 20,0% hlut sinn í Ölgerðinni Egill Skallagrímsson ehf. Tekið er tillit til áhrifa af sölunni í yfirliti um heildarafkomu.

Kríuvarp ehf. var tekið til gjaldþrotaskipta á árinu 2012.

Hlutur samstæðunnar í Klakka ehf. þynntist úr 44,9% í 36,3% í kjölfar frekari breytinga á kröfum lánadrottna í hlutafé.

Samandregnar fjárhagsupplýsingar um hlutdeildarfélög samstæðunnar eru sem hér segir:	2012	2011
Eignir alls .....	560.268	209.229
Skuldir alls .....	(446.287)	(170.788)
<b>Hrein eign .....</b>	<b>113.981</b>	<b>38.441</b>
Tekjur hlutdeildarfélaga .....	396.201	15.114
Afkoma hlutdeildarfélaga .....	(11.200)	4.491

Ofangreindar fjárhæðir byggja á bókfærðu virði hreinnar eignar í bókum hvers og eins hlutdeildarfélags og endurspeglar ekki mat bankans á virði eignarinnar.

## SKÝRINGAR VIÐ SAMSTÆÐUREIKNINGINN

### Varanlegir rekstrarfjármunir

	Fasteignir	Tæki og búnaður	Samtals 2012	Samtals 2011
74. Varanlegir rekstrarfjármunir sundurliðast sem hér segir:				
Upphaflegt kostnaðarverð í ársbyrjun .....	4.826	3.371	8.197	8.572
Yfirtekið við samruna .....	-	-	-	2
Viðbætur á árinu .....	280	681	961	667
Selt á árinu .....	(2)	(39)	(41)	(189)
Fært út við sölu á dótturfélagi .....	-	-	-	(16)
Flutt í fjárfestingareignir .....	-	-	-	(839)
Upphaflegt kostnaðarverð í árslok .....	5.104	4.013	9.117	8.197
Uppsafnaðar afskriftir í ársbyrjun .....	424	1.502	1.926	1.207
Afskrifað á árinu .....	230	669	899	832
Selt á árinu .....	-	(19)	(19)	(49)
Flutt í fjárfestingareignir .....	-	-	-	(64)
Uppsafnaðar afskriftir í árslok .....	654	2.152	2.806	1.926
<b>Varanlegir rekstrarfjármunir .....</b>	<b>4.450</b>	<b>1.861</b>	<b>6.311</b>	<b>6.271</b>

Fasteignamat fasteigna nam 4.954 m.kr. í árslok (2011: 4.561 m.kr.). Tryggingarvirði fasteigna nam 9.633 m.kr. í árslok (2011: 8.518 m.kr.).

75. Afskriftir og niðurfærslur sem færðar eru í yfirliti um heildarafkomu sundurliðast sem hér segir:

	2012	2011
Afskriftir rekstrarfjármuna .....	899	832
Niðurfærsla óefnislegra eigna .....	537	124
<b>Afskriftir og niðurfærsla .....</b>	<b>1.436</b>	<b>956</b>

### Óefnislegar eignir

76. Óefnislegar eignir skiptast í þrjá flokka: Innviði, samninga um viðskiptatengsl og tengda samninga og hugbúnað. Innviðir, samningar um viðskiptatengsl og tengdir samningar myndast í formi yfirverðs í tengslum við kaup á starfsemi dótturfélaga en hugbúnaður verður til er samstæðan eignast hugbúnaðarleyfi og við upptöku hugbúnaðarins í rekstri samstæðunnar.

Innviðir, sem eignfærðir eru sem óefnisleg eign, tengjast tveimur starfsþáttum bankans, þ.e. eignastýringu í bankanum sjálfum og dótturfélagi hans Stefni hf. og kreditkortarekstri í dótturfélagi bankans, Valitor holding hf. Í báðum tilvikum byggir reksturinn á áralangri uppbyggingu þekkingar og kerfa þar sem lagður hefur verið verðmætur grunnur að framtíðarvexti. Virðisrýnnarpróf er framkvæmt árlega og er nánar lýst hér fyrir neðan.

Viðskiptamannatengsl og tengdir samningar tengjast viðskiptatengslum og samningum sem bankinn eignaðist með dótturfélögum sem keypt voru árunum 2008-2009. Eignin byggir á þeim forsendum að viðskiptatengsl og samningar leiði af sér reglulegar greiðslur og hagnað hjá viðkomandi rekstrareiningum. Viðskiptin sem um ræðir tilheyrja Okkar líftryggingum hf., Ekortum ehf. og Tekjuvernd ehf. Á hverju ári eru gildandi samningar yfirfarnir og bornir saman við samninga sem giltu á kaupmánu. Virðisrýnnun á sér stað ef samningum er lokað. Engin breyting varð á árinu 2012 en 6 m.kr. árið 2011.

Hugbúnaður samanstendur af keyptum hugbúnaðarleyfum og eru þau eignfærð á grundvelli kostnaðarins við að kaupa þau og taka í notkun. Hugbúnaðarleyfi sem eignfærð eru sem óefnislegar eignir eru afskrifuð á nýtingartíma sínum, sem áætlaður er 3-5 ár.

## ▶ SKÝRINGAR VIÐ SAMSTÆÐUREIKNINGINN

76. frh.

Óefnislegar eignir sundurliðast sem hér segir:

2012	Viðskipta- tengsl og tengdir		Hug- búnaður	Samtals
	Innviðir	Samningar		
Staða í ársbyrjun .....	3.886	144	735	4.765
Viðbætur á árinu .....	28	-	685	713
Niðurfærsla .....	-	-	(537)	(537)
<b>Óefnislegar eignir .....</b>	<b>3.914</b>	<b>144</b>	<b>883</b>	<b>4.941</b>
2011				
Staða í ársbyrjun .....	3.824	149	379	4.352
Viðbætur á árinu .....	62	-	481	543
Virðisrýrnun .....	-	(6)	-	(6)
Niðurfærsla .....	-	-	(124)	(124)
<b>Óefnislegar eignir .....</b>	<b>3.886</b>	<b>143</b>	<b>736</b>	<b>4.765</b>

Aðferðafræðin við virðisrýrnunarpróf á innviðum byggir á notkun núvirðingarlíkans þar sem tekið er mið af áhrifaþáttum sem leiða af rekstrinum og umhverfi hans.

Líkanið sem notað er til þess að ákvarða endurheimtanlega fjárhæð er viðkvæmast fyrir breytingum á spám um hagnað, sem verður til ráðstöfunar fyrir hluthafa yfir fimm ára tímabili, eiginfjáarkostnað og breytingar á vaxtahraða. Sú greining leiddi ekki til færslu virðisrýrnunar að því er varðar eignastýringu og greiðslukortarekstur á árinu 2012 (2011: núll).

Í neðangreindri töflu eru sýnd ávöxtunarkrafa og vaxtahraði sem notuð voru við prófun á virðisrýrnun:

	2012		2011	
	Ávöxtunar krafa	Vaxtar stig	Ávöxtunar krafa	Vaxtar stig
Starfsemi eignastýringar .....	12,4%	2,5%	10,8%	2,5%
Starfsemi kreditkorta .....	13,9%	4,3%	15,5%	4,5%

### Skatteign og skattskuldir

77. Skatteign og skattskuldir sundurliðast sem hér segir:

	2012		2011	
	Eignir	Skuldir	Eignir	Skuldir
Skattur ársins .....	17	1.899	6	2.284
Frestaður skattur .....	446	1.338	718	1.137
<b>Skatteign og skattskuldir .....</b>	<b>463</b>	<b>3.237</b>	<b>724</b>	<b>3.421</b>

## ► SKÝRINGAR VIÐ SAMSTÆÐUREIKNINGINN

78. Frestuð skatteign og skattskuldbinding sundurliðast sem hér segir:

2012	Eignir	Skuldir	Staða
Staða í ársbyrjun .....	718	(1.137)	(419)
Tekjuskattur færður yfir rekstur .....	(272)	(201)	(473)
<b>Frestuð skatteign og skattskuldbinding .....</b>	<b>446</b>	<b>(1.338)</b>	<b>(892)</b>
2011			
Staða í ársbyrjun .....	295	(633)	(338)
Yfirtekið við samruna .....	149	(1)	148
Tekjuskattur færður yfir rekstur .....	274	(503)	(229)
<b>Frestuð skatteign og skattskuldbinding .....</b>	<b>718</b>	<b>(1.137)</b>	<b>(419)</b>

Félög í samstæðunni eiga yfirfæranlegt skattalegt tap sem jafngildir skatteign að fjárhæð 1.371 m.kr., sem ekki er færð til eignar í samstæðureikningnum vegna óvissu um mögulega nýtingu yfirfæranlega skattalega tapsins.

79. Breytingar á frestaðri skatteign og skattskuldbindingu sundurliðast sem hér segir:

2012	Ársbyrjun	Breyting á árinu	Fært yfir rekstur	Árslok
Eignir og skuldir tilgreindar í erlendri mynt .....	(222)	-	(26)	(248)
Fjárfestingareignir og varanlegir rekstrarfjármunir .....	(529)	-	(746)	(1.275)
Fjáreignir .....	611	-	(46)	565
Aðrar eignir og skuldir .....	(42)	-	53	11
Frestaður myntgengismunur .....	(897)	-	201	(696)
Yfirfæranlegt skattalegt tap .....	660	-	91	751
<b>Breyting á frestaðri skatteign og skattskuldbindingu .....</b>	<b>(419)</b>	<b>-</b>	<b>(473)</b>	<b>(892)</b>
2011				
Eignir og skuldir tilgreindar í erlendri mynt .....	(249)	-	27	(222)
Fjárfestingareignir og varanlegir rekstrarfjármunir .....	(139)	149	(539)	(529)
Fjáreignir .....	-	-	611	611
Aðrar eignir og skuldir .....	(37)	-	(5)	(42)
Frestaður myntgengismunur .....	(538)	(1)	(358)	(897)
Yfirfæranlegt skattalegt tap .....	625	-	35	660
<b>Breyting á frestaðri skatteign og skattskuldbindingu .....</b>	<b>(338)</b>	<b>148</b>	<b>(229)</b>	<b>(419)</b>

## ► SKÝRINGAR VIÐ SAMSTÆÐUREIKNINGINN

80. Frestuð skatteign og skattskuldbinding eru tilkomnar vegna:

	2012		2011	
	Eignir	Skuldir	Eignir	Skuldir
Frestaður skattur vegna gengismunar .....	-	(694)	-	(897)
Eignir og skuldir tilgreindar í erlendri mynt .....	-	(215)	-	(221)
Fjárfestingareignir og varanlegir rekstrarfjármunir .....	11	(1.343)	5	(534)
Fjáreignir .....	550	(47)	611	-
Aðrar eignir og skuldir .....	168	(81)	174	(217)
Yfirfæranlegt skattalegt tap .....	759	-	388	272
	<b>1.488</b>	<b>(2.380)</b>	<b>1.178</b>	<b>(1.597)</b>
Innbyrðis jöfnun frestaðra skatteigna við frestaðar skattskuldir sömu skattaðila .....	(1.042)	1.042	(460)	460
<b>Frestuð skatteign og skattskuldbinding .....</b>	<b>446</b>	<b>(1.338)</b>	<b>718</b>	<b>(1.137)</b>

### Fastafjármunir til sölu og aflögð starfsemi

81. Fastafjármunir til sölu og aflögð starfsemi sundurliðast sem hér segir:	2012	2011
Dótturfélög .....	1.733	8.458
Hlutdeildarfélag .....	6.384	12.073
Fasteignir .....	3.275	2.875
Aðrar eignir .....	531	480
<b>Fastafjármunir til sölu og aflögð starfsemi .....</b>	<b>11.923</b>	<b>23.886</b>

Dótturfélög eru félög sem voru yfirtekin með það að markmiði að selja aftur og eru þau flokkuð sem fastafjármunir til sölu og aflögð starfsemi í samræmi við IFRS 5. Í lok árs var stærsta félagið, Fram Foods ehf. í eigu eignarhaldsfélags samstæðunnar, Eignabjargs ehf.

Þann 15. júní undirritaði Eignabjarg ehf. samkomulag um sölu á 100% eignarhlut sínum í Pennanum á Íslandi ehf. Fyrirvari var gerður um samþykki samkeppnisfirvalda, sem fékkst í ágúst 2012. Áhrifin af sölnunni á yfirlit um heildarafkomu eru óveruleg.

Þann 28. september 2011 var undirritað samkomulag um sölu á 38,9% eignarhlut samstæðunnar í N1 hf. Fyrirvari var gerður um samþykki samkeppnisfirvalda, sem fékkst í júní 2012. Hagnaðurinn af sölnunni var 1.376 m.kr. og er hann færður í yfirlit um heildarafkomu.

Þann 3. júlí 2012 seldi Fram Foods ehf. dótturfélag sitt Boyfood Oy í Finnlandi og þann 30. október seldi félagið dótturfélag sitt Fram Foods AB í Svíþjóð. Fram Foods ehf. er dótturfélag í fullri eigu Eignabjargs ehf. Áhrifin af sölnunni á yfirlit um heildarafkomu eru óveruleg.

Þann 4. október 2011 undirritaði Eignabjarg ehf. samkomulag um sölu á 100% eignarhlut sínum í B.M. Vallá ehf. Fyrirvari var gerður um samþykki samkeppnisfirvalda. Samþykki þeirra fékkst í apríl 2012. Áhrifin af sölnunni á yfirlit um heildarafkomu eru óveruleg.

Hlutdeildarfélagið sem er flokkað sem fastafjármunir til sölu og aflögð starfsemi er HB Grandi hf.

Í árslok 2011 átti samstæðan 20,9% eignarhlut í Högum hf. Á árinu 2012 seldi samstæðan 15,7% hlut sinn í Högum hf. Hagnaðurinn af sölnunni var 875 m.kr. og er færður í yfirlit um heildarafkomu.

Fasteignir og aðrar eignir sem flokkast sem fastafjármunir eru yfirleitt til komnar vegna þess að gengið var að veði hjá félögum og einstaklingum.

Skuldir tengdar dótturfélögum til sölu sundurliðast sem hér segir:	2012	2011
Dótturfélög, skuldir samtals .....	1.769	4.950



## ► SKÝRINGAR VIÐ SAMSTÆÐUREIKNINGINN

### Aðrar eignir

82. Aðrar eignir sundurliðast sem hér segir:	2012	2011
Viðskiptakröfur .....	4.084	6.511
Fyrirframgreiddur kostnaður .....	687	678
Áfallnar tekjur .....	456	455
Óuppgerð verðbréfavíðskipti .....	125	708
Ýmsar eignir .....	549	524
<b>Aðrar eignir .....</b>	<b>5.901</b>	<b>8.876</b>

Óuppgerð verðbréfavíðskipti voru gerð upp innan þriggja daga frá reikningskiladegi.

### Aðrar skuldir

83. Aðrar skuldir sundurliðast sem hér segir:		
Viðskiptaskuldir .....	19.318	18.944
Niðurfærslur vegna uppgerðra gengislána .....	4.625	-
Tryggingarsjóður innstæðueigenda og fjárfesta .....	2.919	3.018
Tryggingarkrafa .....	2.138	2.023
Fjármagnstekjuskattur .....	1.926	2.186
Óuppgerð verðbréfavíðskipti .....	842	132
Kaupþing hf. vegna kaupa á ABMIIF .....	-	3.048
Ýmsar skuldir .....	8.580	9.471
<b>Aðrar skuldir .....</b>	<b>40.348</b>	<b>38.822</b>

Óuppgerð verðbréfavíðskipti voru gerð upp innan þriggja daga frá reikningskiladegi.

### Lántaka

84. Lántaka sundurliðast sem hér segir:		
Sértryggð skuldabréf .....	124.992	117.915
Útgefin skuldabréf .....	8.909	8.881
Önnur lán .....	61.184	60.407
<b>Lántaka .....</b>	<b>195.085</b>	<b>187.203</b>

Samstæðan keypti engar eigin skuldir á árinu 2012 (2011: 442 m.kr.).

Í árslok 2011 yfirtók Arion banki hf. útgáfu sértryggðra skuldabréfa, sem upphaflega voru gefin út af Kaupþingi hf. á árunum 2006 til 2008. Skuldabréfin sem um ræðir eru sértryggð skuldabréf að fjárhæð 119,8 ma.kr. að hreinu útistandandi virði, tryggð með veðlánnum og bankainnstæðum í sérstökum sjóði, Arion Bank Mortgages Institutional Investor Fund. Um er að ræða útgáfu í fjórum flokkum, tveimur til 25 ára og tveimur til 40 ára, með gjalddaga 2031, 2033, 2045 og 2048. Bréfin eru bundin vísitölu neysluverðs með föstum 3,75% til 4,00% vöxtum. Endurgreiðslur á höfuðstól nema u.þ.b. 1,5 ma.kr. á ári en heildargreiðslur að meðtöldum höfuðstólsgreiðslum, verðbótum og vöxtum eru 7,4 ma.kr. á ári.

Í febrúar 2012 gaf Arion banki hf. út fyrsta áfanga í sértryggðri skuldabréfaútgáfu sem getur numið allt að 1 milljarði evra. Skuldabréfin eru í íslenskum krónum og nam útgáfan 2,5 milljörðum króna í flokknum ARION CBI 34. Flokkurinn sem er með lokagjalddaga 2034 er verðtryggður og ber fasta 3,60% vexti. Hann var tekinn til viðskipta á NASDAQ OMX Íslandi 22. febrúar 2012.

## ► SKÝRINGAR VIÐ SAMSTÆÐUREIKNINGINN

84. frh.

Í maí 2012 lauk Arion banki hf. fyrsta útbóði bankans á sértryggðum skuldabréfum sem eru óverðtryggð. Alls voru seld skuldabréf að nafnvirði 1.220 m.kr. í skuldabréfaflokknum Arion CB 15. Í júní lauk Arion banki hf. öðru útbóði bankans í sama flokki, samtals að fjárhæð 1.200 m.kr. Skuldabréfaútgáfan var hluti af 1,0 ma. EUR sértryggðum skuldabréfaflokki og var tekinn til viðskipta á NASDAQ OMX Íslandi 21. maí 2012. Skuldabréfin bera 6,5% óverðtryggða vexti og eru á lokagjaldsdaga árið 2015.

Bókfært virði skráðra skuldabréfa var 8.034 m.kr. í árslok 2012 og markaðsvirði þeirra var 8.512 m.kr.

Vextir af öðrum lánum eru 3ja mánaða Euribor/Libor +300 bps fram að gjalddaga árið 2016. Lánið er framlengjanlegt til 2022 með sömu skilmálum.

### Víkjandi skuldir

85. Víkjandi skuldir sundurliðast sem hér segir:	2012	2011
Eiginfjárpáttur B .....	34.220	32.105
<b>Víkjandi skuldir .....</b>	<b>34.220</b>	<b>32.105</b>

Vextir af láninu eru 3ja mánaða Euribor/Libor +400 bps til ársins 2015, en síðan 3ja mánaða Euribor/Libor +500 bps.

### Afleiðusamningar

86. Afleiðusamningar á gangvirði sundurliðast sem hér segir:

2012	Gangvirði	
	Eignir	Skuldir
Framvirkir gjaldmiðlasamningar, óskráðir .....	250	92
Vaxta- og gjaldmiðlaskiptasamningar, óskráðir .....	71	792
Skiptasamningar með skuldabréf, óskráðir .....	17	42
Skiptasamningar með hlutabréf, óskráðir .....	16	49
Valréttarsamningar, óskráðir .....	434	-
<b>Afleiðusamningar .....</b>	<b>788</b>	<b>975</b>
2011		
Framvirkir gjaldmiðlasamningar, óskráðir .....	193	671
Vaxta- og gjaldmiðlaskiptasamningar, óskráðir .....	463	415
Skiptasamningar með skuldabréf, óskráðir .....	18	110
<b>Afleiðusamningar .....</b>	<b>674</b>	<b>1.196</b>

## ► SKÝRINGAR VIÐ SAMSTÆÐUREIKNINGINN

### Eigið fé

#### 87. Hlutfé og yfirverðsreikningur hlutfjár

Samkvæmt samþykktum Arion banka hf. er heildarhlutfé bankans 2.000 m.kr. að nafnvirði þar sem hver hlutur nemur 1 krónu. Handhafar almennra hlutabréfa eiga rétt á arði samkvæmt ákvörðun aðalfundar hverju sinni og fylgir eitt atkvæði hverjum hlut á hluthafafundum.

	Fjöldi í milljónum		Fjöldi í milljónum	
		2012		2011
Útgefið hlutfé .....	2.000	75.861	2.000	75.861
	<u>2.000</u>	<u>75.861</u>	<u>2.000</u>	<u>75.861</u>

Yfirverðsreikningur hlutfjár samanstendur af greiðslum hluthafa umfram nafnverð fyrir hlutabréf sem gefin eru út af Arion banka hf.

88. Varasjóðir sundurliðast sem hér segir:	2012	2011
Lögbundinn varasjóður .....	1.637	1.637
Þýðingarmunur vegna reikningsskila dótturfélaga í erlendri mynt .....	2	-
<b>Varasjóðir</b> .....	<u>1.639</u>	<u>1.637</u>

## ► SKÝRINGAR VIÐ SAMSTÆÐUREIKNINGINN

### LÍÐIR UTAN EFNAHAGS

#### Skuldbindingar

89. Samstæðan hefur veitt viðskiptavinum sínum ábyrgðir, ónýttar yfirdráttarheimildir og lánsloforð sem sundurliðast sem hér segir:

	2012	2011
Ábyrgðir .....	9.185	8.662
Ónýttar yfirdráttarheimildir .....	34.545	34.258
Lánsloforð .....	36.001	17.687

90. Tryggingarsjóður innstæðueigenda og fjárfesta

Samstæðan gjaldfærði 892 m.kr. á árinu 2012 til að standa straum af kröfum samkvæmt lögum um Tryggingasjóð innstæðueigenda og fjárfesta nr. 98/1999 eins og þeim var breytt á árinu 2012.

Á Alþingi hefur verið til umræðu frumvarp um nýjan tryggingarsjóð innstæðueigenda og fjárfesta. Vegna óvissu um lagasetningu í framtíðinni er skuldbindingu vegna fyrri ára ekki breytt og nemur 2.669 m.kr. í árslok. Samstæðan hefur veitt sjóðnum ábyrgð vegna skuldbindinga að fjárhæð 3.210 m.kr.

#### Veðsettar eignir

91. Samstæðan hefur veðsett eignir til tryggingar skuldum sem hér segir:

	2012	2011
Eignir sem hafa verið settar að veði vegna lántöku .....	244.653	210.412
Eignir sem hafa verið settar að veði vegna bankalána og skortstöðu .....	35.701	-
<b>Veðsettar eignir vegna lántöku .....</b>	<b>280.354</b>	<b>210.412</b>

Samstæðan hefur sett eignir, s.s. lán, bankainnstæður og aðrar eignir, að veði vegna lántöku, bæði vegna sértryggðrar skuldabréfaútgáfu og annarrar skuldabréfaútgáfu auk lánasamninga. Samanlagt virði veðsettra eigna var 244 ma.kr. í lok árs (2011: 210 ma.kr.). Stærstur hluti þessara eigna var safn verðtryggðra lán til einstaklinga, lán til sveitarfélaga og lán til fasteignafélaga. Bókfært virði lántökunnar var 185 ma.kr. í lok ársins (2011: 176 ma.kr.)

Eignir eru fyrst og fremst veðsettar á móti lánnum sem tekin voru í tengslum við kaup á viðkomandi eignum. Þar skera tveir atburðir sig úr. Lánasafn var keypt af Seðlabanka Íslands í tengslum við endurfjármögnun Arion banka hf. 8. janúar 2010 og íbúðalánasafn var keypt af Kaupþingi hf. og veðsett á móti sértryggðum skuldabréfum sem skuldskeytt voru frá Kaupþingi hf. til Arion banka hf. í árslok 2011.

Samstæðan hefur veðsett skuldabréf vegna skammtímalána frá Seðlabanka Íslands og vegna skortstöðu tengdri skiptasamningum, til að verjast markaðsáhættu vegna viðkomandi eigna.

#### Skuldbindingar vegna rekstrarleigusamninga

92. Samstæðan sem leigutaki

Samstæðan hefur gert leigusamninga um nokkrar fasteignir sem hún notar í rekstri sínum. Leigusamningar þessir eru til allt að 23ja ára. Í flestum samningum eru framlengingarákvæði. Væntanlegar lágmarksleigugreiðslur samkvæmt óuppsegjanlegum leigusamningum sundurliðast sem hér segir:

	2012	2011
Innan 1 árs .....	339	243
Eftir 1 til 5 ár .....	1.173	787
Eftir meira en 5 ár .....	1.115	714
<b>Lágmarksleigugreiðslur samkvæmt óuppsegjanlegum leigusamningum .....</b>	<b>2.627</b>	<b>1.744</b>

## ► SKÝRINGAR VIÐ SAMSTÆÐUREIKNINGINN

### 93. Samstæðan sem leigusali

Samstæðan hefur gert leigusamninga um fjárfestingareignir sínar og fasteignir. Leigusamningarnir eru til allt að 18 ára og eru flestir óuppsegjanlegir. Væntanlegar lágmarksleigugreiðslur samkvæmt óuppsegjanlegum leigusamningum eru sem hér segir:

	2012	2011
Innan 1 árs .....	2.084	2.100
Eftir 1 til 5 ár .....	5.898	5.713
Eftir meira en 5 ár .....	1.968	2.605
<b>Lágmarksleigugreiðslur samkvæmt óuppsegjanlegum leigusamningum .....</b>	<b>9.950</b>	<b>10.418</b>

### Eignir í eignastýringu og vörslu

94. Eignir í eignastýringu og eignir í vörslu sundurliðast sem hér segir:	31.12.2012	31.12.2011
Eignir í eignastýringu .....	819.684	659.024
Eignir í vörslu .....	1.378.454	1.716.230

### Lögfræðileg málefni

95. Vegna ástandsins á fjármálamarkaði hér á landi hafa málaferli gegn samstæðunni verið óvenjulega tíð. Samstæðan hefur markað sér stefnu og komið upp ferlum til þess að halda utan um slík ágreiningsmál. Þegar faglegrar ráðgjafar hefur verið leitað og fjárhæð hugsanlegs taps hefur verið áætluð með raunhæfum hætti gerir samstæðan ráðstafanir til þess að taka mið af hugsanlegum neikvæðum áhrifum ágreiningsmálunum á fjárhagsstöðu hennar. Í árslok voru nokkur ágreiningsmál á sem samstæðan á aðild að óleyst.

#### i) Óvissar skuldbindingar

##### *Rannsókn Samkeppniseftirlitsins*

Samkeppniseftirlitið (SE) hefur hafið formlega rannsókn á meintri misnotkun á markaðsráðandi stöðu og samráðs milli allra greiðslukortauktgefanda á Íslandi, þar á meðal samstæðunnar, í kjölfar kvörtunar frá Kortþjónustunni hf., greiðslukortþjónustufyrirtæki, frá árinu 2009. SE hefur einnig hafið formlega rannsókn á meintri misnotkun á meintri sameiginlegri markaðsráðandi stöðu þriggja stærstu bankanna, þar með talið Arion banka hf. Rannsóknin hófst vegna aðskildra kvartana árið 2010 frá BYR hf. og MP banka hf. SE fékk svipaða kvörtun frá Tryggingamiðstöðinni hf. árið 2010. Kvartanirnar frá BYR hf. og MP banka hf. varða skilmála íbúðalána bankans, sem samkvæmt kvörtununum, hindra einstaklinga í því að færa viðskipti sín til annarra banka og hamla þannig samkeppni. Kvörtunin frá Tryggingamiðstöðinni hf. er vegna meintrar samvinnunar bankans á þjónustu og tryggingum. Samstæðan hefur mótmælt öllum framangreindum kvörtunum. Umfang rannsókna og útkoma málanna eru enn óviss, sem og hver áhrifin á samstæðuna yrðu. Komi til þess að niðurstaða SE verði á þann veg að samstæðan hafi brotið samkeppnislög gæti það haft í för með sér sekt eða takmarkanir.

##### *Málaferli vegna lána í erlendum myntum*

Bankanum hefur borist bréf frá félagi, sem kveðst hafa orðið fyrir verulegu tjóni, bæði beinu og óbeinu, vegna fullnustuaðgerða bankans sem leiddu til nauðungarsölu á eignum félagsins. Þær fullnustuaðgerðir fóru fram vegna vanskila á gengistryggðum lánum. Í bréfinu er óskað eftir afstöðu bankans til skaðabótaskyldu sinnar vegna framangreindra atvika. Bankinn er nú að fara yfir málið en fyrstu áætlanir benda til að þó samstæðan verði talin ábyrg fyrir tjóni þá muni það ekki hafa teljandi fjárhagsleg áhrif á samstæðuna.

##### *Kröfur vegna einkabankaþjónustu og eignastýringar*

Lögaðili hefur stefnt Arion banka hf. og Stefni hf., dótturfélagi bankans, og krafist skaðabóta vegna meintrar ólögmeðrar meðferðar Kaupþings banka hf. á fjármunum sem Kaupþingi banka hf. var falið stýra fyrir lögaðilann. Arion banki hf. og Stefni hf. hafa tekið til varna í þessu máli og hafna kröfum lögaðilans. Hugsanlegt tjón mun ekki hafa veruleg fjárhagsleg áhrif á bankann.

95. frh.

ii) Önnur lögfræðileg álitæfni

### *Málaferli vegna Dróma hf.*

Meðal mikilvægra dómsmála er mál milli Dróma hf. og Arion banka hf. Í kjölfar ákvörðunar Fjármálaeftirlitsins (FME) frá 21. mars 2009 yfirtók bankinn innstæður SPRON hf. Í ákvörðuninni er kveðið á um að skilanefnd SPRON hf. skyldi stofna sérstakt hlutafélag í eigu SPRON hf., síðar Drómi hf., sem taka átti við öllum eignum sparisjóðsins og jafnframt öllum tryggingaréttindum, þ.m.t. öllum veðréttindum, ábyrgðum og öðrum sambærilegum réttindum sem tengdust kröfum SPRON hf. Þá skyldi dótturfélagið yfirtaka skuldbindingu SPRON hf. gagnvart bankanum vegna yfirtöku á innlánsskuldbindingum SPRON hf. og skyldi gefa út skuldabréf til bankans sem endurgjald fyrir hinar yfirteknu innlánsskuldbindingar. Skuldbinding Dróma hf. gagnvart bankanum var skjalfest með samningi um endurgreiðslu skuldarinnar. Í samningnum er kveðið á um að vextir af höfuðstól skuldarinnar, eins og hún er á hverjum tíma, skuli vera þeir vextir sem FME ákveður á hverjum tíma. Var það ákvörðun FME að skuldin skyldi bera tiltekna ársvexti ásamt vaxtaálagi frá þeim tíma þar til skuldin hefur verið að fullu greidd upp. Var jafnframt tekið fram að FME væri heimilt að taka ákvörðunina til endurskoðunar að ósk hlutaðeigandi aðila á sex mánaða fresti. Með bréfi frá 2. desember 2009 fór Drómi hf. fram á það við FME að ákvörðun eftirlitsins um vaxtakjör yrði endurskoðuð. Þann 4. febrúar 2011 tók FME ákvörðun um að skuldin skyldi bera ársvexti sem næmu upphaflega ákvörðuðum vöxtum með upphaflegu vaxtaálagi frá yfirtökudegi til og með 30. júní 2010, en án vaxtaálags frá þeim tíma þar til skuldin hefur verið að fullu greidd upp. Bankinn höfðaði mál á hendur FME og Dróma hf. til ógildingar á ákvörðun FME frá 4. febrúar 2011. Þann 4. maí 2011 höfðaði Drómi hf. mál á hendur FME og bankanum. Drómi hf. krefst aðallega ógildingar á öllum ákvörðunum FME um vexti og til vara að aðrir vextir verði ákvarðaðir en í upphafi. Með tveimur dómum, uppkveðnum þann 7. nóvember 2012, sýknaði héraðsdómur Dróma hf. og FME af kröfum bankans og þá voru bankinn og FME sýknuð af kröfum Dróma hf. Bankinn hefur áfrýjað fyrrnefnda dómnum til Hæstaréttar.

### *Málaferli gagnvart Stefni hf.*

Slitastjórn Landsbanka Íslands hf. hefur stefnt félaginu fyrir Héraðsdóm Reykjavíkur. Stefnan byggir á kröfu slitastjórnar um riftun á útgreiðslum Landsbanka Íslands hf. á peningamarkaðsinnlánum sem voru á gjalddaga snemma í október 2008 til tveggja sjóða í stýringu Stefnis hf. Um er að ræða fjárhæð sem nemur samtals 450 millj. kr. auk vaxta. Stefnir hf. hefur tekið til varna. Kröfunum hefur áður verið lýst sem tilhæfulausum. Í ljósi þess að í sambærilegum málum fyrir sama dómstóli hafa dómar ekki fallið á einn veg þykir nú rétt að færa varúðarniðurfærslu vegna málanna. Aðalmeðferð er fyrirhuguð á fyrsta ársfjórðungi 2013.

### *Rannsókn Eftirlitsstofnunar EFTA*

Eftirlitsstofnun EFTA (ESA) hóf tvær formlegar rannsóknir árið 2010 á málum sem tengjast samstæðunni, en báðum er nú lokið án fjárhagslegs skaða fyrir samstæðuna. Fyrri rannsóknin sneri að því hvort kaup nýju bankanna, þ.e. Arion banka hf., Íslandsbanka hf. og Landsbankans hf., á eignum peningamarkaðssjóða haustið 2008 gæti talist ólögæt ríkissaðstoð í skilningi EES samningsins. Seinni rannsóknin tengdist ríkissaðstoð sem veitt var við endurreisn ákveðinnar starfsemi Kaupþings hf. og stofnun og fjármögnun samstæðunnar. Svipaðar rannsóknir voru settar af stað í tengslum við endurreisn og fjármögnun Íslandsbanka hf. og Landabankans hf.

### *Málaferli vegna lána í erlendum myntum*

Með stefnu sem birt var bankanum þann 14. nóvember 2012 krafðist Hagar hf., skráð félag, 1.152 m.kr. auk vaxta frá 19. október 2009 til greiðsludags, að frádeginni innborgun að fjárhæð 515 m.kr. sem greidd var 19. desember 2011. Stefnan kom í kjölfar tilkynningar Haga hf. til Kauphallar Íslands frá 21. mars 2012 þar sem Hagar hf. tilkynntu að félagið hefði ákveðið að höfða dómsmál gegn bankanum vegna gengistryggðra lána félagsins sem það hafði endurgreitt bankanum að fullu í október 2009. Gengistryggðu lán Haga hf. hafa verið endurútreiknuð af bankanum í samræmi við tilkynningu bankans frá 15. júní 2011. Niðurstaða endurútreikningsins sýndi að bankinn skuldaði Högum hf. 515 m.kr., sem hann greiddi Högum hf. í kjölfarið. Eftir dóm Hæstaréttar frá 15. febrúar 2012 (mál nr. 600/2011), tilkynntu Hagar hf. bankanum að Hagar hf. teldu að félagið ætti frekari kröfu á bankann vegna fyrrgreindra gengistryggðra lána. Bankinn hefur hafnað kröfum Haga hf. og mun taka til varna fyrir dómstólum.

### *Verðtrygging neytendalána*

Að undanförnur hefur verið umræða í fjölmiðlum þar sem haldið er fram að tenging höfuðstóls húsnæðislána til neytenda við vísitölu neysluverðs sé mögulega óheimil og því skuli vísitöluhækkun höfuðstóls lánanna að verða leiðrétt. Staðfest er að tvö dómsmál vegna umræddrar tengingar eru nýlega komin inn í dómskerfið en samstæðan er ekki aðili að þeim málum. Ef dómar falla sækjendum í vil er mögulegt að lántakendur eigi rétt á endurgreiðslu á hluta eða allri vísitöluhækkuninni. Samstæðan telur þá niðurstöðu ólíklega og hefur hvorki fært varúðar færslu vegna þessa í bækur sínar né tekið tillit til þess í eiginfjáruþreikningum.

### Óvissa varðandi bókfært virði gjaldeyrislána

96. Í tveimur mjög sambærilegum dómum, sem kveðnir voru upp 16. júní 2010, taldi Hæstiréttur að tvö bílalán væru í raun lán í íslenskum krónum bundin gengi erlendra myntar (fremur en lán í erlendum myntum) og að skv. lögum nr. 38/2001 um vexti og verðtryggingu væri slík gengistrygging ólögleg. Dómarnir byggðu að mestu leyti á orðalagi viðkomandi lánaskjala. Í dómi, sem kveðinn var upp 16. september 2010, taldi Hæstiréttur að lánaþingur, sem talinn var vera gengistrygt lán í íslenskum krónum, skyldi bera lægstu óverðtryggðu vexti útlána í íslenskum krónum samkvæmt ákvörðun Seðlabanka Íslands.

Hinn 18. desember 2010 voru á Alþingi samþykkt lög (nr. 151/2010) þar sem lagalegri óvissu um endurreikning vaxta á lánum í íslenskum krónum sem bundin voru gengi erlendra myntar var eytt. Samkvæmt lögnum skal höfuðstóll slíkra lána endurreiknaður frá upphafsdegi með óverðtryggðum vöxtum útlána í íslenskum krónum samkvæmt ákvörðun Seðlabanka Íslands. Ennfremur er þess krafist í lögnum að bankar endurreikni veðlán í erlendum gjaldmiðlum vegna húsnæðisaka einstaklinga fyrir 28. mars 2011. Eftir því sem við á skal leiðrétta höfuðstól lána miðað við endurútreikninginn eða endurgreiða skuldara ofgreitt fé. Í samræmi við löginn endurreiknaði samstæðan öll veðlán til húsnæðisaka til einstaklinga í erlendum myntum.

Í tveimur sambærilegum dómum, sem kveðnir voru upp 14. febrúar 2011 taldi Hæstiréttur að tvö lán í erlendum myntum til lítilla fyrirtækja væru í raun lán í íslenskum krónum og bundin gengi erlendra myntar. Af þeim sökum færú lánin gegn ákvæðum laga nr. 38/2001 um vexti og verðtryggingu. Hæstiréttur kvað upp tvo sambærilega dóma til viðbótar 8. mars 2011 þar sem fjallað var um lán í erlendum myntum. Með dómi, sem kveðinn var upp 9. júní 2011 með fjórum atkvæðum gegn þremur, taldi Hæstiréttur að lán í erlendra mynt til fyrirtækis væri í raun lán í íslenskum krónum og bundið gengi erlendra myntar.

Samstæðan tilkynnti hinn 15. júní 2011 að með nýlegum niðurstöðum Hæstaréttar hefði verið sett fordæmi sem samstæðan yrði að fylgja og að lánin sem falla undir skilyrði Hæstaréttar í niðurstöðum sínum yrðu endurreiknuð. Samstæðan hefur endurreiknað um 2.000 lán, bæði til einstaklinga og fyrirtækja. Endurútreikningurinn kemur til viðbótar endurreikningi gengistryggðra húsnæðislána árið 2010. Þannig er ljóst að bróðurpartur gengistryggðra lána samstæðunnar til einstaklinga hefur verið endurreiknaður í íslenskar krónur.

Hinn 15. febrúar 2012 kvað Hæstiréttur upp dóm í máli Frjálsa fjárfestingarbankans (Frjálsi). Í dómnum var tekið fram að lán sem eru dæmd ólöglegt gengistryggð lán megi endurreikna með óverðtryggðum vöxtum samkvæmt ákvörðun Seðlabanka Íslands en hins vegar sé Frjálsa ekki heimilt að krefja lántakanda um hærri vaxtagreiðslur af láninu en þá vexti sem lántakandi hefur í raun greitt, hafi hann greitt samkvæmt greiðsluseðlum Frjálsa. Þar sem dómurinn fjallaði um ágreining sem reis vegna sérstakra aðstæðna taldi samstæðan, á sínum tíma, að fordæmisgildi hans væri ekki alveg ljóst. Mat samstæðunnar á tapi af erlendu lánaþingi bankans vegna dómsins var 13,8 ma.kr. Við útreikning þessarar áætlunar valdi samstæðan að fylgja þeirri aðferðafræði sem mælt var fyrir um í mati á áhrifum unnið af FME. Af þeim fjórum möguleikum sem mælt er fyrir í greiningu FME hefur samstæðan valið þá mynd sem talin er endurspegla líklegustu túlkun dómsins.

Þann 18. október 2012 kvað Hæstiréttur upp dóm í máli Borgarbyggðar gegn Arion banka hf. Í málinu reyndi á nokkrar spurningar sem upp komu í kjölfar dóms Hæstaréttar frá 15. febrúar 2012, m.a. hvort meginreglan ætti við um lögaðila. Hæstiréttur beitti sömu meginreglu í þessu máli og í málinu frá dómnum í febrúar, þ.e. að fjármálafyrirtæki gæti ekki krafist hærri vaxta af lántakanda en lántakinn greiddi í raun samkvæmt greiðsluseðlum. Þetta átti við óháð því hvort um væri að ræða lögaðila eða ekki. Það er því hægt að segja að verulega hefur dregið úr óvissunni varðandi lögaðila sem upp kom í dómnum frá 15. febrúar.

Samstæðan tilkynnti hinn 2. nóvember 2012 að hún hefði ákveðið að endurreikna gengistryggð lán sem svipuðu til lána sem fjallað var um í dómnum frá 18. október 2012. Hin umræddu lán voru lán til einstaklinga og minni fyrirtækja þar sem vextir og höfuðstóll höfðu verið greiddir samkvæmt greiðsluseðli í samræmi við upphaflega skilmála lánsins.

96. frh.

Fyrsti dómur Hæstaréttar sem fjallaði um lögmæti láns í eigu Arion banka hf. var kveðinn upp 15. júní 2012, í máli bankans gegn Hætti ehf. Málið varðaði lögmæti lánasamnings félagsins þar sem lánsfjárhæð var tilgreind „að jafnvirði“ ákveðinni upphæð í íslenskum krónum. Lánsfjárhæðin var greidd til lántaka í erlendri mynt og meirihluti lánsins var endurgreiddur í erlendri mynt. Meirihluti Hæstaréttar komst að þeirri niðurstöðu að það væri lögmætt erlent lán, sérstaklega með hliðsjón af heiti lánasamningsins, tilgreiningu lánsfjárhæðar og vaxta og hvernig lánið var greitt út og hvernig endurgreiðslu var háttað, þar sem talið var að báðir aðilar hefðu uppfyllt skyldur sínar þar sem fjárhæðir í erlendri mynt höfðu farið milli aðila. Hæstiréttur komst að sömu niðurstöðu í dómi sínum frá 1. nóvember 2012, í máli Arion banka hf. gegn P. Árnason fasteignum ehf. Í því máli var lánsfjárhæðin tilgreind „að jafnvirði“ ákveðinni fjárhæð í íslenskum krónum; lánsfjárhæðin var greidd út til lántakanda í erlendri mynt en lánið hafði verið endurgreitt í íslenskum krónum. Í rökstuðningi Hæstaréttar var tekið fram að samkvæmt lánasamningnum milli aðila var ætlað að lántaki myndi endurgreiða lánið í erlendri mynt, óháð því hvort hann hafi í raun gert það. Þar sem báðir aðilar uppfylltu eða ætluðu að uppfylla skyldur sínar með því að erlend mynt skipti um hendur taldi Hæstiréttur að lánið væri lögmætt erlent lán. Samstæðan telur að sambærilegir lánasamningar hjá lögaðilum og einstaklingum hjá samstæðunni falli undir það fordæmi sem báðir þessar dómur gefa. Það er því ljóst að niðurstaða hefur fengist hjá dómstólum um lögmæti eða, í sumum tilvikum, ólögmæti meirihluta erlendra lána samstæðunnar, bæði hvað varðar einstaklinga og lögaðila. Aftur á móti verður að benda á það að dómstólar hafa ekki dæmt um allar tegundar erlendra lána samstæðunnar, en fyrrnefndir dómur, sem og dómur Hæstaréttar nr. 524/2011, hafa sýnt að mikill meirihluti lána og krafna samstæðunnar í erlendri mynt, sem nema 139.573 m.kr., telst löglegur.

Í ljósi fyrrnefndra dóma hefur samstæðan ákveðið að auka varúðarniðurfærslu frá 13,8 ma. kr. í 19,6 ma. kr.

#### *Samantekt*

Þó lagalegt gildi gengistryggðra lána hafi skýrst með þeim dómum Hæstaréttar sem fallið hafa frá því að samstæðan birti síðasta ársreikning sinn, stendur samstæðan enn frammi fyrir allnokkurri óvissu varðandi gengistryggð lán að þrennu leyti:

Í fyrsta lagi er óvissan um áætlunina á grundvelli túlkunar samstæðunnar á áhrifum Hæstaréttardómanna frá 15. febrúar og 18. október 2012. Þar ber fyrst að nefna óvissu um hvaða lán þarf að endurreikna með hliðsjón af niðurstöðu dómanna, en í öðru lagi ríkir óvissa varðandi þær forsendur sem notaðar voru í aðferðarfræði endurreiknings lána til viðskiptavina sem taldir voru falla undir dóminn. Eins og getið er hér að framan dregur það heldur úr þessari óvissu að stuðst var við aðferðafræði sem FME mælti fyrir um. Ef túlkun samstæðunnar á dómunum frá 15. febrúar og 18. október 2012 myndi breytast gæti tapið orðið meira eða minna en þeir 19,6 ma.kr. sem áætlanir gera nú ráð fyrir.

Í öðru lagi hafa verið gerðar kröfur um að gengistryggð lán til neytenda ættu, frá þeim degi sem þau voru endurreiknuð og þar til lánin eru endurgreidd, að bera samningsvexti en ekki óverðtryggða vexti útlána í íslenskum krónum samkvæmt ákvörðun Seðlabanka Íslands, eins og kveðið er á um í lögum nr. 151/2010. Þetta mun líklega ákvarðast af framtíðardómum, sem á þessum tíma er ekki hægt að spá fyrir um.

Í þriðja lagi ríkir lagaleg óvissa um niðurstöður framtíðarákvarðana og -löggjafar stjórnvalda sem getur krafist endurreiknings á öðrum flokkum erlendra lána sem samstæðan hefur ekki áður talið í hættu. Þetta verður ákveðið af framtíðardómum og aðgerðum stjórnvalda, sem á þessum tíma er ekki hægt að spá fyrir um. Nokkur óvissa ríkir enn um áhrif af framangreindum málum á bókfært virði lánasafns samstæðunnar í árslok að því er varðar gengistryggð lán.

Þrátt fyrir þetta telur samstæðan að varúðarfærsla vegna lána í erlendri mynt mæti að fullu líklegustu niðurstöðu.



## ► SKÝRINGAR VIÐ SAMSTÆÐUREIKNINGINN

### SKÝRINGAR VIÐ YFIRLIT UM SJÓÐSTREYMI SAMSTÆÐUNNAR

97. Sjóðstreymi vegna vaxta og arðstekna	2012	2011
Greiddir vextir .....	(23.865)	(22.364)
Móttæknir vextir .....	49.012	39.653
Móttæknar arðstekjur .....	25	7

Meðal greiddra vaxta eru vextir sem greiddir voru inn á innlánsreikninga í árslok.

#### 98. Rekstrarliðir sem ekki hafa áhrif á handbært fé:

Virðisaukning lána og krafna .....	(12.824)	(38.368)
Virðisrýrnun lána og krafna .....	17.514	27.424
Uppgjörssamningur við Kaupþing hf. ....	-	17.693
Afskriftir og niðurfærsla .....	1.436	957
Virðisrýrnun annarra eigna .....	-	60
Hlutdeild í tapi (hagnaði) hlutdeildarféлага og breytingar á gangvirði .....	(2.405)	(8)
Fjárfestingareignir, breytingar á gangvirði .....	(1.584)	(916)
Hreint gengistap (-hagnaður) .....	(1.434)	(1.837)
Hreint tap (hagnaður) af fjáreignum og fjárskuldum sem færðar eru á gangvirði yfir rekstur .....	(561)	(1.463)
Hreint tap (hagnaður) af sölu eignarhluta í hlutdeildarfélögum .....		
Hreint tap (hagnaður) af sölu varanlegra rekstrarfjármuna .....	(8)	(16)
Hreint tap (hagnaður) af sölu fjárfestingareigna .....	(8)	-
Virðisrýrnun vegna endurmats á gangvirði eignarhluta í félögum til sölu .....	-	2.027
Tap (hagnaður) af sölu fastafjármuna til sölu og aflagðrar starfsemi .....	-	(7.176)
	126	(1.623)

#### 99. Breytingar á rekstrartengdum eignum og skuldum sundurliðast sem hér segir:

Bindiskylda við Seðlabanka Íslands .....	(177)	(791)
Lán og kröfur til lánastofnana .....	(9.729)	10.928
Lán og kröfur til viðskiptavina .....	(3.498)	16.280
Skuldabréf og skuldagerningar .....	22.387	(18.845)
Hlutabréf og eiginfjárgerningar .....	(366)	(762)
Afleiðusamningar og fjárskuldir á gangvirði .....	7.514	3.302
Aðrar eignir .....	4.179	11.431
Skuldir við lánastofnanir og Seðlabanka Íslands .....	16.901	(33.282)
Innlán frá viðskiptavinum .....	(45.537)	4.993
Lántaka .....	5.451	(107)
Víkjandi skuldir .....	(19)	(1.181)
Aðrar skuldir .....	462	(5.409)
	(2.432)	(13.443)

#### 100. Handbært fé og ígildi handbærs fjár í árslok:

Handbært fé og óbundin innlán .....	29.746	29.200
Kröfur á lánastofnanir .....	84.164	62.175
Bindiskylda við Seðlabanka Íslands .....	(8.737)	(8.560)
<b>Handbært fé og ígildi handbærs fjár í árslok .....</b>	<b>105.173</b>	<b>82.815</b>

## ► SKÝRINGAR VIÐ SAMSTÆÐUREIKNINGINN

### ÁHÆTTUSTÝRING

#### Inngangur

Samstæðan stendur frammi fyrir ýmis konar áhættum sem tengjast viðskiptum hennar sem fjármálastofnun og stafa af daglegum rekstri. Áhættustýring er því grundvallarþáttur í starfi samstæðunnar. Grunnstoðir virkrar áhættustýringar felast í að greina verulega áhættu, að gefa áhættuskuldbindingum töluleg gildi, að grípa til aðgerða til þess að takmarka áhættu og að vakta stöðugt áhættu. Áhættustýringarferlið og geta samstæðunnar til þess að stýra og verðleggja áhættuþætti er ómissandi þáttur í að tryggja áframhaldandi arðsemi samstæðunnar, svo og til þess að tryggja að áhættu hennar sé haldið innan viðunandi marka.

Stjórn bankans ber endanlega ábyrgð á áhættustýringarkerfi samstæðunnar og ber að tryggja að viðunandi áhættustýringarferli og stefnumið séu ákvörðuð til þess að fylgjast með áhættuskuldbindingum samstæðunnar. Stjórn bankans felur áhættustýringu dótturfélaga í hendur viðkomandi dótturfélaga. Fyrir móðurfélagið (bankann) ákvarðar bankastjórnin áhættustefnuna. Áhættustefnan kemur fram í takmörkunum á áhættuskuldbindingum og mörkum sem áhættustýringarsvið bankans fylgist með.

Bankastjórnin ber ábyrgð á að viðhalda skilvirku áhættustjórnunarkerfi, áhættustefnu og eftirliti, svo og að viðhalda vitund starfsfólks um áhættu þannig að áhætta komi öllum við.

Á vegum bankans starfa nokkrar nefndir sem stýra áhættu. Endurskoðunar- og áhættunefnd stjórnar bankans ber ábyrgð á eftirliti með áhættustjórnunarkerfi bankans, áhættustefnu og innramatsferli á eiginfjárbörf. Eigna- og fjárhagsskuldbindinganefnd (ALCO), undir formennsku bankastjóra eða staðgengils hans, ber ábyrgð á umsjón með misvægi eigna og skulda, lausafjáraáhættu, markaðsáhættu, vaxtaáhættu og eiginfjárstýringu. Á vegum bankans starfa fjórar lánanefndir: Lánanefnd stjórnar, sem tekur ákvarðanir um allar meiriháttar áhættuskuldbindingar, lánanefnd Arion banka, sem starfar innan heimilda sem skilgreindar eru sem hlutfall af eigin fé bankans og svo fyrirtækjalánanefnd og útibúanefndir, sem hafa þrengri lánaheimildir.

Innri endurskoðun bankans annast sjálfstæðar úttektir á starfsemi bankans og nokkurra dótturfélaga, áhættustýringarkerfi, ferlum, stefnumiðum og mælingum. Innri endurskoðun ræðir niðurstöður sínar við stjórnendur og gefur skýrslu og tilmæli til endurskoðunar- og áhættunefndar stjórnar.

Áhættustýringarsvið bankans starfar undir stjórn framkvæmdastjóra áhættustýringar. Sviðið er sjálfstæð stjórnunareining og ber beina ábyrgð gagnvart bankastjóra. Áhættustýringarsvið skiptist í fimm einingar: Lánagreiningu, sem styður og vaktar lánveitingarferli; Útlánaeftirlit, sem fylgist með áhættuskuldbindingum gagnvart einstökum viðskiptavinum; Eiginfjárgreiningu sem ber ábyrgð á framkvæmd innra mats á eiginfjárbörf (ICAAP) bankans; Eignasafnsáhættu, sem fylgist með lausafjáraáhættu og áhættu gagnvart eignum og skuldum bankans á lánasafnsstigi, og Rekstraráhættu, sem fylgist með áhættu sem tengist daglegum rekstri bankans.

Helstu áhættur samstæðunnar eru útlánaáhætta þ.m.t. samþjöppunaráhætta, lausafjáraáhætta, gjaldeyrisáhætta, vaxtaáhætta og lagaleg áhætta. Þessar áhættur eru að mestu leyti innan móðurfélagsins. Dótturfélög bera áhættu af fasteignamarkaði og framtaksfjárfestingum, svo og af eignastýringar- og tryggingarstarfsemi.

Samstæðan ber að nokkru leyti áhættu vegna forsendna við mat á virði og árangri eigna í útlánabók sinni. Samstæðan hefur í einhverjum tilvikum fært niður lánasafn sitt til að mæta hugsanlegri virðisrýrnun. Samþjöppun lána hjá einstökum lántakendum í útlánabók samstæðunnar er enn mikil; samtala stórra áhættuskuldbindinga, að frádrögnum þeim tryggingum sem heimilt er að taka tillit til, var 60% af eiginfjárgrunni í árslok 2012, en var 87% í árslok 2011.

Samstæðan stendur enn frammi fyrir gjaldeyrisáhættu þótt verulegur árangur hafi náðst í að koma böndum á misvægi á árinu. Bankinn uppfyllir lögboðnar takmarkanir um gjaldeyrisójöfnuð.

Starfsemi samstæðunnar verður fyrir vaxtaáhættu vegna misræmis milli vaxtaberandi eigna og skulda.

Lausafjáraáhætta er stór áhættuþáttur í rekstri samstæðunnar vegna misræmis í binditíma eigna og skulda. Binditími útlána er lengri en binditími innlána, sem eru að meirihluta óbundin.

Samstæðan stendur frammi fyrir lagalegri áhættu sem tengist undanlegnum dómum um gengistryggð lán, sbr. skýringu 96.

Samkvæmt kröfum um upplýsingagjöf 3. stoðar Basel II, birtir bankinn upplýsingar um áhættu- og eiginfjárstýringu í sérstakri áhættuskýrslu á heimasíðu bankans í kjölfar aðalfundar. Skýrslan er óendurskoðuð.

## ▶ SKÝRINGAR VIÐ SAMSTÆÐUREIKNINGINN

### Útlánaáhætta

#### 101. Útlánaáhætta

Útlánaáhætta er sú áhætta að samstæðan verði fyrir tjóni ef viðskiptavinir hennar eða gagnaðilar standa ekki við samningsskuldbindingar sínar.

Útlánaáhætta verður til í hvert skipti sem samstæðan ráðstafar fjármunum sínum með þeim hætti að eigið fé hennar eða tekjur velta á efndum gagnaðila, útgefenda eða lántakenda. Uppruni útlánaáhattu er lánasafn samstæðunnar, skuldbindingar og ábyrgðir og afleiðusamningar.

Samstæðan stýrir útlánaáhattu með því að setja hámarksheimildir fyrir þá áhættu sem hún sættir sig við vegna einstakra gagnaðila og tengdra viðskiptavina og með því að fylgjast með áhættuskuldbindingum í samhengi við þessar heimildir.

Helsta eign samstæðunnar er lánasafn hennar. Því er stjórnun og greining lánasafnsins afar mikilvæg. Áhersla er lögð á gæði lánasafnsins með öguðu lánveitingarferli sem felst í vönduðum lánsúmsóknum, yfirferð óháðra aðila á lánatillögum, greiningu á gæði lánasafns yfir líftíma lána og við hugsanlegum eða raunverulegum vanskilum sem og virkri stjórnun á endurskipulagningu virðisrýnaðra lána.

Samstæðan leitast við að takmarka heildarútlánaáhattu sína með því að ná fram dreifingu í lánasafninu yfir atvinnugreinar og með því að takmarka áhættuskuldbindingar gagnvart hópum tengdra viðskiptavina. Sjá skýringu 109 fyrir viðbótarupplýsingar.

Verðlagning hvers nýs láns sem veitt er og lána sem koma til vegna endurskipulagningar virðisrýnaðra lána á að endurspegla þá áhættu sem tekin er. Á öllum stigum ber að vernda hagsmuni viðskiptavina og miklar líkur verða að vera á að viðskiptavinur muni geta endurgreitt lán sem hann tekur. Einkum mega gæði veðs aldrei vera eina ástæðan fyrir ákvörðun um lánveitingu.

102. Hámarksútlánaáhætta og samþjöppun útlána eftir atvinnugreinum

